# FRÉTTABLAÐIÐ

169. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. JÚLÍ 2018




Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, og Eliza Reid forsetafrú, sátu við hlið Piu Kjærsgaard, forseta danska þjóðþingsins og stofnanda Danska þjóðarflokksins, á hátíðarþingfundi sem haldinn var á Þingvöllum í gær í tilefni af 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Kjærsgaard er umdeildur stjórnmálamaður og ákváðu sumir þingmenn að ýmist mótmæla eða sniðganga fundinn vegna hennar, en allir helstu ráðamenn þjóðarinnar sóttu fundinn. Guðni Th. sæmdi Piu stórkrossi hinnar íslensku fálkaorðu í janúar 2017. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hærri kostnaður en hjá keppinautum

**Launakostnaður sem hlutfall af tekjum Icelandair Group er umtalsvert hærri en hjá helstu keppinautum flugfélagsins. Hlutfallið hefur hækkað ört. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir samkeppnishæfni útflutningsfyrirtækja hafa farið hratt þverrandi.**

**VIÐSKIPTI** Hlutfall launakostnaðar af tekjum Icelandair Group er talsvert hærra en sama hlutfall hjá helstu keppinautum flugfélagsins í Evrópu samkvæmt samantekt Fréttablaðsins. Umræddur kostnaður nam um 31,4 prósentum af tekjum íslenska flugfélagsins í fyrra en til samanburðar var hlutfallið 21,6 prósent hjá flugfélaginu SAS og 20,9 prósent hjá British Airways á síðasta rekstrarári félaganna.

„Stjórnendur félagsins þurfa að leita allra leiða til þess að lækka kostnað þess í íslenskum krónum,“ segir Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá Capacent.

Hlutabréf í Icelandair Group hafa lækkað um fjórðung í verði eftir að stjórnendur félagsins lækkuðu afkomuspá þess fyrir árið um þriðjung fyrr í mánuðinum.

**31%**
**var hlutfall launakostnaðar af tekjum Icelandair Group á síðasta ári.**

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að heilt yfir hafi kjarasamningar á almennum markaði leitt til þess að samkeppnishæfni íslenskra útflutningsfyrirtækja hafi farið hratt þverrandi á undanförnum árum. „Í raun erum við komin á þann stað að það fer að stefna í óefni. Samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja er ekki lengur til staðar,“ nefnir Halldór Benjamín.

Snorri bendir á að launakostnaður Icelandair Group hafi hækkað langt umfram tekjur á hverju ári undanfarin fimm ár. Ekkert fyrirtæki ráði við slíkar kostnaðarhækkanir til lengdar. **– kij /** **sjá síðu 10**



Svía vantar aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Skógareldarnir á yfir 80 stöðum

**SVÍÞJÓÐ** Umfangsmiklir skógareldar geisa nú um nær alla Svíþjóð. Talið er að eldar logi á minnst 80 stöðum, allt frá Stokkhólmi og norður í nyrstu sveitir, og er slökkvistarf í gangi á 37 stöðum. Svíar hafa notið aðstoðar Norðmanna og Ítala en þeir kölluðu eftir frekari aðstoð frá Evrópusambandinu. Hafa Frakkar ákveðið að senda tvær flugvélar til aðstoðar í dag. **– þea /** **sjá síðu 8**

## Ferðamennirnir færri en áður

**FERÐAÞJÓNUSTA** Merki eru um að ferðamenn stytti ferðatíma sinn hér á landi og ferðist því ekki eins langt frá höfuðborgarsvæðinu og þeir gerðu fyrir örfáum árum.

Merki eru um að svæðin fjærst höfuðborginni gjaldi fyrir þær breytingar. Guðmundur Ögmundsson, þjóðgarðsvörður í Ásbyrgi, segir sumarið í ár vera töluvert öðruvísi en undanfarin ár.

„Við erum að sjá mikla fjölgun gistinátta meðal íslenskra ríkisborgara og gæti það helgast af því að það hefur verið ágætisveður á þessum slóðum.

Hins vegar eru mun færri erlendir ferðamenn á þessum slóðum eins og til að mynda í fyrra. Við finnum töluverðan mun á því,“ segir Guðmundur. **– sa**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Framkvæmdastjóri SVÞ skrifar um frosna stjórnsýslu. 18

**SPORT** Haraldur Franklín hefur leik á Opna breska í dag. 22

**MENNING** Tón- og leikverkið Monument, verður frumflutt á hátíðinni LungA á Seyðisfirði. 32

**LÍFIÐ** Tónlistarkonan MIMRA gaf út „stop motion“ myndband og dvaldi í marga tíma í köldu vatni við tökur á því. 38




**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ALLT Í FERÐALAGIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hæg norðlæg eða breytileg átt í dag, skýjað og líkur á stöku skúrum, en skýjað með köflum suðvestan til. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast á Suðausturlandi. SJÁ SÍÐU 28

# Eltir storma með brimbrettið við hönd



Landsmönnum hefur orðið tíðrætt um sólarleysi þetta sumarið og margir elt sólina austur þar sem hún virðist ætla að halda kyrru fyrir. Aðrir halda frekar á vit ævintýranna ef marka má dreyminn brimbrettakappann sem arkar hér í átt að öldunum nyrst á Tröllaskaga. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Fleiri smitast af HIV-veirunni

**HEILBRIGÐISMÁL** Einstaklingum sýktum af HIV fjölgar ár frá ári í um fimmtíu ríkjum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sameiginlegrar áætlunar Sameinuðu þjóðanna gegn alnæmi (UNAIDS). Kemur þar einnig fram að helmingur þeirra sem nýlega hafa sýkst af HIV fái ekki viðeigandi meðferð.

Samkvæmt BBC hafa 37 milljónir manna sýkst af veirunni.

Sjúkdómurinn verður um um milljón manns að bana hvert ár og varar UNAIDS því sérstaklega við því að það sé að hægjast á baráttunni gegn útbreiðslu HIV. Í Vestur- og Mið-Afríku er ástandið einna verst og kemur fram í skýrslunni að þrjú af hverjum fjórum börnum sem smituð eru og þrír af hverjum fjórum fullorðnum fái ekki meðferð við sjúkdómnum. Ástandið sé einna verst í Nígeríu. **– þea**



Dómurinn féll í Héraðsdómi Suðurlands á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Ferðamaður í tíu mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Bandarískur ferðamaður á sjötugsaldri, Carl Edward Siegel, var í Héraðsdómi Suðurlands á föstudag dæmdur í tíu mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir manndráp af gáleysi. Honum var gefið að sök að hafa orðið valdur að banaslysi á Suðurlandsvegi um miðjan maí síðastliðinn.

Siegel neitaði sök við rannsókn málsins en játaði brot sitt fyrir dómi. Þá komst hann að samkomulagi við þann sem krafði hann um bætur. Bótakrafan hljóðaði í fyrstu upp á þrjár milljónir króna en var afturkölluð eftir að samkomulag náðist, og er upphæðin þar af leiðandi ekki tilgreind í dómi.

Siegel var hér á landi ásamt tveimur öðrum Bandaríkjamönnum. Hann var sakaður um að hafa ekið bíl sínum yfir á rangan vegarhelming með þeim afleiðingum að íslensk kona beið bana. Maðurinn var í framhaldinu úrskurðaður í farbann og dómur kveðinn upp á föstudag, en hann er skilorðsbundinn til tveggja ára. Konan sem lést lét eftir sig eiginmann, tvö börn og eitt barnabarn. **– sks**

Nýjar vörur frá geoSilica

Kísill Íslenskt kísilsteinefni
Renew Fyrir húð, hár og neglur
Recover Fyrir vöðva og taugar
Repair Fyrir bein og liði



Fæst í öllum helstu apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupum, Nettó, Fjarðarkaupum og vefverslun geoSilica.

Nánari upplýsingar má finna á www.geosilica.is

geoSilica ICELAND

# Færa farveg Elliðaánna við endurnýjun lagna

**Veitur vilja að hitaveitulagnir yfir Elliðaárdal fari undir farveg ánna í stað þess að vera í brúarstokki eins og nú. Þurrka þarf farvegina yfir framkvæmdatímann. Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík kallar nú eftir mati á umhverfisáhrifum.**

**UMHVERFISMÁL** Skrifstofa umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg kveðst ósammála því mati Veitna að aðeins óveruleg umhverfisáhrif fylgi því að leggja nýja hitaveitustokka undir Elliðaárnar.

Í framkvæmdalýsingu Veitna kemur fram að til skoðunar sé að veitulagnir þveri bæði austur- og vesturkvísl Elliðaánna við hliðina á núverandi hitaveitustokki. Þegar hefur verið grafið niður alla Ártúnsbrekkuna og allt að eystri kvíslinni.

Grafa þarf skurð sem þverar báðar kvíslarnar. Með athafnasvæði er sagt að heildarbreidd skurðstæðisins gæti verið um tólf til fjórtán metrar. Grafa á nýjan farveg fyrir árnar á meðan framkvæmdir standa yfir sem gert er ráð fyrir að taki um tvær vikur. Hentugur staður sem er til skoðunar fyrir framhjáhlaup er á milli stöpla undir núverandi lagnastæði fyrir hitaveitu.

„Gera má ráð fyrir að framhjáhlaup í austurkvíslinni þyrfti að vera í kringum 100 metra langt og að samsvarandi lengd núverandi farvegs færi á þurrt. Framhjáhlaup í vesturkvíslinni væri líklega styttra. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir væru utan veiðitíma og þekkts göngutíma laxfiska,“ segir í umsögn Hafrannsóknastofnunar um málið. „Líkur eru á að smádýr og fiskar leiti inn á raskað svæði í Elliðaánum af nærliggjandi svæðum og að lífríki komist í samt lag á tiltölulega stuttum tíma,“ segir þar enn fremur.

Hafrannsóknastofnun bendir á fjölmörg atriði sem hafa þurfi í huga varðandi framkvæmdina. „Er það mat Hafrannsóknastofnunar að áhrif á ferskvatnslífríki í Elliðaám verði talsverð en staðbundin og tímabundin og hafi því ekki alvarleg neikvæð áhrif til lengri tíma,“ segir í umsögninni að því gefnu að leiðbeiningum stofnunarinnar sé fylgt.



Ný hitaveitulögn á að fara úr núverandi stokkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Óhjákvæmilegt er að mikið umhverfisrask verði.**
>
> Skrifstofa umhverfisgæða

„Framkvæmdin er sannarlega mikilvæg fyrir starfsemi fráveitu, hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu í Reykjavík og ekki hjá því komist að hið gamla veitukerfi sem liggur í stokknum í Elliðaárdal fari í endurnýjun. Að mati USKR eru þó umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar sem kynnt er í fyrirspurn framkvæmdaaðila af þeim toga að skynsamlegast í stöðunni sé að framkvæma mat á umhverfisáhrifum,“ segir skrifstofa umhverfisgæða hins vegar.

„Óhjákvæmilegt er að mikið umhverfisrask verði, jafnvel þótt reiknað sé með að áhrifin verði að miklu leyti tímabundin. Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur er því ekki sammála framkvæmdaaðila um að það sé alveg ljóst að framkvæmdin muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.“

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík kveðst taka undir álit og rök skrifstofu umhverfisgæða. Embættið sé að undirbúa heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdalinn og von sé á vinnslutillögu þess efnis í haust. „Tekið er undir að fyrirhuguð framkvæmd Veitna sé mikilvæg fyrir starfsemi Veitna og ekki hjá því komist að gamla veitukerfið fari í endurnýjun,“ segir skipulagsfulltrúi sem óskar eftir samstarfi við Veitur og Orkuveituna um málið.

**gar@frettabladid.is**


GERÐU GÓÐ KAUP
KJARABÍLAR
ENGINN BIÐTÍMI!
TIL AFHENDINGAR STRAX!
Glæsilegir bílar á einstaklega góðum kjörum á www.bl.is í sumar
BMW X1
Fjórhjóladrifinn, dísil, sjálfskiptur.
Sérkjör: 6.790.000 kr.
Listaverð: 8.200.000 kr.
Reynslukasturbíll
ÞÚ SPARAR 1.410.000 kr.
RENAULT KANGOO II
100% rafbíll, 33 kWh, framhjóladr., ssk.
Sérkjör: 3.550.000 kr.
Listaverð: 3.850.000 kr.
ÞÚ SPARAR 300.000 kr.
RENAULT KOLEOS
Zen, fjórhjóladrifinn, dísil, beinsk.
Sérkjör: 4.990.000 kr.
Listaverð: 5.590.000 kr.
ÞÚ SPARAR 600.000 kr.
NISSAN JUKE
Acenta, dísil, beinskiptur
Sérkjör: 2.950.000 kr.
Listaverð: 3.250.000 kr.
ÞÚ SPARAR 300.000 kr.
SUBARU OUTBACK
LUX, Fjórhjóladrifinn, dísil, sjálfskiptur.
Sérkjör: 5.890.000 kr.
Listaverð: 6.290.000 kr.
ÞÚ SPARAR 400.000 kr.
NISSAN NAVARA
Acenta+, fjórhjóladrifinn, dísil, ssk.
Sérkjör: 6.350.000 kr.
Listaverð: 6.990.000 kr.
ÞÚ SPARAR 640.000 kr.
HYUNDAI TUCSON
Premium, fjórhjóladrifinn, dísil, beinsk.
Sérkjör: 5.290.000 kr.
Listaverð:6.290.000 kr.
ÞÚ SPARAR 1.000.000 kr.
Kynntu þér allt um Kjarabíla á www.bl.is
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L
Athugið að kjörin gilda eingöngu fyrir bíla sem til eru á lager og eru auglýstir á síðunni og í sumum tilfellum er einungis um að ræða einn bíl.
ENNEMM / SÍA / NM89046



Tyrklandsforseti. NORDICPHOTOS/AFP

## Nýtt upphaf í vændum

**TYRKLAND** Tveggja ára löngu neyðarástandi lýkur í Tyrklandi í dag. Recep Tayyip Erdogan forseti lýsti þessu neyðarástandi yfir eftir misheppnaða valdaránstilraun sem hann kenndi útlæga klerkinum Fethullah Gülen um. Á meðan á því stóð var 150.000 opinberum starfsmönnum sagt upp vegna meintra tengsla við hreyfingu Gülens og 77.000, grunaðir um tengsl við valdaránið, voru ákærðir. Mannréttindasamtök og yfirvöld á Vesturlöndum hafa gagnrýnt þessar aðgerðir forsetans mjög.

Erdogan var á dögunum endurkjörinn forseti í tímamótakosningum þar í landi sem mörkuðu nýtt upphaf í tyrkneskum stjórnmálum. Þingræðið er horfið á braut og í staðinn búa Tyrkir nú við forsetaræði. Meiri völd hafa sem sagt færst til forsetans.

Stjórnarandstæðingar sögðu við Reuters í gær að þótt neyðarástandið væri liðið undir lok myndi lítið breytast. Ný hryðjuverkalöggjöf Erdogans myndi færa honum nægileg völd til þess að þagga niður alla gagnrýni. „Þótt ríkisstjórnin reyni að selja þessa nýju löggjöf sem endalok neyðarástandsins er í raun verið að gera neyðarástandið varanlegt," sagði Ayhan Bilgen, talsmaður kúrdíska flokksins HDP. – þea

## Ekki ástæða til að óttast tollana

**VIÐSKIPTI** Verndartollar ESB á stálvörur, sem tilkynnt var um í gær, hafa ekki áhrif á útflutning á áli frá Íslandi til Evrópusambandsríkjanna.

EFTA-ríkin þurfa því ekki að óttast þessa verndartolla. „Slíkir verndartollar myndu hafa mikil áhrif hér á landi þar sem ESB er okkar helsti útflutningsmarkaður fyrir ál. EES-samningurinn mun því tryggja íslenskum álframleiðendum áframhaldandi aðgang að markaðnum," segir Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra. Evrópusambandið hefur tilkynnt um að 25 prósenta verndartollur yrði lagður á stálvörur frá og með deginum í dag. – sa

# Barry kominn á Sogn eftir þrjár vikur á Hólmsheiði

**FANGELSI** Barry Van Tuijl, fangi frá Hollandi, er kominn á Sogn eftir dvöl í tæpan mánuð í fangelsinu á Hólmsheiði þangað sem hann var fluttur vegna agabrots í opna fangelsinu á Kvíabryggju. Eins og Fréttablaðið greindi frá var Barry fluttur frá Kvíabryggju á Hólmsheiði eftir spjall við fyrrverandi samfanga á golfvellinum á Kvíabryggju. Flutningur úr opnu yfir í lokað fangelsi er mjög íþyngjandi fyrir fanga enda mun meira frjálsræði í opnum fangelsum.

Barry kærði ákvörðunina til dómsmálaráðuneytisins sem felldi ákvörðun Fangelsismálastofnunar úr gildi á þeim grundvelli að brotið hefði verið gegn meðalhófsreglu enda hefði mátt beita vægari agaviðurlögum. Skrifleg áminning eða takmörkun á heimsóknum hefðu átt betur við enda ekki um alvarlegt agabrot að ræða. Þá hafi Barry ekki verið látinn sæta agaviðurlögum áður.

„Það var ósk Barrys sjálfs að fara á Sogn frekar en snúa aftur að Kvíabryggju," segir Guðmundur St. Ragnarsson, lögmaður Barrys, aðspurður hvers vegna Barry snýr ekki aftur til Kvíabryggju eftir úrskurð ráðuneytisins. Sogn er annað tveggja opinna fangelsa hér á landi ásamt Kvíabryggju.

Í úrskurði ráðuneytisins er ekki loku fyrir það skotið að ákveða megi ný agaviðurlög fyrir Barry. „Mér finnst nú ólíklegt að hann fái ný agaviðurlög en það kemur í ljós," segir Guðmundur og bendir á að Barry hafi þegar verið vistaður með ólögmætum hætti í þrjár vikur á Hólmsheiði og hljóti því að teljast hafa tekið út næga refsingu. – aá



Barry Van Tuijl er nú kominn á Sogn að eigin ósk, eftir dvöl á Hólmsheiði.

# Fljúga með þungaðar konur norður vegna neyðarástands

**Flogið hefur verið með þungaðar konur á Sjúkrahúsið á Akureyri og von er á fleirum þangað. Konur veigra sér við að hafa samband við fæðingardeildir því þær vilja ekki trufla. Deiluaðilar funda í dag. Tvisvar þurfti að óska eftir undanþágu frá yfirvinnubanni ljósmæðra á Landspítalanum í gær.**

**KJARAMÁL** Tvívegis þurfti að óska eftir undanþágu frá yfirvinnubanni ljósmæðra á Landspítalanum í gær. Boðað hefur verið til nýs fundar í deilunni í dag og vonast ljósmæður eftir því að nýtt tilboð verði á borðinu.

Níu börn höfðu fæðst á Landspítalanum í gær þegar Fréttablaðið fór í prentun. Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs Landspítala, segir neyðarástand vera á fæðingardeildinni og mikilvægt sé að rofi til milli deiluaðila sem fyrst.

„Það er mikið álag á þeim starfsmönnum og við finnum einnig fyrir álagi og kvíða hjá verðandi mæðrum og fjölskyldum þeirra. Það viljum við ekki sjá. Einnig höfum við heyrt að verðandi mæður veigri sér við að hringja í okkur því þær telji sig vera að trufla okkur. Við viljum einmitt beina því til allra verðandi mæðra að hafa samband við okkur ef þær telja sig þurfa á þjónustu okkar að halda," segir Linda.

„Við höfum þurft í tvígang að óska eftir undanþágu frá yfirvinnubanni ljósmæðra. Það er neyðarástand og það skiptir öllu máli að deiluaðilar nái sáttum sem allra fyrst."

Edda Guðrún Kristinsdóttir, ljósmóðir á vakt á Sjúkrahúsinu á Akureyri, sagði neyðarmönnun fæðingardeildar sjúkrahússins þannig að ein ljósmóðir væri á vakt og önnur á bakvakt. Staðan væri viðráðanleg en ljóst að lítið þyrfti út af að bregða.

„Við erum að taka á móti konum frá Reykjavík sem Landspítali sendir frá sér vegna þeirrar stöðu sem upp er komin í Reykjavík. Þótt staðan sé slæm hér er hún verri í Reykjavík. Því höfum við verið að taka við konum frá þeim og von er á fleiri konum til okkar á næstu dögum," segir Edda. „Einnig misstum við eina ljósmóður í langtímaveikindi og því er mönnun hjá okkur afar knöpp.

Þetta er viðráðanlegt eins og staðan er núna en ég veit ekki alveg hvernig helgin verður."



Fæðingardeild Landspítalans er þétt setin og yfirfullt er á Akureyri. Von er á fleiri þunguðum konum til Akureyrar frá Reykjavík á næstu dögum. Mikið álag er á starfsfólki vegna kjaradeilunnar, sem enn er í hnút. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Bryndís Hlöðversdóttir



Katrín Sif Sigurgeirsdóttir

Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndar ljósmæðra, segir það hafa komið sér á óvart að boðað hafi verið til fundar í dag, fimmtudag, hjá ríkissáttasemjara. „Það hafði verið boðað til nýs fundar á mánudaginn í næstu viku og því kom þetta nokkuð á óvart. En við vonum þá að það sé eitthvað á borðinu," segir Katrín Sif.

Bryndís Hlöðversdóttir ríkissáttasemjari vildi ekki tjá sig um hvort til stæði að hún legði fram sáttatillögu á fundinum eða að nýtt tilboð væri væntanlegt frá samninganefnd ríkisins.

„Ég get ekki tjáð mig um efni fundarins og deilan leysist við borðið en ekki í fjölmiðlum. Hins vegar taldi ég eðlilegt í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi að efna til fundar með það að markmiði að deiluaðilar nái saman," segir Bryndís.

sveinn@frettabladid.is





# Sjúkraflug um 2 prósent allra flutninga

**SAMGÖNGUR** Sjúkrabifreiðar annast langstærstan hluta sjúkraflutninga eða um 98 prósent þeirra. Tvö prósent flutninganna voru með sjúkraflugi, ýmist flugvélum eða þyrlum.

Ófullnægjandi skráning sjúkraflutningsaðila í sjúkraflugi gerir það að verkum að heilbrigðisráðherra getur ekki svarað fyrirspurn Björns Levís Gunnarssonar með nægilega ítarlegum hætti um sjúkraflug árið 2017. Það ár var met slegið í fjölda sjúkrafluga á landinu.

Spurði þingmaðurinn um meðalferðatíma og hvernig ferðatíminn skiptist milli ferðamáta. „Ekki lágu fyrir nægilega traustar upplýsingar um nema 273 sjúkraflutninga af þeim 865 sem spurningin nær til vegna ófullnægjandi skráninga hjá sjúkraflutningsaðilum," segir í svari ráðherrans.

Af þessum 273 sjúkraflugferðum var meðaltíminn 111 mínútur. Meðaltíminn í sjúkrabíl að flugvelli var 55 mínútur, flugferðin sjálf var 41 mínúta að meðaltali og 15 mínútur tók að koma sjúklingi á sjúkrahús úr fluginu.

Lengsta sjúkraflugið í fyrra stóð yfir í tæpan fimm og hálfa klukkustund. „Í því tilfelli þurfti að bíða lengi eftir sjúklingi á upphafsflugvelli þar sem illa gekk að gera ástand sjúklings nægilega stöðugt til flutnings," segir í svari heilbrigðisráðherra. – sa





Aðeins eru til traustar upplýsingar um 273 sjúkraflutninga af 865 árið 2017.


ÚTSALA
50%
afsláttur af öllum
vörum
ÚTSALA
50%
afsláttur af öllum
útsöluvörum
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410
Mathilda
Kringlunni
552 8600
BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242



Þingmenn og ráðherrar koma gangandi niður Almannagjá. Fremst ganga Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Flestir ráðamenn þjóðarinnar sóttu hátíðarfundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hátíðargestur virðir fyrir sér veglegan pallinn og sviðið sem sett voru upp á Þingvöllum. Áætlaður kostnaður við fundinn er um 70 til 80 milljónir króna.



Dorrit Moussaieff, fyrrverandi forsetafrú, fékk lánaðan íslenskan fjárhund úr hópi áhorfenda. Degi íslenska fjárhundsins var einmitt fagnað í gær.



Helga Vala Helgadóttir og Grímur Atlason, eiginmaður hennar, mættu á hátíðarkvöldverð á Hótel Sögu að athöfn lokinni. Pia Kjærsgaard var einnig viðstödd kvöldverðinn en Helga Vala gekk út af athöfninni á Þingvöllum vegna Piu.

# Hátíðarþingfundur í skugga mótmæla

**Píratar ákváðu að sniðganga hátíðarfund Alþingis á Þingvöllum í gær vegna þess að forseti danska þingsins, hin umdeilda Pia Kjærsgaard, fékk það hlutverk að flytja hátíðarræðu. Hluti þingmanna mótmælti skoðunum Kjærsgaard með öðrum hætti.**

**ALÞINGI** Hátíðarþingfundur Alþingis í tilefni fullveldisafmælisins fór fram á Þingvöllum í gær en þá voru 100 ár liðin frá undirritun sambandslaganna. Á fundinum samþykktu þingmenn þingsályktunartillögu um stofnun Barnamenningarsjóðs og byggingu nýs hafrannsóknaskips.

Þingflokkur Pírata ákvað að sniðganga fundinn í mótmælaskyni við aðkomu Piu Kjærsgaard, forseta danska þingsins, að fundinum. Pia var sérstakur heiðursgestur og flutti hátíðarræðu. Hún hefur verið forseti danska þingsins síðan 2015 en er þekktust sem fyrrverandi leiðtogi Danska framfaraflokksins og síðar Danska þjóðarflokksins.

Pia hefur í gegnum tíðina verið afar umdeildur stjórnmálamaður, aðallega vegna andstöðu hennar við innflytjendur. Í ályktun þingflokks Pírata segir að óforsvaranlegt sé að bjóða einum helsta höfundi og talsmanni útlendingaandúðar í Evrópu að ávarpa Alþingi.

Jón Þór Ólafsson, fulltrúi Pírata í forsætisnefnd, segir að málið hafi fyrst verið rætt í forsætisnefnd í fyrradag. Hann segir eðlilegt að svona mál séu kynnt sérstaklega í nefndinni með góðum fyrirvara. Það eina sem finnist á vef þingsins sé frétt frá 20. apríl síðastliðnum þar sem greint var frá heimsókn forseta Alþingis til danska þingsins. Í lok þeirrar fréttar komi fram að Pia muni ávarpa hátíðarfundinn.

„Það er ekki til sameiningar að hafa þessa konu þarna. Þetta er rosalega slæmt og leiðinlegt. Mig grunar sterklega að þetta hafi ekki verið kynnt af því að það hafi verið búist við sterkum viðbrögðum,“ segir Jón Þór.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir að ekki megi blanda saman persónunni og embættinu. Piu hafi verið boðið sem fulltrúa danska þingsins vegna síns embættis, enda hafi þjóðþing landanna tveggja gegnt lykilhlutverki við gerð sambandslaganna. „Það hefur legið lengi fyrir að hún kæmi vegna þessara hátíðarhalda.“

Þá sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, á Facebook-síðu sinni að þótt hann deildi ekki skoðunum Piu væri það óskylt lýðræðinu að virða ekki embætti danska þingsins. Það að vilja útiloka forseta danska þingsins frá hátíðarfundinum væri yfirlæti og beinlínis dónaskapur.

Margir þingmenn notuðu tækifærið til að lýsa yfir andstöðu við skoðanir Piu. Þannig gekk Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, í burtu þegar Pia hóf ræðu sína. Þingmenn Samfylkingar og Viðreisnar, auk tveggja þingmanna Vinstri grænna báru límmiða sem á stóð „Nej til racisme“ eða „Nei við kynþáttafordómum“.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, hélt hluta ræðu sinnar á dönsku. „Ég minni á að eitt af okkar mikilvægustu verkefnum er að sýna meðbræðrum okkar um allan heim, sem þurfa nú að flýja fátækt og stríð, kærleik og samkennd óháð trú eða litarhætti,“ sagði Logi. Lögregla fjarlægði tvo mótmælendur af svæðinu en þeir trufluðu ræðuhöld með gjallarhornum. **sighvatur@frettabladid.is**




Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

# Taxfree* af öllum leikföngum

# Dagana 19.-22. júlí

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

24 Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP Meira svona alla daga



**Gleðin við völd.** NORDICPHOTOS/AFP

## Friðardúfan flaug til Erítreu

**ERÍTREA** Fyrsta farþegaflug á milli Eþíópíu og Erítreu í tuttugu ár var farið í gær. Flugfélagið Ethiopian Airlines flaug þá til Erítreu og líkti flugvélinni við „friðardúfu“. Í samtali við BBC sagðist flugmaðurinn, Yosef Hailu, „í skýjunum“ yfir þessu öllu saman.

Allt frá því Abiy Ahmed varð forsætisráðherra Eþíópíu í apríl hefur hann einbeitt sér að því að koma á raunverulegum og varanlegum friði á milli ríkjanna. Ríkin áttu í tveggja ára löngu stríði frá 1998 til 2000 sem kostaði allt að hundrað þúsund lífið. En friður fylgdi ekki í stríðslok heldur áttu ríkin í hörðum landamæradeilum allt fram að 9. júlí síðastliðnum.

Fyrrverandi forsætisráðherra Eþíópíu líkti þessu flugi við „töfrastund“ fyrir ríkin tvö. **– þea**

## Sló út í réttinum

**KENÍA** Rafmagnslaust varð í dómsal í Milimani-dómstólnum í Naíróbí, höfuðborg Kenía, á meðan réttað var yfir fjórtán núverandi og fyrrverandi yfirmönnum ríkisrekna orkufyrirtækisins Kenya Power. Föstum skotum var skotið á Kenya Power á Twitter og var fyrirtækið jafnvel sakað um að taka rafmagnið af húsinu til þess að tefja réttarhöldin. Því neitaði Kenya Power þó og sagði að vandamálið mætti líklega rekja til skemmdra raflagna í húsinu sjálfu.

Ákæran á hendur yfirmönnunum er í sex liðum og eru þeir meðal annars sakaðir um að hindra framgang réttvísinnar, að ofrukka viðskiptavini og um illa meðferð almannafjár. Sakborningarnir voru handteknir á sunnudaginn. **– þea**

# Skógareldar um alla Svíþjóð

**Skeytingarleysi, hitabylgja og þurrkar valda umfangsmiklum skógareldum sem geisa um nærri gjörvalla Svíþjóð. Ástandið þykir einna verst í Dölunum, Jämtlands- og Gävleborgarlénum. Ítalskar vélar börðust við elda í gær en Svíar biðja um meiri hjálp. Frakkar svara kallinu og senda tvær flugvélar til Svíþjóðar í dag.**




**Svíar glíma við umfangsmikla skógarelda um þessar mundir. Þeir hafa kallað eftir aðstoð frá Evrópusambandinu.**

**SVÍÞJÓÐ** Tvær ítalskar flugvélar bættust í gær við slökkvistarfið í Svíþjóð þar sem fjölmargir skógareldar hafa geisað að undanförnu. Flugvélarnar verða notaðar þar í landi í rúma viku en Svíar njóta þar að auki aðstoðar frá áhöfnum átta norskra þyrla. Ítölsku vélarnar eru af gerðinni Canadair CL-415s og munu varpa niður sex þúsund lítrum af vatni í hverri ferð.

Svíar kölluðu í gær eftir frekari aðstoð frá Evrópusambandinu. „Við höfum beðið um að fleiri þyrlur og flugvélar verði sendar og bíðum nú eftir því að fá svar við því hvort mögulegt sé að fleiri ríki veiti okkur aðstoð,“ sagði Britta Ramberg frá sænsku almannavarnastofnuninni MSB við fréttastofu TT í gær. Orðið var við bóninni og ákváðu Frakkar að senda tvær flugvélar. Fyrirhugað er að þær lendi í Svíþjóð í dag.

Greint hefur verið frá því að um eldar geisi nú á 80 stöðum í Svíþjóð, allt frá Stokkhólmi og norður í nyrstu sveitir. Sænska ríkisútvarpið SVT sagði í gær frá því að slökkvistarf væri í gangi á 37 stöðum.

Á upplýsingasíðu sænskra almannavarna hafa tilkynningarnar hrannast inn. Í gær var sett inn tilkynning um að eldur sem kom upp hjá æfingasvæði sænska hersins í Trängslet í Älvdalen breiddi hratt úr sér og voru íbúar í næsta nágrenni hvattir til að yfirgefa svæðið. Á þriðjudag voru svo íbúar í Härjedalen í Jämtland og Kårböle, Enskogen og Ljusdal í Gävleborg hvattir til hins sama.

Helstu orsakir þessara hamfara eru annars vegar söguleg hitabylgja í Norður-Evrópu og svo miklir þurrkar á sama tíma. Vindar geri slökkvistarf erfitt og geri eldinum auðveldara fyrir að breiðast út. Maímánuður var sá heitasti í skráðri veðurfarssögu Svíþjóðar og þótt júní hafi verið svalari hefur júlí reynst erfiður. Jafnvel norður í Kiruna í Lapplandi fór hitinn í 30 gráður í gær. Þurrkarnir hafa sömuleiðis verið langvarandi og MSB varaði til að mynda við því í maí að mikil hætta væri á skógareldum. Var þá lagt blátt bann við því að kveikja elda víða.

Svo virðist sem fjölmargir Svíar hafi ekki hlýtt viðvöruninni. SVT greindi frá því í vikunni að allnokkrir eldar hefðu kviknað út frá einnota grillum. „Eldbannið nær til allra opinna elda. Við fáum af og til tilkynningar um að fólk hundsi bannið og kveiki til að mynda á grillinu. Við reynum að upplýsa útilegufólk en tjaldstæði hafa meira að segja beðið um sérstaka heimild til að leyfa gestum að grilla. Því höfnuðum við,“ hafði SVT eftir yfirmanni björgunarstarfs í Karlstads.

Þótt fjölmargir slökkviliðsmenn og hermenn og hundruð sjálfboðaliða reyni nú að ráða niðurlögum eldanna hefur verið gagnrýnt að Svíar hafi hreinlega ekki verið undirbúnir undir að takast á við ástandið. Könnun sem landssamtök slökkviliðsmanna lagði fyrir slökkviliðsmenn leiddi í ljós að starfið nú sé óskilvirkara og verr undirbúið en þegar eldar geisuðu á 150 ferkílómetra svæði í Västmanland 2014.

Í gærmorgun og á þriðjudagskvöld birtust tilkynningar frá MSB þar sem fram kom að ekki væri hægt að senda þyrlur til Trängslet þar sem starfsfólk væri í sumarfríi. Johan Szymanski, yfirmaður björgunarstarfs á staðnum, sagði svo á Twitter í gærmorgun að MSB og sænski herinn þyrftu að taka sig á. „Það að einhver sé í fríi er ekki ástæða til að hjálpa ekki. Þið ættuð að skammast ykkar! Landið brennur!“

Þessu svaraði Dan Eliasson, yfirmaður MSB, í viðtali við SVT. „Þegar við höfum ekki nægan tækjabúnað og mannafla veldur það okkur pirringi, bæði mér og Johan. En nú þegar tæki okkar eru fullnýtt og fleiri á leiðinni mun okkur takast að snúa þessu við,“ sagði Eliasson og hafnaði því að MSB þyrfti að skammast sín.

**thorgnyr@frettabladid.is**





brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is


KRÓNAN
ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK
#Grillsnilld
100% hamborgara-búðin þín!
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.
NÝ AÐFERÐ
Betri hamborgari!
alltaf 2 stk. í pakka
Nýtt!
GOURMET
GRÁÐAOSTA
BORGARAR
BEIKON
NORÐLENSKA
CHILI-PIPAR
Fylltir hamborgarar, 2x120 g
599 kr. pk.
VEGAN
vegan
HAV SALT
SOUR CREAM & ONION
FABRIKKU SMÁBORGARAR
12 stk. í pakka
Grænmetisbuff, vegan, 4 stk.
699 kr. pk.
Gestus snakk, 175 g
149 kr. pk.
12 smáborgarar og brauð,
Fabrikkusósa, salt og pipar
1999 kr. pk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 15. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Laun hækkað talsvert umfram tekjur

**Launakostnaður sem hlutfall af tekjum Icelandair Group er umtalsvert hærri en hjá helstu keppinautum flugfélagsins. Hlutfallið hefur hækkað hratt á undanförnum tveimur árum. Sérfræðingur segir ekkert fyrirtæki ráða við viðlíka kostnaðarhækkanir til lengdar.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Hlutfall launakostnaðar af tekjum Icelandair Group er talsvert hærra en sama hlutfall helstu keppinauta flugfélagsins í Evrópu samkvæmt samantekt Fréttablaðsins. Umræddur kostnaður nam um 31,4 prósentum af tekjum íslenska flugfélagsins í fyrra en til samanburðar var hlutfallið 21,6 prósent hjá norræna flugfélaginu SAS og 20,9 prósent hjá breska flugfélaginu British Airways á síðasta rekstrarári félaganna.

„Stjórnendur félagsins þurfa að leita allra leiða til þess að lækka kostnað þess í íslenskum krónum,“ segir Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá Capacent.

Launakostnaður Icelandair Group, sem er stærsti kostnaðarliður félagsins, nam ríflega 445 milljónum dala, sem jafngildir um 47 milljörðum króna, á síðasta ári og hækkaði um 26 prósent á milli ára. Hlutfall kostnaðarins af tekjum var 31,4 prósent en hlutfallið hefur hækkað hratt á undanförnum tveimur árum. Það var 24,6 prósent árið 2015 og 27,4 prósent árið 2016.

Snorri bendir á að launakostnaður félagsins hafi hækkað langt umfram tekjur á hverju ári undanfarin fimm ár. Samt sem áður hafi tekjur vaxið mikið. Ekkert fyrirtæki ráði við slíkar kostnaðarhækkanir til lengdar. Það sé einfaldlega ekki sjálfbært.

„Steininn tók úr á árunum 2016 og 2017 þegar launakostnaður hækkaði um tugi prósenta umfram tekjuaukningu,“ segir hann. Á sama tíma hafi launakostnaður sem hlutfall af tekjum farið úr 24,6 prósentum í 31,4 prósent.

Að hótelrekstri samstæðunnar – Icelandair Hotels – undanskildum var launakostnaður 30,2 prósent af tekjum Icelandair Group á síðasta ári. Hlutfallið var hvergi hærra á meðal stærstu flugfélaga í Evrópu og keppinauta íslenska félagsins. Næsthæst var það hjá franska flugfélaginu Air France KLM eða 29,6 prósent en lægst var það hjá ungverska lággjaldaflugfélaginu Wizz Air eða aðeins 7,6 prósent.

Fyrrnefnda félagið hefur gripið til ýmissa aðhaldsaðgerða til þess að ná launakostnaðinum niður, við litlar vinsældir franskra verkalýðshreyfinga, en verkfallsaðgerðir af hálfu starfsmanna félagsins hafa kostað það yfir 400 milljónir evra, jafnvirði um 50 milljarða króna, það sem af er árinu.

WOW air hefur ekki birt ársreikning fyrir síðasta ár en árið 2016 var launakostnaður ríflega 14,8 prósent af tekjum félagsins.

Þó ber að taka fram að samanburðurinn á milli flugfélaga er ýmsum vandkvæðum bundinn, enda er ekki fyllilega sambærilegt á milli félaga hvaða greiðslur teljast til launakostnaðar. Jens Þórðarson, framkvæmdastjóri Icelandair, sagði til dæmis í viðtali við Viðskipta-Moggann fyrr í mánuðinum að á meðan um 1.500 starfsmenn störfuðu á launaskrá Icelandair við hina ýmsu þjónustu á Keflavíkurflugvelli væri sama þjónusta aðkeypt hjá mörgum flugfélögum, til dæmis WOW air.

### Fíllinn í herberginu

Snorri segir Icelandair Group hafa notið góðs af ytri aðstæðum á árunum 2011 til 2015. Raungengi hafi verið sögulega lágt og launakostnaður því lægri og samkeppni á flugmarkaði minni. Samkeppnisstaðan hafi hins vegar versnað hratt þegar gengi krónunnar hafi tekið að styrkjast.

„Stjórnendur félagsins þurfa að leita allra leiða til þess að lækka kostnað þess í íslenskum krónum, hvort sem þeir gera það með því að útvista hluta starfseminnar eða með öðrum sparnaðaraðgerðum,“ segir Snorri.

„Samkeppnin er hörð og flugfélög keppa í verðum. Of mikill kostnaður leiðir til þess að félagið verður undir í verðsamkeppninni.“

Ekki sé hægt að treysta á að samkeppnin minnki. Stjórnendurnir verði að ná tökum á launakostnaðinum.

Greinendur hafa lýst yfir áhyggjum af hækkandi launakostnaði íslenska flugrisans og sagt kostnaðinn vera „fílinn í herberginu“. Þannig var 31 prósents hækkun kostnaðarins á fyrsta fjórðungi ársins langt umfram væntingar sérfræðinga. Sagði hagfræðideild Landsbankans þróunina áhyggjuefni.

„Launakostnaður í flugi er reyndar alþjóðlegt áhyggjuefni en Icelandair má síst við miklum hækkunum,“ sagði í viðbrögðum sérfræðinga Landsbankans við uppgjöri félagsins. Bentu þeir jafnframt á að útlit væri fyrir að launakostnaðurinn hækkaði um ríflega 100 milljónir dala á þessu ári.

Í afkomutilkynningu Icelandair Group var tekið fram að helmingur hækkunarinnar á launakostnaði skýrðist af styrkingu krónunnar gagnvart Bandaríkjadal, en nær allur launakostnaður samstæðunnar er í krónum.

Þá hafi stöðugildum samstæðunnar fjölgað á tímabilinu og laun samkvæmt samningum hækkað. Fjölgun stöðugilda megi rekja til annars vegar fjölgunar áhafna vegna vaxtar félagsins og hins vegar til þess að ákveðið hafi verið að „vinna ákveðnu vinnu með eigin starfsmönnum í stað þess að kaupa þjónustuna af þriðja aðila“.

### Gengur ekki til lengdar

Eins og kom fram í vorhefti Peningamála Seðlabanka Íslands hefur launakostnaður íslenskra fyrirtækja hækkað mun meira en meðaltalið í öðrum ríkjum OECD á síðustu árum.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, bendir á að launakostnaður íslenskra fyrirtækja, mældur erlendri mynt, hafi hækkað um meira en helming á umliðnum árum enda hafi krónan styrkst samhliða miklum launahækkunum.

„Það sjá allir menn í hendi sér að það getur ekki gengið til lengdar og mun að sjálfsögðu koma niður á samkeppnishæfni þessara fyrirtækja sem eru í erlendri samkeppni og er nú þegar byrjað að gera það,“ segir Halldór Benjamín.




Icelandair Group hefur þurft að glíma við miklar hækkanir á olíuverði og launakostnaði á undanförnum misserum. Stjórnendur flugfélagsins lækkuðu nýverið afkomuspá þess fyrir árið um þriðjung. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hlutfall launakostnaðar af tekjum flugfélaga í fyrra




> **Stjórnendur félagsins þurfa að leita allra leiða til þess að lækka kostnað þess í íslenskum krónum.**
>
> Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá Capacent



**31%**
**var hlutfall launakostnaðar af tekjum Icelandair Group á síðasta ári.**

# Verð á laxi fallið um 35 prósent á níu vikum

Verð á laxi hefur lækkað um 35 prósent á níu vikum eftir að hafa náð miklum hæðum í vor. Samkvæmt umfjöllun norska fréttamiðilsins Salmon Business eru ekki horfur á því að verðið taki við sér fyrr en seint í haust. Þar er verðlækkunin rakin til aukningar í slátrun á eldislaxi í Noregi sem á síðustu átta vikum flutti út 16 prósent meira af laxi en á sama tímabili í fyrra. Kjartan Ólafsson, stjórnarformaður Arnarlax, segir að til lengri tíma litið sé útlit fyrir að eftirspurn vaxi hraðar en framboð.

„Eftirspurnin hefur að jafnaði verið að vaxa hraðar og að því leyti höfum við ekki áhyggjur af skammtímasveiflum,“ segir Kjartan. Hann segir að Arnarlax, sem er stærsta laxeldisfyrirtæki landsins, sé jafnframt varið fyrir skammtímaverðsveiflum í gegnum framvirka samninga annars vegar og afhendingarsamninga við viðskiptavini hins vegar. Norska félagið SalMar er stærsti hluthafinn í Arnarlaxi með á 49 prósenta hlut í gegnum félagið Salmus AS. **– tfh**



Arnarlax er varið fyrir verðsveiflum.

# Nasdaq hættir að birta hluthafalista

Kauphöllin, Nasdaq Iceland, hefur ákveðið að hætta að birta og senda út lista yfir tuttugu stærstu hluthafa í þeim hlutafélögum sem eru með hlutabréf sín í viðskiptum á hlutabréfamarkaði Kauphallarinnar.

Ákvörðunin er tekin með hliðsjón af nýjum persónuverndarlögum en Kauphöllin telur að útsending og birting listans með núverandi fyrirkomulagi uppfylli ekki skilyrði laganna.

Skráðum hlutafélögum var greint frá ákvörðun Kauphallarinnar í tölvupósti og fá þau helming árgjaldsins endurgreiddan vegna breytinganna.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, segir í samtali við Fréttablaðið að félögin sjálf geti áfram birt listana á heimasíðum sínum en leita þurfi samþykkis frá viðkomandi hluthöfum.

„Þau geta haft frumkvæði að því sjálf ef eftirspurn frá fjárfestum og vilji hjá hluthöfum eru fyrir hendi,“ segir Páll.

Hann segir að upplýsingagjöfin verði að öðrum kosti með svipuðu móti og á erlendum hlutabréfamörkuðum. Áfram verði sendar tilkynningar um viðskipti fjárhagslega tengdra aðila og um það þegar eignarhlutir í félögum fara yfir tiltekin mörk. Þær upplýsingar séu birtar í samræmi við lög um verðbréfaviðskipti.

„Þess konar upplýsingar eru birtar til þess að markaðurinn sé upplýstur um hreyfingar og viðskipti hjá aðilum sem hafa mestu áhrifin á stjórnun félaganna. Ég tel að slík upplýsingagjöf sé fullnægjandi,“ svarar Páll þegar hann er spurður hvaða skoðun Kauphöllin hafi á því að ráðast þurfi í breytingarnar.

Eitt skráð hlutafélag, fasteignafélagið Reginn, hefur tekið listann yfir tuttugu stærstu hluthafa úr birtingu á heimasíðu sinni. Á heimasíðu annarra félaga má enn sjá listana en mismunandi er hvenær þeir voru síðast uppfærðir; sumir í júlí en aðrir í júní. **– tfh**



Hluthafalistar heyra sögunni til.





# Heima

Fáðu þér Heima, allt í einum pakka fyrir heimilið.
Bestu fjarskiptin sem við höfum upp á að bjóða
og sjónvarpsáskrift sem hentar þér.

**Verð frá 12.990 kr. á mánuði.**

**Kynntu þér málið á Vodafone.is**

## Afþreying

- Þú velur á milli: Stöð 2, Stöð 2 Maraþon, Stöð 2 Sport, Golfstöðin, Skemmtipakkinn, Sportpakkinn eða Risapakkinn.

MARAÞON Krakkar BÍÓ SPORT Golfstöðin hopster CIRKUS

**+ yfir 60 erlendar stöðvar**

## Nýr Samsung UHD/4K myndlykill

- Vodafone Sjónvarp
- Leigan, Frelsi, Tímavél og Vodafone PLAY appið

## Internet

- 1000 Mb/s, ávallt mesti hraði
- Ótakmarkað gagnamagn

## Heimasími

- Ótakmarkað í alla farsíma og heimasíma á landinu
- Ótakmarkaðar mínútur til útlanda

Framtíðin er spennandi.

**Ertu til?**

vodafone

Náttúrulega Ísland



Þéttur hópur freistar þess að klífa Miðþúfu í miðnætursól í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sumarnætur á Snæfellsjökli

**Tómas Guðbjartsson** læknir og náttúruunnandi og **Sigtryggur Ari Jóhannsson** ljósmyndari fjalla um sérstæðar perlur í íslenskri náttúru.

Snæfellsjökull gæti hæglega verið frægastur íslenskra jökla. Um hann er skáldverk Jules Verne, Leyndardómar Snæfellsjökuls, frá árinu 1864 auk þess sem saga Halldórs Laxness Kristnihald undir Jökli gerist að mestu í grennd við jökulinn.

Á toppi fjallsins er gígbrún sem rís hæst á suður- og austurbarmi. Þar eru líka jökulþúfurnar þrjár, Vesturþúfa, Norðurþúfa og Miðþúfa sem er hæst, 1.446 metra há. Upp á Miðþúfu má klifra. Það er þó helst fyrir vanara fjallafólk sem kann að beita sér í ísklifri.

Það er tiltölulega auðvelt að ganga á Snæfellsjökul og ekki er síðra að ferðast á fjallaskíðum. Við mælum sérstaklega með miðnæturferð yfir hásumarið þegar nætur eru bjartar og spáin er góð. Aðeins tekur um tvo tíma að komast að fjallsrótum frá höfuðborginni. Gangan upp og niður tekur vanalega innan við sex klukkustundir. Rétt er að hafa með mannbrodda, ísöxi, göngubelti og línu, enda geta verið sprungur á leiðinni, sérstaklega efst. Almennt er þó Snæfellsjökull lítið sprunginn nema vestast. Þess vegna er yfirleitt gengið á jökullinn úr austri, oftast frá jeppavegi sem liggur upp frá Arnarstapa fram hjá Sönghelli.

Skynsamlegt er að halda sig sunnan á jöklinum vegna sprungna. Þegar komið er að rótum Miðþúfu skyldi varast að fara of nærri brúninni sem vísar í norðvestur. Þar er þverhnípt niður á krosssprunginn jökul.





Hér sjást þúfurnar greinilega. Frá höfuðborginni geta þær virst vera gígbarmar.

**Það er er tiltölulega auðvelt að ganga á Snæfellsjökul og ekki er síðra að ferðast á fjallaskíðum.**



Morgunsólin tekur að verma þúfurnar þrjár. Slóðin eftir troðarann er greinileg.







**20% AFSLÁTTUR AF BIOTHERM
DÖMU- OG HERRAVÖRUM 19. – 25. JÚLÍ.**

HAGKAUP
*Meira svona alla daga*

- ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR - RÝMINGARSALA - ALLT AÐ 66% AF...



Allt að 50% afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:

# 1.295

**GREECE FERÐATÖSKUR**
Lítil ~~1.995~~ nú **1.295**
Miðstærð ~~2.995~~ nú **1.495**
Stór ~~6.995~~ nú **3.995**
Vnr. 327-11-1031,
327-11-1032,
327-11-1033



50% afsláttur

FULLT VERÐ: ~~15.950~~

# 7.975

**PARMA FERÐATÖSKSETT**
Vnr. 327-11-1011

3 töskur í setti



50% afsláttur

3 töskur í setti

FULLT VERÐ: ~~19.950~~

# 9.975

**VENICE FERÐATÖSKSETT**
Vnr. 327-11-1001



60x170 cm ~~2.495~~ nú **1.245**
80x170 cm ~~2.995~~ nú **1.498**
100x170 cm ~~3.495~~ nú **1.748**
110x170 cm ~~3.995~~ nú **1.998**
120x170 cm ~~4.295~~ nú **2.148**
140x170 cm ~~4.695~~ nú **2.348**
160x170 cm ~~5.495~~ nú **2.748**
180x170 cm ~~5.995~~ nú **2.998**
90x250 cm ~~4.495~~ nú **2.248**

50% afsláttur

Myrkvunargardína

**DARK MYRKVUNARGARDÍNA**
Þykk og góð myrkvunargardína.
Hvít.
Vnr. 69060000

NÚ VERÐ FRÁ:

# 1.245



37% afsláttur

FULLT VERÐ: ~~39.950~~

# 24.950

**PRO GAME LEIKJASTÓLL**
Stóll með háu baki. Stillanlegur bakpúði sem gefur betri stuðning. Hægt að rugga. Innbyggð gaspumpa sem tryggir stiglausa hæðarstillingu.
Svartur, rauður og blár. Vnr. 8880001015, 8880001016, 8880001017



50% afsláttur

**MYNDIR Á VEGG**
45x140x3 cm.
Vnr. 328-17-1015,
328-17-1016

FULLT VERÐ: ~~2.495~~

# 1.245



KAUPTU 10 OG SPARAÐU 66%

NÚ 10 PÖR:

# 1.000

**PRINT SOKKAR**
Háir print sokkar.
Ein stærð.
1 par **299** nú 10 pör **1.000**
Vnr. 550-51163



Sjampó 500 ml **895** nú **399**
Hárnæring 500 ml **895** nú **399**
Sturtusápa 500 ml **895** nú **399**
Fótakrem 150 ml **795** nú **357**
Body Lotion 180 ml **795** nú **357**
Baðsalt 900 ml **895** nú **499**

55% afsláttur

NÚ VERÐ FRÁ:

# 357

**PURE DEAD SEA SNYRTIVÖRUR**
Vnr. 331-11-1060



COMFORT & LUXE

**DREAMLAND RÚMBOTN OG COMFORT LUXE DÝNA**
Góð meðalstíf heilsudýna með 215 pokagormum pr. m². og 3 þægindasvæðum. Fætur og botn fylgja. 180x200 cm. Rúmbotn **29.950**
Dýna **109.950** Vnr. 8880000730A

Rúmbotn + dýna
180x200 cm

50% afsláttur

RÚMBOTN + DÝNA
FULLT VERÐ: ~~139.900~~

# 69.950

...GARSALA - ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR - RÝMINGARSALA - ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR -RÝMINGARSALA - ALLT A...

66% AFSLÁTTUR - RÝMINGARSALA - ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR -RÝMINGARSALA

# RÝMINGARSALA

## VIÐ RÝMUM FYRIR **NÝJUM VÖRUM**

## SPARIÐ ALLT AÐ 66%



SESSUR FYLGJA

*Viðhaldsfrítt*

**25%** *afsláttur*

SETTIÐ FULLT VERÐ: ~~39.990~~

**29.990**

**MARIELYST SÓFI + 2 STÓLAR+ BORÐ + SESSUR**
Stólar, borð og sófi úr UV vörðu plasti. Sessur fylgja með (ekki púðar).
2 sæta sófi 126x75x65 cm. Stóll 65x75x65 cm. Borð 92x59x43 cm.
Vnr. 3763450



SESSUR FYLGJA

*FRÁBÆRT* **VERÐ**

SETTIÐ VERÐ NÚ AÐEINS:

**69.950**

*Viðhaldsfrítt*

**VEBBESTRUP SÓFI + 2 STÓLAR + 2 BORÐ + SESSUR**
Endingargott garðsett úr áli og handfléttuðu polyrattanefni. Innskotsborð með borðplötu úr viðarlíki, 3ja sæta sófi og 2 armstólar ásamt sessum. Stærra borðið Ø72 og H43 cm. Minna borðið Ø54 og H37 cm. 2 stk. borð.
Sófi 181x70x79 cm. Stóll 75x70x72 cm. Vnr. 3784090, 3784001, 3784002, 3784003



**40%** *afsláttur*

FULLT VERÐ: ~~24.950~~

**14.950**

**JESBY SKRIFBORÐSSTÓLL**
Einstaklega góður skrifborðsstóll með stillanlegri setu og örmum. Hægt að rugga. Svartur. Vnr. 3620076



**50%** *afsláttur*

FULLT VERÐ: ~~9.950~~

**4.995**

**CESENA STÓLL**
Vnr. 8880002040



*Allt að* **62%** *afsláttur*

NÚ VERÐ FRÁ:

**149**

**TURE BOLLAR**
Flott úrval af bollum.
Vnr. 321-16-1129, 321-16-1130, 321-17-1039



**SCULL ÍSMOLAFATA**
H16,7 cm.
Vnr. 321-16-1051

**50%** *afsláttur*

FULLT VERÐ: ~~995~~

**495**



*6 stk.*

FULLT VERÐ: ~~1.295~~

**499**

**BJÓRGLÖS**
Flott sett með 6 mismunandi bjórglösum.
Vnr. 321-16-1031



**25%** *afsláttur*

FULLT VERÐ: ~~795~~

**595**

**32 LÍTRA KLAPPBOX**
Sniðug klappbox í geymsluna eða ferðalagið.
Vnr. Y54620350, 45689001



**61%** *afsláttur*

**30%** *afsláttur*

FULLT VERÐ: ~~995~~

**695**

**RUNO MOPPA**
Bleik eða blá.
Vnr. 322-11-1012

RÝMINGARSALA - ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR -RÝMINGARSALA -

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 19.07 - 29.07**

# Í húsi forstjórans



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Íslenskur leigumarkaður hefur svo illt orð á sér að hjá Alþýðusambandi Íslands tóku menn kipp vegna frétta um að fyrirtæki væru í auknum mæli farin að sjá starfsfólki sínu fyrir húsnæði. Ólíkt ASÍ fagna hrekklausar sálir og hugsa með sér að þarna sé verið að huga að hag starfsfólksins sem þarf fyrir vikið ekki að eyða ómældum tíma í örvæntingarfulla leit að húsnæði. Í skjóli hjá atvinnurekanda sínum fær það einmitt leiguhúsnæði á hagstæðu verði, í staðinn fyrir þá okurleigu sem tíðkast á hinum frjálsa markaði. Þeir sem hugsa á þennan veg gera ráð fyrir að íslenskir atvinnurekendur séu upp til hópa geðugt fólk sem vilji starfsfólki sínu vel.

Hjá ASÍ ríkir ekki sama bjartsýni um sanngirni og velvilja atvinnurekenda. ASÍ hefur verulegar áhyggjur og segir að starfsfólk sem býr í húsnæði á vegum atvinnurekenda sé sett í erfiða stöðu því það geti veigrað sér við að kvarta undan slæmum aðbúnaði og kjörum af ótta við að missa húsnæðið. Reyndar er það svo að leigumarkaður hér á landi er svo óöruggur að flestir leigjendur eiga einmitt á hættu að missa húsnæði hvenær sem er. Það er varasamt fyrir þá að kvarta of mikið við leigusalann því honum gæti mislíkað illa og brugðist við með því að segja þeim upp leigunni. Stór hópur leigjenda, kannski langflestir, er þannig kominn upp á náð og miskunn leigusalans, þótt hann sé ekki atvinnurekandi þeirra.

Atvinnurekendur eru margir og misjafnir. Vissulega eru dæmi um að þeir hrúgi starfsfólki saman í óboðlegt húsnæði og hirði af því dágóða leigu. Slík mál rata iðulega í fréttir og nafn viðkomandi fyrirtækis er nefnt hverju sinni. Ekki er það auglýsing sem nokkur atvinnurekandi kærir sig um.

Það er hið besta mál að atvinnurekandi útvegi starfsfólki sínu húsnæði meðan vel er að því staðið. Auðvitað er slík leiga óörugg, eins og leiga er yfirleitt. Gangi hlutirnir hins vegar vel hefur starfsmaðurinn leiguhúsnæði meðan hann er í starfi hjá atvinnurekanda sínum. Láti hann af störfum verður hann eðlilega að leita annað. Varla er hægt að ætlast til að atvinnurekandinn ættleiði hann.

Dæmi eru um að vinnuveitendur byggi íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk sitt. Stórfyrirtækið Ikea hyggst til dæmis byggja fjölbýlishús með leiguíbúðum fyrir sitt fólk. Ef einhverju fyrirtæki hér á landi er treystandi til að standa vel að slíku þá er það Ikea, fyrirtæki sem eftir efnahagshrunið gaf börnum landsins ókeypis að borða á veitingastað sínum, ekki í einhverjar vikur eða mánuði, heldur í nokkur ár. Maturinn á þeim veitingastað er ekkert slor, eins og landsmönnum er fullkunnugt um. Sama fyrirtæki gaf á sínum tíma flóttamönnum sem hingað komu veglega inneign. Fyrirtæki sem starfar á þennan hátt er sannarlega vel treystandi til að reisa sómasamlegar leiguíbúðir fyrir starfsfólk sitt. Önnur fyrirtæki sem útvega starfsfólki sínu húsnæði ættu að horfa í átt að Kauptúni 4, því þar er verið að vinna á réttan hátt.

**Gangi hlutirnir hins vegar vel hefur starfsmaðurinn leiguhúsnæði á meðan hann er í starfi hjá atvinnurekanda sínum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Skrítið afmæli**

**Alþingi fagnaði fullveldisárinu á Þingvöllum í gær. Þar bar hæst hátíðarræðu forseta danska þingsins, Piu Kjærsgaard, sem þekkt er fyrir andúð á útlendingum, en við Íslendingar buðum að heiðra okkur með nærveru sinni. Þjóðinni sjálfri var ekki boðið á fundinn og mörkin sett við Almannagjá milli þings og þjóðar. Henni voru þó gefnar afmælisgjafir; þjóðlegar bækur og hafrannsóknaskip. Í afmæliskaffi fullveldisársins verður svo boðið upp á nýhannaða Fullveldisköku Bakarameistarans; randalínuna.**

**Glataðar gjafir**

**Skipið sem þingið færir þjóðinni í afmælisgjöf er dýrt og þjóðin borgar það sjálf. Kannski hefði verið lag að rukka útgerðina um einhverja af þeim milljörðum sem eigendur hennar greiða sér í arð til að útgerðin gæti sjálf keypt slíkt skip en þjóðin fengið eitthvað almennilegt í afmælisgjöf. Í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins árið 1994 samþykkti Alþingi á hátíðarfundi á Þingvöllum að gefa þjóðinni nýjan mannréttindakafla í stjórnarskrá. Það er alvöru afmælisgjöf. Fyrir löngu er orðin samstaða um að setja eigi í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum. Það verkefni hefði vel mátt klára fyrir 1. desember og jafnvel ákvæði um umhverfisvernd líka.**

**adalheidur@frettabladid.is**

# Tímamótaákvörðun



Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Samhljóða ákvörðun Alþingis í gær um að hafin verði smíði hafrannsóknaskips markar tímamót í hafrannsóknum Íslendinga. Allir sem veitt hafa þessu máli liðsinni sitt eiga þakkir skilið. Jafnframt er ánægjulegt að tekist hafi þverpólitískt samkomulag um þessa ákvörðun þegar hún var afgreidd á Þingvöllum í tilefni hundrað ára afmælis fullveldis Íslands. Þessi tímasetning er sérstaklega viðeigandi enda lagði öflugur sjávarútvegur grunn að lífskjörum þjóðarinnar og þar með fullveldinu.

Miklir hagsmunir eru fólgnir í því fyrir íslenskt samfélag að stunda sjálfbæra og ábyrga nýtingu auðlinda hafsins. Forsenda þessa er traust þekking á lífríkinu og auðlindum hafsins við Ísland á grundvelli bestu mögulegra vísindalegra rannsókna sem krefjast fjölbreyttrar tækni og búnaðar. Óumdeilt er að núverandi ástand rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunar er ekki nógu gott. Rannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson er að verða hálfrar aldar gamalt en það uppfyllir ekki lengur þær kröfur sem gera verður til slíkra skipa, hvorki varðandi aðbúnað eða tæki og er skipið auk þess þungt í rekstri.

Hið nýja skip mun gera Íslendingum kleift að auka þekkingu sína á hafinu umhverfis Ísland og þeim breytingum sem þar eru að verða, m.a. með hlýnandi loftslagi og breytingum á vistkerfi hafsins. Meginforsenda þess að Íslendingar geti tekist á við þær breytingar með árangursríkum hætti eru öflugar hafrannsóknir. Skipið mun einnig styrkja vinnu við kortlagningu hafsbotnsins og efstu jarðlaga hans í lögsögu Íslands sem áformað er að ljúka innan 10 ára. Allt mun þetta stuðla að því að Ísland verði áfram í forystu þegar kemur að góðri umgengni við náttúruna og í haf- og fiskirannsóknum enda er litið til landsins sem fyrirmyndar þegar kemur að málefnum hafsins.

Ákvörðun Alþingis frá því í gær er því mikilvægur áfangi á þeirri vegferð að efla hafrannsóknir líkt og kveðið er á um í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Með því er verið að styrkja stöðu Íslands sem fiskveiðiþjóðar enda eru öflugar hafrannsóknir nauðsynleg undirstaða verðmætasköpunar í sjávarútvegi.

**Samhljóða ákvörðun Alþingis í gær um að hafin verði smíði hafrannsóknaskips markar tímamót í hafrannsóknum Íslendinga.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hátíð í skugga skammar

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

*Reykjavík* – Alþingi hélt í gær hátíðarfund á Þingvöllum svo þingmenn gætu fagnað 100 ára fullveldisafmæli í friði fyrir þjóðinni. Fundurinn kostaði 80 m.kr. Hann var kynntur svo á vefsetri þingsins: „Á þingfundinum er ætlunin að samþykkja ályktun sem full samstaða er um.“ Alþingi er að segja: Við erum lægsti samnefnarinn. Lömbin komast ekki lengra en ljónin leyfa.

**Stjórnmálamenning í molum**
Ferill Alþingis frá hruni er hroðalegur á heildina litið. Hrunið var einkum Alþingi að kenna. Það var Alþingi sem einkavæddi bankana með því að leggja þá í hendur óhæfra eigenda úr vinahópi valdsins. Áður hafði Alþingi afhent útvegsmönnum ókeypis aðgang að sameignarauðlindinni í sjónum. Meðal þeirra sjö embættis- og stjórnmálamanna sem rannsóknarnefnd Alþingis taldi hafa sýnt af sér vanrækslu í skilningi laga fyrir hrun voru þrír alþingismenn og ráðherrar og einn fv. slíkur, samtals fjórir af sjö. Alþingi sat og stóð eins og bankarnir buðu. Tíu þingmenn af 63 skulduðu bönkunum 100 m.kr. eða meira hver og einn skv. skýrslu RNA. Ekki hefur enn verið greint frá því hvort eða hvernig skil voru staðin á þessum skuldum.

> **Hvers vegna hefur Alþingi ekki fengizt til að staðfesta nýju stjórnarskrána? Skýringin blasir við. Of margir þingmenn nærast á mismunun í kvótakerfinu og kjördæmaskipaninni, mismunun og meðfylgjandi mannréttindabrotum sem nýju stjórnarskránni er ætlað að hemja. Of margir þingmenn nærast á leynd og meðfylgjandi spillingu.**

Alþingi lofaði bót og betrun eftir hrun, m.a. með því að samþykkja einum rómi ályktun um „að taka verði gagnrýni á íslenska stjórnmálamenningu alvarlega og … að af henni verði dreginn lærdómur“. Þetta heit var ekki efnt. Af þeim fjórum evrópsku ráðherrum sem fundust í Panama-skjölunum voru þrír Íslendingar. Tveir þeirra sitja enn á þingi og eru formenn flokka sinna. Ekki hefur enn verið greint frá því hvort mál þeirra voru rannsökuð. Meint brot 57 sjómanna voru rannsökuð og kærð.

**Alþingi rauf skilorðið**
Alþingi lofaði að láta semja nýja stjórnarskrá. Það tókst vel að öllu leyti öðru en því að Alþingi hefur ekki enn fengizt til að staðfesta frumvarpið sem tveir þriðju hlutar kjósenda lýstu sig fylgjandi í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. „Alþingi er á reynslutíma hjá þjóðinni,“ sagði þv. forsætisráðherra eftir atkvæðagreiðsluna. Alþingi rauf skilorðið.

Hvers vegna hefur Alþingi ekki fengizt til að staðfesta nýju stjórnarskrána? Skýringin blasir við. Of margir þingmenn nærast á mismunun í kvótakerfinu og kjördæmaskipaninni, mismunun og meðfylgjandi mannréttindabrotum sem nýju stjórnarskránni er ætlað að hemja. Of margir þingmenn nærast á leynd og meðfylgjandi spillingu. Fólkið í landinu hefur t.d. ekki aðgang að upplýsingum um (afskrifaðar) lánveitingar bankanna til stjórnmálamanna. Of margir þingmenn senda lýðræðinu langt nef án þess að blikna. Þeir skáka í skjóli þess að lýðræði á nú undir högg að sækja víða úti í heimi. Forseti Bandaríkjanna situr undir ámæli fyrir að ögra lýðræðinu heima fyrir og víðar. Hann situr á tifandi tímasprengju.

**Verkföll eða verðbólgugusa?**
Hér heima situr einnig ríkisstjórn á tifandi tímasprengju. Launahækkun alþingismanna um 45% 2016 var stríðsyfirlýsing á hendur launþegum. Reyndir menn á vinnumarkaði sjá fram á heiftarlegt uppgjör, þ.e. kollsteypu af völdum Alþingis, annaðhvort verkföll eða verðbólgugusu með gamla laginu. Alþingi er að vísu ekki eitt um hituna heldur hafa margir forstjórar fyrirtækja einnig skammtað sjálfum sér og hver öðrum ofurlaun.

Alþingi virðist ætlast til að fólkið í landinu fagni 100 ára afmæli fullveldisins í skugga þeirrar skammar sem þingið hefur kallað yfir land og þjóð, einkum með því að synja nýju stjórnarskránni staðfestingar. Síðasta ríkisstjórn sat í níu mánuði. Ríkisstjórnin næst á undan hrökklaðist einnig frá völdum vegna hneykslismála. Hvernig væri að halda áfram að knýja fram kosningar á níu mánaða fresti þar til við fáum skaplega skipað Alþingi? – Þing sem nýtur trausts.



# Sætið við borðsendann



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Í viðtali fyrr á árinu sagði Svandís Svavarsdóttir að í ríkisstjórninni væru tveir hefðbundnir valdaflokkar sem sætu þar undir forsæti sósíalista og konu. Ég skil að vissu leyti þetta stolt Svandísar enda áhugavert í sögulegu samhengi. Í því felst einnig ákveðið tækifæri sem áhugavert er að sjá hvernig er nýtt þegar kemur að hugsjónum og pólitík. Þótt þau séu reyndar ekki mörg tækifærin sem fylgja sósíalismanum er annað upp á teningnum þegar kemur að áherslum kvenna. Því nálgun kvenna á lausnir og mál er oft önnur eins og dæmin sýna. Slík fjölbreytni er eftirsóknarverð fyrir hvert samfélag.

Það hefur verið margítrekað að ríkisstjórnin er mynduð utan um málamiðlanir. Metnaðurinn um allt fyrir alla er vissulega virðingarverður en þegar horft er framhjá hástemmdum lýsingarorðum og síbyljunni um stórkostlega innviðauppbyggingu, er lítið sem stendur eftir annað en blákaldur raunveruleikinn. Frasarnir hafa tekið yfir sviðið og umbúðirnar eru að mestu án innihalds. Tökum dæmi.

**Enginn sýnileiki til að bæta kjör kvennastétta**

Við lok gildistíma fjármálaáætlunar ríkisstjórnar er raunaukning til velferðar,- mennta- og samgöngumála 2 milljarðar miðað við þá áætlun sem áður hafði verið samþykkt. Því er rétt að halda til haga að fjármálaáætlun fyrri ríkisstjórnar innihélt stóraukin framlög til þessara málaflokka en eftir allar stóryrtu yfirlýsingarnar hjá ríkisstjórninni hefði mátt ætla að raunaukning til innviðauppbyggingar yrði meiri á tímabilinu. Sjálf tekjuhlið fjármálaáætlunar er afar óljós og gefur tilefni til ákveðins ótta þegar litið er til reynslunnar.

Undir forystu sósíalista og konu er síðan enga framtíðarsýn að sjá í fjármálaáætlun né stafkrók að finna í öðrum þingmálum ríkisstjórnar um hvernig hægt er að byggja upp kjör kvennastétta með markvissum hætti. Til lengri tíma. Þrátt fyrir að fjármálaáætlun sé grundvallarplagg hverrar ríkisstjórnar, svo vitnað sé í orð formanns Vinstri græna frá síðasta ári. Að glitt hefði í hugsjónir um að efla þessar stéttir hefði verið ótrúlega dýrmætt. Ekki síst á þessum tímum.

Þarna var tækifærið til að sýna afgerandi forystu og stefnumótun til að leiðrétta kjör kvennastétta, hvort sem um kennara, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða eða ljósmæður er að ræða. Alla vega að hefja þá vegferð. Og vinna að því að fá alla með. Í stað sýnilegrar forystu er farið í gamalkunnugar klisjur og bent á aðila vinnumarkaðarins. Á meðan eru ráðherrar ríkisstjórnarinnar uppteknir við að senda kvennastéttum kaldar kveðjur í kjarabaráttu þeirra.

**Viðhald gamalla vinnubragða**

Það er í raun merkilegt að ríkisstjórnin taki ekki pólitíska forystu um þetta mál því það eru hagsmunir allra til framtíðar litið að þessum störfum verði sinnt og eftirspurn verði til að sinna þeim. Þannig styrkjum við bæði mennta- og velferðarkerfið, sem eru jú okkar sameiginlegu markmið.

Í vor var tillaga okkar í Viðreisn um að bæta kjör kvennastétta samþykkt. Eftir mikið japl, jaml og fuður. En eftir stóð í raun útþynnt tillaga vegna óþæginda innan ríkisstjórnarflokkanna. Engin löngun til að vera áhrifavaldur til breytinga heldur fremur viðhald gamalla vinnubragða. Þrátt fyrir annan tón og einhvern velvilja innan þingflokks Vinstri græna.

Forgangsröðun í þágu kvenna og jafnréttis er ekki allra, ekki síst þegar kemur að gamalgrónum íhaldsflokkum. Þá þarf að toga í klárinn og sýna lipurð í senn. Það upplifðum við í Viðreisn á síðasta ári og þetta sýnir sagan. Fyrir Vinstri græn er hins vegar óþarfi að láta undan íhaldssömum trega til breytinga á þessu umhverfi. Þótt ríkisstjórnin sé málamiðlunarstjórn. Miklu heldur þarf að sýna forystu og nýta tækifærið sem felst í sætinu við borðsendann.

> **Í vor var tillaga okkar í Viðreisn um að bæta kjör kvennastétta samþykkt. Eftir mikið japl, jaml og fuður. En eftir stóð í raun útþynnt tillaga vegna óþæginda innan ríkisstjórnarflokkanna. Engin löngun til að vera áhrifavaldur til breytinga heldur fremur viðhald gamalla vinnubragða.**

# Vistarbönd eða vinarþel?



Þórarinn Ævarsson
framkvæmdastjóri IKEA

Alþýðusamband Íslands hefur í fjölmiðlum lýst yfir áhyggjum af þeirri þróun að fyrirtæki séu í auknum mæli farin að byggja íbúðir fyrir starfsfólk sitt. Þar á bæ sjá menn ekkert jákvætt við þessa þróun og vilja meina að þetta fyrirkomulag sé öfugþróun og vísir að vistarbandi.

Ég get í grunninn tekið undir þessar áhyggjur, en vil þó benda á að það eru fleiri hliðar á þessu máli en sú sem ASÍ heldur á lofti.

Án þess að geta svarað fyrir aðra, þá get ég sem forsvarsmaður IKEA fullyrt eftirfarandi.

Það er ekki óskastaða húsgagnasala að standa í því að byggja íbúðarhúsnæði, en þegar maður stendur frammi fyrir tveimur valkostum, öðrum slæmum og hinum óþolandi, þá velur maður slæma kostinn.

Í áraraðir hef ég fylgst með íslenska leigumarkaðnum, hvernig hann hefur verið að þróast til verri vegar þar sem leigan snarhækkar á meðan gæðum húsnæðis sem er í boði hrakar.

Ég hef horft upp á fjölda starfsmanna minna borga bróðurpart launa sinna í leigu á ósamþykktum grenjum þar sem lítið er skeytt um aðbúnað, brunavarnir, hljóðvist eða annað. Þar sem þrír, jafnvel fjórir, deila með sér herbergi og síðan jafnvel 20 manns með eitt eldhús. Eins hef ég horft á eftir góðum starfsmönnum sem hafa fengið upp í kok af þessu ástandi og hreinlega gefist upp, flutt af landi brott, þvert gegn vilja sínum.

> **Ég hef horft upp á fjölda starfsmanna minna borga bróðurpart launa sinna í leigu á ósamþykktum grenjum þar sem lítið er skeytt um aðbúnað, brunavarnir, hljóðvist eða annað. Þar sem þrír, jafnvel fjórir, deila með sér herbergi og síðan jafnvel 20 manns með eitt eldhús.**

Sumarið 2016, eftir metár í ferðamannafjölda og tilheyrandi þenslu á húsnæðismarkaði, t.a.m vegna áhrifa frá Airbnb, var það samdóma álit stjórnenda IKEA á Íslandi að það ástand sem þá þegar hafði skapast á húsnæðismarkaði væri ekki líklegt til að lagast á næstu árum. Þá var það fyrirséð að þetta ástand kæmi til með að koma verulega illa niður á þeim starfsmönnum IKEA sem væru í ótryggu húsnæði.

Nú geta menn deilt um það hvort vinnuveitendur eigi yfirhöfuð að vera með áhyggjur af velferð starfsmanna sinna eftir að vinnudegi lýkur. Flest fyrirtæki virðast hallast að því að þetta komi þeim ekkert við, en við sem stjórnum IKEA töldum að við yrðum að reyna.

**Hagkvæm leiga**

Það var lagt af stað með metnaðarfull áform um að byggja fjölbýli og bjóða starfsmönnum upp á vandað húsnæði, í göngufjarlægð við vinnustaðinn og á kjörum sem yrðu umtalsvert betri en almennt gerast á leigumarkaðnum.

Hagkvæm leiga og sá sparnaður sem hlýst af því að geta gengið í vinnuna ætti að skapa þeim starfsmönnum IKEA sem nýta sér þetta úrræði fjárhagslegt svigrúm til að leggja fyrir og með tímanum spara sér fyrir útborgun í eigin húsnæði, standi hugur til þess.

IKEA er þekkt sem öruggur og góður vinnustaður þar sem starfsfólk nýtur kjara langt umfram það sem samningar hljóða upp á. Hér er aldrei tjaldað til einnar nætur og mun fyrirtækið fara að lögum í þessum málum sem og öðrum.

Ég átta mig á að þetta er ekki fullkomið, en ég tel að ASÍ ætti að eyða dýrmætri orku sinni í að reyna að vinda ofan af leigustarfsemi þar sem öll lög og reglugerðir er varða aðbúnað eru brotin og óstjórnleg græðgi ræður för, hvað varðar leiguverð.

# Frá formanni kjaranefndar Leiðsagnar – stéttarfélags leiðsögumanna



Jakob S. Jónsson
formaður kjaranefndar Leiðsagnar

Það er ástæða til að hafa áhyggjur af deilum ríkisins og ljósmæðra. Frá ríkisstjórn hafa heyrst þungar áhyggjur af því, að ef gengið verði að launakröfum ljósmæðra muni það valda slíku skriði launa í komandi kjarasamningum að riðið geti samfélaginu að fullu. Illt, ef satt reynist.

> **Það eru slæm vinnubrögð þegar ríkið eða aðrir vinnuveitendur mæta málefnalegum kröfum með órökstuddum alhæfingum, m.a. um ætluð viðhorf annarra stéttarfélaga.**

**Því vil ég taka eftirfarandi fram:**

Fari svo, að ríkisvaldið gangi að launakröfum ljósmæðra mun ég ekki minnast á launakjör þeirra í komandi kjaraviðræðum okkar leiðsögumanna við viðsemjendur okkar.

Ég tel að leiðsögumenn muni og eigi að líta til allt annarra hópa en ljósmæðra og annarra sjónarmiða en kjara einstakra hópa þegar að því kemur að leggja fram eðlilegar kröfur um kaup og kjör í komandi samningaviðræðum.

Það eru slæm vinnubrögð þegar ríkið eða aðrir vinnuveitendur mæta málefnalegum kröfum með órökstuddum alhæfingum, m.a. um ætluð viðhorf annarra stéttarfélaga.

# Frosin stjórnsýsla



Andrés Magnússon
framkvæmdastjóri SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu

Fyrir sjö árum sendu SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þar sem samtökin töku af skarið og kvörtuðu undan innleiðingu hérlendra stjórnvalda á matvælalöggjöf EES-samningsins. Var þannig í pottinn búið, og er enn, að íslenska ríkið hefur sett höft á innflutning á fersku kjöti og skal allt slíkt kjöt fryst áður en það kemur inn á borð íslenskra neytenda. Sem afleiðing þessa er íslenskum neytendum gert að velja á milli innlendrar framleiðslu, ferskrar eða frosinnar, og þídds erlends kjöts. Er óumdeilt að slík samkeppni er verulega einsleit og vali neytenda gefið langt nef enda felur frystiskylda á kjöti í sér verulega eftirgjöf á gæðum.

Á síðastliðnu ári kvað EFTA-dómstóllinn upp hinn rökrétta dóm að hérlend frystiskylda fæli í sér ótvírætt brot gegn EES-skuldbindingum íslenska ríkisins. Var dómurinn í fullu samræmi við röksemdir SVÞ í kvörtun sinni til ESA. Þrátt fyrir veruleg fjárútlát í vörn sinni tókst íslenska ríkinu ekki að sýna fram á nein rök fyrir umræddum innflutningshöftum. Á góðri og kjarnyrti íslensku kallaðist þessi sneypuför stjórnvalda fyrir dómstólnum heimaskítsmát hvað varðar grundvöll fyrir þessum höftum á starfsumhverfi verslana og valfrelsi neytenda.

Þrátt fyrir ljúf loforð stjórnvalda gagnvart ESA um að bæta úr þessum ágöllum og aflétta umræddum höftum hafa stjórnvöld enn ekki gripið til slíkra aðgerða átta mánuðum frá því að dómur féll í málinu. Í átta mánuði hafa stjórnvöld verið meðvituð um eigin sök án þess að hafa sýnt vilja í verki til að bæta hér úr. Er svo komið að ekki eingöngu þolinmæði neytenda og verslana er á þrotum heldur einnig þolinmæði ESA. Hefur stofnunin nú gefið stjórnvöldum þrjá mánuði til þess að svara fyrir það hvers vegna ekki hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að framfylgja dómi EFTA-dómstólsins um innflutningstakmarkanir sem féll í nóvember á síðasta ári.

> **Þrátt fyrir ljúf loforð stjórnvalda gagnvart ESA um að bæta úr þessum ágöllum og aflétta umræddum höftum hafa stjórnvöld enn ekki gripið til slíkra aðgerða átta mánuðum frá því að dómur féll í málinu.**

Nú dugar ekkert fyrir hérlend stjórnvöld að sitja aðgerðarlaus og krossleggja fingur um að þetta reddist heldur þarf að bretta upp ermar og ráðast í þær breytingar sem gera þarf til að uppfylla skyldur ríkisins. Sofandaháttur stjórnvalda í þessu máli má ekki viðgangast mikið lengur og er það skýr krafa verslunar og neytenda að stjórnvöld virði þær alþjóðlegu skuldbindingar sem það hefur undirgengist, hvort sem það eru samningar eða dómar.

Húsasmiðjan

blómaval

# Rýmingarsala á sumarblómum

# Sumarblóm og trjáplöntur

# 50% afsláttur




Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af „lægsta lága verði" Húsasmiðjunnar.




JOTUN

SÚPER TILBOÐ

**5.995 kr**

~~7.995 kr~~

**Pallaolía**

**Trebitt Terrasebeis 3 ára ending!**
Pallaolía sem hefur þann eiginleika að aðeins þarf að bera á þriðja hvert ár. 15 fallegir litir.
7049305-08




JOTUN

SÚPER TILBOÐ

**1.995 kr**

~~2.495 kr~~

**Pallaolía Jotun Treolje**
Pallaolía á gagnvarið efni. Fáanleg gullbrún, græn og einnig í sömu litum og Trebitt hálfþekjandi.
7049123-27




FRÁBÆRT VERÐ

**3.995 kr**

**Pallahreinsir Trebitt Terrassebesfjerner**
Lýsir upp pallinn, fjarlægir sveppagróður, grilloliu og sót.
7158013

# Pallaefni útsala

Fáðu tilboð í sólpallinn núna



AB gagnvarin fura
27x95 mm, 4 metrar.
628640

**175 kr/lm**

~~234~~ kr/lm

# Bæta þarf kjör aldraðra strax, ekki síðar!



**Björgvin Guðmundsson**
viðskiptafræðingur

Bæta þarf kjör eldra fólks með því að hækka ellilífeyri og tryggja, að hann sé ekki undir fátæktarmörkum. Horfið verði frá krónu móti krónu skerðingu á sérstakri framfærsluuppbót öryrkja. Gera þarf átak í byggingu hjúkrunarheimila, þannig að komið verði til móts við þörfina að fullu á næstu 10 árum. Þannig hljóðaði stefna Vinstri grænna (VG) í málefnum aldraðra og öryrkja fyrir alþingiskosningarnar haustið 2017.

Og hverjar hafa efndirnar orðið?

### Hvað er VG að gera í ríkisstjórninni?

VG fékk stjórnarforustu í ríkisstjórn þeirri, sem mynduð var eftir síðustu alþingiskosningar. VG hefur ekki lagt til, að lífeyrir verði hækkaður um eina einustu krónu á því rúma hálfa ári, sem flokkurinn hefur verið í stjórn. Samt hefur verið vakin sérstök athygli ríkisstjórnarinnar á því, að þeir lægst launuðu meðal aldraðra og öryrkja gætu ekki framfleytt sér af lífeyri þeirra, svo lágur væri hann. Katrínu forsætisráðherra og formanni VG hefur verið bent á, að ástandið væri svo slæmt hjá þeim verst stöddu, að aðgerðir þyldu enga bið. Þær yrði að gera strax. En það hefur verið eins og að tala við steinvegg.

„Róttæki sósíalistaflokkurinn“ hefur ekki brugðist betur við en Sjálfstæðisflokkurinn (íhaldið) gerði í fyrri stjórn. Menn hafa undrast þetta og spurt sig hvað VG væri að gera í þessari ríkisstjórn! En hefur VG þá ekki brugðist betur við fyrir öryrkja og framkvæmt stefnumál sitt frá síðustu kosningum um, að hverfa frá krónu á móti krónu skerðingu á sérstakri framfærsluuppbót öryrkja? (Horfið var frá slíkri skerðingu hjá öldruðum um áramótin 2016/2017 í nýjum lögum um almannatryggingar.)

Ríkisstjórn Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins lofaði öryrkjum því um áramótin 2016/2017, að þessi krónu á móti krónu skerðing hjá öryrkjum yrði afnumin fljótlega. Þessi ríkisstjórn sveik það! Þau svik hafa staðið í 17 mánuði. Katrín formaður VG og nú forsætisráðherra hafði gott tækifæri sem leiðtogi og verkstjóri ríkisstjórnarinnar til þess að leiðrétta málið gagnvart öryrkjum. En því miður: Í stað þess að bæta fyrir svikin tók VG undir svikin gagnvart öryrkjum með Framsókn og íhaldi og hefur viðhaldið krónu á móti krónu skerðingunni áfram. Síðustu 6 mánuði hefur VG verið aðili að þessum grófu svikum með Framsókn og íhaldi.

### Ekkert fjármagn til hjúkrunarheimila?

Um átak í byggingu hjúkrunarheimila er það að segja, að enn hefur ekkert fjármagn verið tryggt til byggingar þeirra. Samkvæmt tillögu Alberts heitins Guðmundssonar alþingismanns, borgarfulltrúa og ráðherra var ákveðið að stofna framkvæmdasjóð aldraðra, sem fjármagna átti byggingu hjúkrunarheimila. Öllum skattgreiðendum var gert að greiða ákveðna upphæð í þennan sjóð. En misvitrir stjórnmálamenn gátu ekki séð sjóðinn í friði og fóru að taka úr honum til annarra þarfa en hann var stofnaður til. Þess vegna er lítið í sjóðnum í dag.



> Stjórn VG hefur ekki hækkað lífeyri aldraðra um eina krónu.

Ég tel, að þegar svo er komið, eigi ríkissjóður að greiða það fé til baka, sem tekið var á þann hátt úr sjóðnum (ófrjálsri hendi). Þess vegna á ríkið að leggja fram fé strax í dag til að unnt sé að byggja nægilega mörg hjúkrunarheimili. En það gerir núverandi ríkisstjórn ekki. Í staðinn segist hún ætla að fá fé til byggingar hjúkrunarheimila úr svokölluðum þjóðarsjóði en sá sjóður hefur ekki einu sinni verið stofnaður. Ég tel, að ekki muni fást neinir peningar úr slíkum sjóði fyrr en seint á næsta ári í fyrsta lagi.

Ég hef hér rætt um nokkur helstu kosningaloforð VG í málefnum aldraðra. Því miður lítur ekki vel út með efndir þeirra. En hvað um samskipti VG við samtök eldri borgara, t.d. Félag eldri borgara í Reykjavík og LEB, landssamtökin? Hefur VG staðið sig betur í samskiptum við þau? Því miður. Svarið er nei. Félag eldri borgara í Reykjavík fór þess á leit við forsætisráðherra að lífeyrir verst settu aldraðra yrði hækkaður strax. Ég fór einnig fram á það í bréfi til Katrínar. En það er enginn asi á ríkisstjórn Vinstri grænna í þessum efnum. Stjórnin lofar ekki svörum fyrr en næsta vetur.

Það er eins og forsætisráðherra og formaður VG skilji ekki alvöru málsins. Það er neyðarástand hjá öldruðum, sem einungis hafa lífeyri frá almannatryggingum (strípaðan lífeyri). Lífeyrir þeirra dugar ekki fyrir brýnustu nauðsynjum. Þeir sem hafa þessi kjör verða ef til vill að neita sér um mat eða læknisaðstoð. Það er alvarlegt mál. Það verður strax að leysa úr því brýna vandamáli. Það þolir enga bið. Ekki dugar að fresta því fram á næsta vetur!









# „Það fylgir þessu birta og gleði…“



**Pálmi Gunnarsson**
tónlistarmaður

Þessa setningu fékk Einar K. Guðfinnsson, stjórnarformaður Landssambands fiskeldisstöðva, að láni á dögunum frá fiskmatskonu á Djúpavogi. Tilefnið, viðtal við Einar K. í fréttablaði fiskeldisfyrirtækja. Ekkert nýtt þar á ferðinni en ég ætla hins vegar að dvelja aðeins við orð fiskmatskonunnar fyrir austan. Þau eru mjög skiljanleg, fullt að gera við slátrun og pökkun á eldislaxi í einu fallegasta þorpi landsins sem fór illa út úr kvótadæminu með tilheyrandi vandræðum. Það sama á við um fjölmarga aðra staði landsins sem misstu frá sér hluta af lífsbjörginni. Sömu birtu- og bjartsýnisraddir heyrast að vestan þar sem nú þegar er stundað viðamikið sjókvíaeldi í nokkrum fjörðum á norskum eldislaxi.

Ég fór að velta fyrir mér, verandi sú dreifbýlistútta sem ég er, alinn upp við sjávarsíðuna í þorpi austur á landi, hvort svipuð gleði og birta hefði ekki fylgt fiskeldi sem stundað hefði verið frá byrjun í lokuðum kerfum uppi á landi undir öruggum hatti. Talsmenn sjókvíaeldisfyrirtækjanna halda því eðlilega fram að það sé vonlaust vegna kostnaðar en ég velti fyrir mér hvort þeir sem eru að færa sig upp á land í stórum stíl séu að gera það af því bara.

Auðvitað kæra norsku fjárfestarnir og íslenskir meðreiðarsveinar þeirra, sem hafa á methraða komið sér fyrir í íslenskum fjörðum í gegnum gatslitið regluverk, sig ekki um að sjá þessar hugmyndir. Þess í stað er stofnað til hernaðar gegn náttúru landsins og til að það gangi er fólki att saman með afleiðingum sem ekki sér fyrir endann á. Ég þekki persónulega engan andstæðing sjókvíaeldis í opnum kvíum, sem hefur eitthvað á móti eldi á fiski. En ég þekki hins vegar marga sem virðast tilbúnir að horfa fram hjá ógnvænlegum afleiðingum þess að ala laxfisk svo ekki sé talað um af norskum uppruna, í opnum sjókvíum, fyrir aukaskammt af birtu og gleði.

Það er afleiðing klókrar markaðssetningar norsk-íslenskra fyrirtækja í fiskeldi sem bjóða íbúum svæðanna bjarta framtíð fyrir aðgang að íslenskum fjörðum. Yfirgengilegur hagnaður norska fiskeldisiðnaðarins, sem nú haslar sér völl á Íslandi, hefur gert það að verkum að stjórnvöld horfa í gegnum fingur sér þegar kemur að leyfisveitingum, það er gott fyrir pólitískan frama að búa til ný störf þó eitthvað þurfi undan að láta í þeim viðskiptum. Ekki er verra ef pólitíkusar eiga hreinna hagsmuna að gæta eins og komið hefur hvað eftir annað upp innan norsku stjórnsýslunnar. Hér sjanghæjuðu fiskeldisfyrirtækin talsmann beint úr ylvolgum stól þingforseta, fyrrverandi þingmanninn og ráðherrann Einar K. Guðfinnsson, og eitthvað hefur Kristinn H. Gunnarsson verið að gaufa á hliðarlínunni.

> Yfirgengilegur hagnaður norska fiskeldisiðnaðarins, sem nú haslar sér völl á Íslandi, hefur gert það að verkum að stjórnvöld horfa í gegnum fingur sér þegar kemur að leyfisveitingum, það er gott fyrir pólitískan frama að búa til ný störf þó eitthvað þurfi undan að láta í þeim viðskiptum.

Fyrr á árinu bárust fréttir af stórslysum í eldi Arnarlax og vandræðalegri eftirfylgni eftirlitsstofnana vegna þeirra. Í Berufirði var sama uppi á teningnum og enn berast fréttir af götóttum kvíum hjá Arnarlaxi. Öllum sem hafa kynnt sér sögu laxeldis í opnum kvíum vita að sjókvíar halda ekki í verstu veðrum og eru alls ekki kjarnorkuheldar eins og írskur ráðherra eldismála hélt fram rétt áður en allur lax slapp úr kvíum í írskum firði eftir óveðurshvell. Í Chile sprakk fyrir stuttu kví í óveðri með þeim afleiðingum að nálægt sjö hundruð þúsund laxar sluppu. Niðurstaðan er þessi og engir talsmenn sjókvíaeldis fá því breytt. Lax sleppur úr sjókvíum og einatt í miklu magni, sjávarkuldi drepur hann í stórum stíl eins og gerðist hjá Arnarlaxi, lúsin veður uppi við réttar aðstæður með hrikalegum afleiðingum, nýjustu fréttir af lúsafaraldri fyrir vestan og leyfi MAST til notkunar á lúsaeitri staðfestir þetta, sjúkdómar herja á eldislaxinn og mengunin frá eldinu er mikil.

Allt þetta má koma í veg fyrir með því að ala fiskinn í lokuðum kerfum uppi á landi.




**20% afsláttur** af öllum vörum frá TONI&GUY
dagana **19.–28. júlí.**

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*



Haraldur Franklín Magnús lék æfingahring á Carnoustie-vellinum í gær. Hann hefur leik á Opna breska meistaramótinu í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

# Söguleg stund í Skotlandi

**Haraldur Franklín Magnús brýtur blað í íslenskri golfsögu í dag þegar hann hefur leik á Opna breska meistaramótinu, því elsta af risamótunum fjórum.**

**GOLF** Það verður stór stund þegar Haraldur Franklín Magnús slær af teig á Opna breska meistaramótinu í golfi um klukkan níu í dag. Haraldur er fyrsti íslenski karlkylfingurinn sem keppir á risamóti í golfi.

Opna breska er elst af risamótunum fjórum í golfi en mótið í ár er það 147. í röðinni. Það fer að þessu sinni fram á Carnoustie-vellinum í Skotlandi en hann þykir einn sá erfiðasti á Bretlandseyjum. Þetta er í áttunda sinn sem Opna breska fer fram á Carnoustie. Þegar það var haldið síðast á vellinum, árið 2007, bar Írinn Pádraig Harrington sigur úr býtum.

Bandaríkjamaðurinn Jordan Spieth vann Opna breska í fyrra og hann er með í ár líkt og allir sterkustu kylfingar heims.

Sextán fyrrverandi meistarar á Opna breska eru með að þessu sinni, meðal annars Tiger Woods sem er að ná vopnum sínum á ný eftir erfið ár. Hann hefur unnið Opna breska í þrígang (2000, 2005 og 2006).

Haraldur tryggði sér sæti á Opna breska með því að lenda í 2. sæti á úrtökumóti í Kent á Englandi í byrjun mánaðarins. Í sætinu á eftir honum var ekki ómerkari kylfingur en Retief Goosen frá Suður-Afríku sem vann Opna bandaríska meistaramótið tvisvar á sínum tíma.

Haraldur hefur undanfarin tvö ár leikið á Nordic League-mótaröðinni, þeirri þriðju sterkustu í Evrópu. Hann er því að fara að takast á við sitt stærsta verkefni á ferlinum á Carnoustie. Fyrstu tvo keppnisdagana á Opna breska er Haraldur í ráshóp með James Robinson frá Englandi og Zander Lombard frá Suður-Afríku.

Alls hefja 156 kylfingar leik á Opna breska í ár. Að minnsta kosti 70 þeirra komast í gegnum niðurskurðinn. Mótinu lýkur á sunnudaginn. **ingvithor@frettabladid.is**

**Opna breska 2018 fer fram á Carnoustie-vellinum**
19.-22. júlí




THE OPEN

**Championship Course**
**Carnoustie Golf Links**
Angus, Skotlandi

**Par 71**
**7.402 jardar**

**Vallarmet:** 63 (Tommy Fleetwood, 2017)

| Hola | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | Fyrri |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Par | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | 4 | 3 | 4 | 36 |
| Jardar | 396 | 467 | 350 | 415 | 412 | 580 | 410 | 187 | 474 | 3,685 |

| Hola | 10 | 11 | 12 | 13 | 14 | 15 | 16 | 17 | 18 | Fyrri |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Par | 4 | 4 | 4 | 3 | 5 | 4 | 3 | 4 | 4 | 36 |
| Jardar | 465 | 382 | 503 | 175 | 513 | 472 | 248 | 460 | 499 | 3,685 |

**Heimildir:** R&A Championship Limited

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Breiðablik - Stjarnan 1-0**
1-0 Selma Sól Magnúsdóttir (28.).

**Selfoss - Valur 1-1**
1-0 Erna Guðjónsdóttir (34.), 1-1 Pála Marie Einarsdóttir (87.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 27 | ÍBV | 11 |
| Þór/KA | 26 | Selfoss | 9 |
| Valur | 20 | Grindavík | 9 |
| Stjarnan | 16 | KR | 6 |
| HK/Víkingur | 13 | FH | 6 |

**Mjólkurbikar karla, 8-liða úrslit**

**Víkingur R. - Víkingur Ó. 0-1**
0-1 Sasha Uriel Litwin Romero (88.).

*Víkingur Ó. mætir Breiðabliki í undanúrslitum Mjólkurbikarsins.*

**Forkeppni Evrópudeildarinnar**

**Rosenborg - Valur 3-1**
1-0 Nicklas Bendtner, víti (55.), 2-0 Anders Trondsen (72.), 2-1 Kristinn Freyr Sigurðsson, víti (85.), 3-1 Bendtner, víti (90+4.).

## Valur grátlega nærri því að fara áfram

**FÓTBOLTI** Mark Nicklas Bendtner úr vítaspyrnu á fjórðu mínútu uppbótartíma kom í veg fyrir að Valur kæmist áfram í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu á kostnað Rosenborg. Norsku meistararnir unnu leik liðanna í Þrándheimi í gær, 3-1, og fóru áfram, 3-2 samanlagt.

Búlgarski dómarinn Stefan Apostolov var í aðalhlutverki í leiknum en hann dæmdi þrjár vítaspyrnur, alla vafasamar. Bendtner kom Rosenborg yfir með marki úr víti á 55. mínútu og 17 mínútum síðar tvöfaldaði Anders Trondsen forystuna. En Kristinn Freyr Sigurðsson minnkaði muninn úr vítaspyrnu á 85. mínútu. Staðan á þeim tímapunkti var 2-2 samanlagt og Valsmenn á leið áfram á marki á útivelli. Bendtner átti hins vegar síðasta orðið.



Evrópuþátttöku Valsmanna er þó ekki lokið en þeir mæta Santa Coloma frá Andorra í 2. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar um mánaðamótin. **- iþs**

# Emil Barja genginn í raðir Íslandsmeistaranna

**KÖRFUBOLTI** Emil Barja skrifaði í gær undir samning við Íslandsmeistara KR um að leika með liðinu næstu tvö árin. Emil fer frá Haukum, sínu uppeldisfélagi, til að leika með liðinu sem hefur unnið Íslandsmeistaratitilinn síðustu fimm árin. Við sama tilefni tilkynnti KR að Björn Kristjánsson verði áfram hjá félaginu næstu tvö árin. Emil segir að það séu blendnar tilfinningar í kringum þessi vistaskipti.

„Minn hugur var að vera áfram hjá Haukum eftir síðasta keppnistímabil. Svo fór ég að hugsa málin þegar KR hafði samband. Ég er kominn á þann aldur að það fer að verða of seint að breyta til og fara í nýja áskorun. Það er mjög erfitt að yfirgefa uppeldisfélagið, en ég er spenntur fyrir að spila með KR,“ segir Emil Barja í samtali við Fréttablaðið.

„Það er vissulega skrýtin tilfinning að vera með KR-merkið á brjóstinu, en það mun pottþétt venjast. Ég hef leikið margar harðar rimmur við KR undanfarin ár, en það verður gaman að leika með liðinu. Ég býst við að við Björn verðum í því hlutverki að bera upp boltann, annars get ég spilað mörg hlutverk inni á vellinum. Ég spilaði meðal annars undir körfunni með Haukum á síðustu leiktíð og ég get spilað flestar stöður,“ segir Emil um komandi tíma með KR.

„Það eru þó nokkrar breytingar hér í Vesturbænum, en mér líst vel á þá leikmenn sem eru til staðar og þau plön sem hafa verið kynnt fyrir mér. Það eru miklar kröfur hér í Vesturbænum og ég held að það verði engin breyting á því að okkur muni ganga vel á næstu árum. Þeir hafa reynst okkur erfiðir í gegnum árin og nú heldur liðið vonandi áfram á sömu braut. Nú er bara að fara að æfa vel og koma mér inn í hlutina hjá nýju liði,“ segir Emil enn fremur um framhaldið. **– hó**



Emil við undirritun samningsins við KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Fólk

FIMMTUDAGUR 19. JÚLÍ 2018

## Tíska



Ariana Grande er að ná sér á strik eftir erfiða tíma. Hún fékk áfallastreituröskun eftir hryðjuverkaárásina í Manchester í fyrra. Ný plata er væntanleg frá henni. →8



# Fékk nóg af svörtu í Sinfóníunni

Guðný Guðmundsdóttir hefur verið ástsælasti fiðluleikari landsins um áratuga skeið og löngum vakið athygli fyrir fallegan klæðaburð. Hún segir að fiðlan ráði stundum fatavali og viðurkennir að hafa mikið dálæti á litum, einkum litríkum slæðum. →2

Guðný klæðist hér kjól sem hentar við öll tækifæri, bæði hversdags og spari, jafnvel sem náttkjóll þegar þannig ber undir. MYND/ANTON BRINK



ENN MEIRI LÆKKUN!

ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Á

50-60% AFSLÆTTI

HAUSTVÖRURNAR ERU KOMNAR

comma,

SMÁRALIND

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➜

Ég myndi lýsa mínum stíl þannig að hann fari eftir hentugleikum, þegar ég sé eitthvað sem mig langar í þá kaupi ég það,“ segir Guðný. „Mér finnst mikilvægt að eiga dálítið af fötum sem eru vönduð og endast. Þá fara þau kannski einhvern tíma úr tísku en svo er hægt að fara í skápana og ná í eitthvað tuttugu ára gamalt sem er aftur komið í tísku. En ég kaupi líka ódýrara, boli og leggings sem mér finnst þægilegt að vera í dagsdaglega og fer svo kannski í fallega blússu eða mussu yfir.“ Hún segist ekki vera neitt sérstaklega meðvituð í litavali. „Mér er sagt að blár hljóti að vera uppáhaldsliturinn minn því fólk segir að ég sé alltaf í bláu. Gulur er líka í uppáhaldi, bleikur og grænn og fjólublár … það eina sem ég forðast er svart en það er kannski af því ég spilaði í svörtu með sinfóníunni í áratugi og kláraði kvótann. Það er reyndar í lagi að vera í svörtu með einhverju litríku.“

Talið berst að því hvort fiðluleikarar þurfi að hugsa fyrir hljóðfærinu þegar þeir velja sér fatnað. Guðný segir svo vera. „Ef ég sé eitthvað sem mig langar til að spila í þá þarf ég að hreyfa mig í því í búðinni á alla kanta. Ef ég spila á tónleikum þar sem ég þarf að sitja, eins og í kammertónlist, þá passa ég upp á að sé hægt að sitja þægilega í buxunum eða pilsinu. Ég er mjög mikið með hljóðfærið í höndunum, bæði þegar ég er að spila, æfa og kenna og þá finnst mér þægilegra að vera í fötum sem þrengja ekki að.“

Hún segir mikilvægt fyrir fiðluleikara að ermar séu víðar um handarkrikann og að hálsmálið skipti líka máli. „Ég gekk voða mikið í rúllukragapeysum þegar ég var yngri en er núna meira fyrir rúmt hálsmál og er nánast alltaf með slæðu.“ Guðný á margar slæður sem hún notar við ýmis tilefni. „Eina uppáhaldsslæðuna mína fékk ég frá kínverskri vinkonu minni og hún er úr kínversku silki. Þar eru allir uppáhaldslitirnir mínir samankomnir þannig að hún passar við allt. Aðra uppáhaldsslæðu keypti ég á listasafni í Suður-Frakklandi og hún er líka litrík með myndum eftir frægan listmálara.“

Síðustu fatakaup Guðnýjar voru skór og kjóll sem hafa nýst henni vel við spilamennsku. „Skórnir eru úr bleiku rúskinni og alveg geggjaðir. Þeir eru svo háir að ég get ekki spilað í þeim nema tónleikarnir séu stuttir,“ segir Guðný og hlær. „Ég var nýbúin að kaupa kjól í Geysi þar sem ég hélt að væru bara útivistarföt svo þessi kjóll kom mér ánægjulega á óvart. Svo fór ég í Steinar Waage beint á móti í Kringlunni og þar blöstu skórnir við. Ég spilaði í þessum fötum í síðustu viku og eftir tónleikana kemur til mín kornung stúlka og segir: Ég vildi að ég þekkti einhvern sem kynni að velja á mig svona geggjuð föt eins og þennan kjól. Mér fannst það ágætt, komin á þennan aldur.“

Aðspurð um uppáhaldshönnuði minnist Guðný á íslenska hönnunarteymið Systur og makar. „Ég hef keypt mikið hjá þeim, utanyfirflík, peysu og mussu sem hægt er að nota á tónleikum og líka þegar maður fer fínt, eins og á árshátíð. Einn af mínum uppáhaldskjólum er keyptur þar og hann virkar bókstaflega við öll tilefni. Ég get notað hann sem bol eða mussu hversdags, svo ef ég fer í hæla þá toga ég hann aðeins niður og þá er hann mjög sparilegur og svo lenti ég einu sinni um daginn í því að gista óvænt í sumarbústað hjá vinafólki og þá notaði ég hann sem náttkjól. Í Systrum og mökum keypti ég líka dressið sem ég spila alla tónleikana í.“

Tónleikarnir sem um ræðir eru hvorki meira né minna en Mozartmaraþon, tónleikaröð sem Guðný stendur fyrir í Hannesarholti í ár í tilefni af sjötugsafmæli sínu. „Já, ég á stórafmæli í ár svo ég ákvað að halda upp á það með því að leika öll verk sem Mozart samdi fyrir píanó og fiðlu,“ segir Guðný. „Ég þekkti mörg þeirra en þau eru ekki öll svo mikið spiluð því stundum er píanóið í forgrunni og fiðluleikarar velja frekar verkin þar sem fiðlan fær stórt hlutverk,“ segir hún. „Þetta eru þrjátíu og tvö verk þannig að þetta eru tíu hádegistónleikar sem spanna yfir allt árið 2018, fimm eru búnir og fimm eftir.“ Tónleikarnir hafa að jafnaði farið fram síðasta sunnudag í hverjum mánuði en í þetta sinn er það næstsíðasti sunnudagurinn þar sem Guðný var kölluð í vinnu til útlanda. „Með mér eru yfirleitt mismunandi píanóleikarar á hverjum tónleikum og langflestir hérlendir. Eftir tónleikana er svo hægt að fá sér bröns í Hannesarholti og þeir sem koma á tónleikana fá afslátt af brönsinum.“ Sónöturnar sem verða leiknar á sunnudaginn eru sónata í G-dúr KV 27, sónata í A-dúr KV 305 og sónata í Es-dúr KV 380. Meðleikari Guðnýjar að þessu sinni er Gerrit Schuil. Tónleikarnir hefjast klukkan 12.15 í Hannesarholti.

Miða má nálgast á tix.is en allar upplýsingar er að finna á Facebook undir Mozartmaraþon – tónleikaröð og á heimasíðunni gudnygudmunds.com



Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og fyrrverandi konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands velur fatnað gjarnan með tilliti til fiðlunnar. Hún er hér í tónleikafötum frá Systrum og mökum sem hún klæðist á tónleikaröð sinni Mozartmaraþon í Hannesarholti. MYND/ANTON BRINK



Kjóllinn úr Geysi og skórnir góðu sem fara svo vel saman að eftir er tekið.



Bleiku skórnir eru iðilfagrir og hægt að spila í þeim líka en bara ef tónleikarnir eru ekki lengri en hálftími.



Guðný segist vera mikil slæðukona og hér eru tvær uppáhaldsslæður, önnur frá kínverskri vinkonu og hin keypt í listasafni í Suður-Frakklandi.



Guðný er mikið fyrir fylgihluti, skó og töskur sem hún á í ýmsum glaðlegum litum.

TILBOÐ
4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.690 kr.*
SVÍNAKJÖT MEÐ TOFANSÓSU
KJÚKLINGUR MEÐ SATAYSÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMET
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU
*tekið með heim – 1.990 kr. ef borðað er á staðnum.
Frábær hóptilboð
Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is



Opið alla daga vikunnar frá kl. 11:00 - 22:00



KÍNAHOFIÐ
Kínahofið veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

# 50-70% afsláttur af fatnaði og skóm!



# Ný gerð náttúrulegra skartgripa

Skartgripaframleiðandinn Boucheron hefur fundið upp á nýrri aðferð við framleiðslu skartgripa. Aðferðin snýst um að varðveita krónublöð blóma og skapa afar náttúrulega skartgripi úr þeim.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Skartgripaframleiðandinn Boucheron hefur þróað nýja gerð skartgripa. Skartgripirnir nýta krónublöð blóma sem eru meðhöndluð með leynilegri aðferð og skreytt með gimsteinum. Útkoman er skartgripir sem eru náttúrulegri í útliti en áður hefur sést.

Hönnunarstjóri Boucheron, Claire Choisne, hefur getið sér nafn fyrir óhefðbundna og flókna en um leið frumlega hönnun og hún heldur áfram á sömu braut með nýjasta skartgripasafni sínu, Nature Triomphante.

Með hjálp listamanns sem sérhæfir sig í krónublöðum og frumlegri vinnu frá vísindamönnum Boucheron gerir hún krónublöðin ódauðleg og nýtir þau til að skapa skartgripi.

Aðferðinni er haldið leyndri, en hún snýst um að varðveita krónublöðin og fanga form þeirra í títan, en svo eru þau skreytt með gimsteinum.

Í safninu er að finna hringa og eyrnalokka sem eru skreyttir með blómum, hálsfesti sem byggir á stafrænni skönnun af bergfléttu og aðra einstaka og glæsilega gripi.








# LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku menningu, heilsu og margt fleira.

Fylgstu með á frettabladid.is/lifid




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS



Marcus Morris, leikmaður Boston Celtics, klæddist Nike Kobe 1 Protro skóm í leik gegn Cleveland Cavaliers.




John Wall, leikmaður Washington Wizards, í Adidas-skónum sínum í leik gegn Toronto Raptors í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Wall skrifaði undir risasamning við Adidas í vetur.



LeBron James í rauðum og gylltum Nike-skóm gegn Golden State.




Sannarlega skrautlegir Nike Kyrie 4 skór sem Jayson Tatum, leikmaður Boston Celtics, klæddist í leik fjögur í úrslitum Austurdeildarinnar gegn Cleveland Cavaliers.



Kevin Durant klæddist þessum litfögru Nike KD 10 í fjórða leik úrslitakeppninnar gegn Cleveland Cavaliers.

# Vel skóaðar NBA-stjörnur

**Það er ekki nóg með að leikmenn NBA-deildarinnar í Bandaríkjunum stígi upp í úrslitum og leggi sig meira fram. Margir leikmanna skarta nýjum og litfögrum skóm sem vekja oft mikla athygli. Úrslitakeppninni lauk snemma í júní með sigri Golden State Warriors gegn Cleveland Cavaliers þar sem skærustu stjörnur beggja liða léku í nýjum og skrautlegum skóm. Lítum á nokkur falleg skópör frá síðustu úrslitakeppni.**

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is





LeBron James, leikmaður Cleveland Cavaliers, klæddist þessum svörtu Nike-skóm í leik sjö í úrslitum Austurdeildarinnar gegn Boston Celtics.




Marcus Smart, leikmaður Boston Celtics, í viðeigandi grænum lit í skóm frá Adidas gegn Philadelphia 76ers í annarri umferð úrslitakeppninnar.




Erum að taka upp,
Pre-Autumn 2018, frá STUDIO



Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

# Allt í ferðalagið

FIMMTUDAGUR 19. JÚLÍ 2018 Kynningar: Bílalíf




Starfsmennirnir Lárus Sveinsson, Rúnar Þór Hrafnkelsson og Erlingur Þór Cooper sölustjóri taka vel á móti öllum, hvort sem þeir leita eftir nýjum bíl, notuðum eða jafnvel hjólhýsi. MYND/ÞÓRSTEINN

# Hundrað ára reynsla í bílasölu

**Bílalíf er ein af elstu bílasölum landsins og hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar frá 1984. Fimm starfsmenn bílasölunnar eru með samtals hundrað ára reynslu í sölu á nýjum og notuðum bílum.**

Bílalíf er mjög vel staðsett að Kletthálsi 2 og er með stórglæsilegt sérhannað svæði þar sem auðvelt er að ganga um og skoða bíla og hjólhýsi sem eru til sölu. Átta bílasölur eru á sama svæðinu. Bílalíf sérhæfir sig í innflutningi á nýjum og notuðum bílum og getur þess vegna boðið samkeppnishæft verð. Agnar Bergmann Birgisson, löggiltur bifreiðasali, segist hvetja fólk til að gera verðsamanburð.

„Með lítilli yfirbyggingu og góðum viðskiptasamböndum hefur okkur tekist að bjóða mjög góð verð á nýjum bílum. Sömuleiðis bjóðum við einnig upp á að taka bíla í umboðssölu fyrir fólk og höfum við stóran hóp ánægðra viðskiptavina sem koma aftur og aftur til okkar. Við eigum marga fasta viðskiptavini,“ segir Agnar. „Hjá fyrirtækinu, sem er rótgróið, er fagmennska í fyrirrúmi og lögð er áhersla á góða þjónustu. Hér er mikil starfsreynsla,“ segir hann en bílasalan er ein sú elsta á landinu.

### Kaupa bíla gegn staðgreiðslu

„Ef fólk þarf að selja bílinn strax getum við aðstoðað með því að kaupa bílinn gegn staðgreiðslu. Hafi fólk áhuga á að selja bílinn strax þá bendum við fólki á að fara inn stadgreitt.is og senda inn tilboðsbeiðni eða renna við hjá okkur á Bílalíf og við gerum tilboð í bílinn,“ segir Agnar.

### Litrík hjólhýsi

Það eru ekki eingöngu bílar í sölu hjá bílasölunni Bílalíf því árið 2012 tók fyrirtækið við söluumboði fyrir NIEWIADOW hjólhýsin sem Íslendingar þekkja vel og flestir kalla pólsku-hjólhýsin. Þau eru framleidd í Póllandi og hafa reynst einstaklega vel. NIEWIADOW hóf framleiðslu á hjólhýsum fyrir 52 árum eða árið 1966. Íslendingar hafa góða reynslu af þessum hjólhýsum enda henta þau íslenskum aðstæðum sérstaklega vel. Hjólhýsin eru heilsteypt og þola því meiri hreyfingu en flest önnur hjólhýsi og henta íslenskum vegum afar vel. Hægt er að draga þau á flestum bílum. Þau eru mjög létt og meðfærileg eða frá 560 kílóum.

Hjólhýsin eru til í tveimur stærðum og hægt er að velja um fjölmargar útgáfur og liti. Von er á þriðju stærðinni af hjólhýsunum

Framhald á síðu 2 ➜




Skemmtileg hjólhýsi í mörgum litum hjá bílasölunni Bílalíf. MYNDIR/ÞÓRSTEINN

> Hjólhýsin eru á mjög hagstæðu verði, eða frá kr. 1.490.000 og möguleiki er að fá 100% fjármögnun ef fólk kýs það.

**Framhald af forsíðu**

á næsta ári. Árið 2020 stefna þeir síðan á framleiðslu á litlum húsbílum.

Hjólhýsin eru á mjög hagstæðu verði, eða frá kr. 1.490.000 og möguleiki er að fá 100% fjármögnun ef fólk kýs það. Hægt er að sérpanta hjólhýsi eftir óskum viðskiptavina. „Við erum með nokkur hjólhýsi á lager en það hefur verið góð sala í þeim sem af er sumri. Þetta er í fyrsta skipti sem að við flytjum þau inn í ýmsum litum. Fólk hefur verið mjög ánægt með þessa litadýrð og hjólhýsin hafa vakið mikla athygli. Til dæmis hafa nokkrir valið sér hjólhýsi í sumar sem er í stíl við litinn á bílnum. Það er mjög skemmtilegt,“ segir Agnar. „Sjón er sögu ríkari.“

## Aukahlutir fyrir bíla

Bílalíf gerði fyrr á árinu samning við stórt evrópskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í ýmsum aukahlutum fyrir bíla og má þar nefna pallhús, palllok, dráttarkróka og margt fleira. Á næstu mánuðum verður hafin sala á ýmsum aukahlutum á sanngjörnu verði.

Allar nánari upplýsingar má sjá á heimasíðunni www.bilalif.is eða koma við á Kletthálsi 2, sími 562 1717. Bílalíf er á Facebook.



Bílar í öllum stærðum og gerðum eru í boði hjá Bílalíf.



Aðgengi er þægilegt á Kletthálsi og einfalt að skoða það sem er í boði.



Það er áhugavert að ganga um stórglæsilegt svæðið á Kletthálsi þar sem Bílalíf er staðsett.



Rúmgóðir fjölskyldubílar eru vinsælir um þessar mundir.



Hjá Bílalíf eru bæði nýir og notaðir bílar. Margra ára reynsla er hjá fyrirtækinu í sölu á bílum.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is




FULLT VERÐ: ~~24.990~~
19.990

FULLT VERÐ: ~~9.995~~
7.995

FULLT VERÐ: ~~5.995~~
4.995

**MOSSEMARKA TJALD**
Frábært 6 manna fjölskyldutjald með tveimur svefnskálum og góðu fortjaldi í miðjunni. Ytra efni: 185T polyester með límdum saumum svo að bleyta nái ekki inn. Þéttur vatnsvarinn botn. 590x235x190 cm. Þéttleiki: 3000 mm/cm². 12,0 kg.
Vnr. 4721800

**NORDMARKA TJALD**
Gott 4 manna tjald með polyester í ytra byrði. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Þéttleiki: 1500 mm/cm². B240 x H130 x L210/310 cm. 4,0 kg.
Vnr. 4704200

**FLENSMARKA TJALD**
Gott 3ja manna tjald með þéttum botni og sterkum stöngum. Límdir saumar. Þéttleiki: 1000 mm/cm².
Þyngd: 2,8 kg. B210 x H130 x L210 cm.
Vnr. 4705000

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +12/+8°C
Lágmarkshiti 0°C
2.995

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +1/-5°C
Lágmarkshiti -12°C
FULLT VERÐ: ~~4.995~~
3.995

20% afsláttur

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +10/+1°C
Lágmarkshiti -17°C
7.995

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +5/-2°C
Lágmarkshiti -18°C
14.990




# ALLT Í **FERÐALAGIÐ**




**DELUXE SKJÓLTJALD, ÚTILEGUBORÐ OG ÚTILEGUSTÓLL**
Sterkt og gott skjóltjald með 3 vængjum og gluggum. Hælar og stangir fylgja. 4,0x1,4 m. ~~6.995~~ nú **4.995** Útileguborð, stillanleg borðplata 60x80 cm **2.495**




VERÐ FRÁ:
1.295

**PUMPUR**
1. Tvívirk AIR 3 lítra pumpa **1.295**
2. TORNADO 12V/220V rafmagnspumpa **1.695**
3. TVE rafmagnspumpa. Gengur fyrir 12 volta og 220 volta innbyggðri hleðslurafhlöðu **5.995**
Vnr. 4714100, 4719800, 6418101

B76 x L191 x H22 cm **1.495**
B137 x L191 x H22 cm **2.495**
B152 x 203 x H22 cm **2.995**
B183 x 203 x H22 cm **4.995**



VERÐ FRÁ:
1.495

**VELOUR VINDSÆNGUR**
Virkilega góðar og vandaðar vindsængur með velourefni.
Vnr. 4733600




VERÐ FRÁ:
199

**ALLT FYRIR KÆLIBOXIÐ**
**1. 24 LÍTRA KÆLIBOX 1.995**
**2. 24 LÍTRA RAFMAGNSKÆLIBOX** sem hægt er að stinga í samband við 12v. í bílnum **6.895**
**3. KÆLIKUBBAR** 2 x 200 gr. **199**
**4. ÍSGEL** Íslensk framleiðsla **399**




**NOLI ÚTILEGUTEPPI**
Flott teppi með vatnsþolnu undirlagi.
Vnr. 907-10-1062

FULLT VERÐ: ~~1.695~~
995




**ÚTILEGUBORÐ**
Samanleggjanlegt borð úr áli og borðplata úr MDF.
B60 x L90 x H70 cm.
Vnr. 39859001

4.995

B52 x L180 x H3 cm **2.995**
B60 x L190 x H5 cm **4.995**
B65 x L190 x H7,5 cm **5.995**



VERÐ FRÁ:
2.995

**NANDAL SJÁLFUPPBLÁSANLEG DÝNA**
Polyurethansvampur og áklæði úr polyester. Grá. Vnr. 4703010, 4703020, 4703030



5.995

**NORTH CAMP DE LUX ÚTILEGUSTÓLL**
Vnr. 42895001




4.895

**HALDEN SÓLSTÓLL**
Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Fæst í svörtum og bláum lit.
Vnr. 3738540

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDIR 19.07 - 24.07

# Góður matur gleður á ferðalaginu

Einfaldur og góður matur er gulls ígildi á ferðalögum um landið. Hér eru nokkrar einfaldar uppskriftir sem ættu að gleðja fjölskyldumeðlimi á öllum aldri á ferðalögum í sumar.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



## Dásamlegt kjúklingasalat á samlokuna

**600 g eldaður kjúklingur, t.d. bringur eða úrbeinuð læri, skorið í smá bita**
**1 bolli kirsuberjatómatar, skornir í helminga**
**½ lítill rauðlaukur, skorinn í þunna strimla**
**1 lítil lárpera, skorin í litla teninga**
**½ selleristöngull, saxaður smátt**
**6 sneiðar steikt beikon, saxið í litla bita.**
**3 harðsoðin egg, skorin í litla bita**
**⅓ bolli majónes**
**1½ msk. sýrður rjómi**
**½ tsk. Dijon-sinnep**
**2 msk. ólívuolía**
**2 hvítlauksrif, söxuð smátt**
**1 tsk. sítrónusafi**
**¼ tsk. salt**
**⅛ tsk. pipar**

Setjið kjúkling, tómata, rauðlauk, lárperu, sellerí, beikon og egg í skál og blandið rólega saman. Blandið í aðra skál majónesi, sýrðum rjóma, sinnepi, ólívuolíu, hvítlauk, sítrónusafa og salti og pipar. Hrærið vel saman og blandið svo saman við kjúklinginn. Smyrjið á gott samlokubrauð. Gott er að setja salatblað með.

## Grískt og sumarlegt kartöflusalat

Það er tilvalið að útbúa salatið áður en lagt er af stað í ferðalagið, til dæmis ef borða á það um kvöldið eða daginn eftir.

Fyrir 6

**1 kg rauðar kartöflur (aðrar duga líka vel), hreinsið vel og skerið í litla munnbita**
**⅓ bolli saxaður rauðlaukur**
**Salt og svartur pipar**
**½ agúrka, kljúfið til helminga, hreinsið fræin (blauta hlutann) og skerið í litla bita**
**1 bolli grísk jógúrt**
**¼ bolli majónes**
**3 msk. fínt söxuð steinselja**
**1 msk. saxað ferskt dill**
**1½ msk. sítrónusafi**
**1 hvítlauksrif, smátt saxað**
**½ tsk. sítrónubörkur (meira ef þið viljið)**

Sjóðið kartöflubita þar til þeir eru tilbúnir (passið að sjóða ekki of lengi). Kælið kartöflubitana. Setjið gúrkubitana á nokkur lög af eldhúsbréfi og þerrið vel. Setjið gúrkubitana í stóra skál, bætið við grísku jógúrtinni, majónesinu, steinselju og dilli, sítrónusafanum og hvítlauknum. Saltið og piprið eftir smekk. Hrærið vel saman. Setjið næst kaldar kartöflurnar út í ásamt rauðlauknum og blandið varlega saman.
Kartöflusalatið geymst vel í loftþéttu íláti í kæli og fer vel með flestu kjöti, laxi og pylsum. Skreytið með smátt saxaðri steinselju og/eða dilli og rifnum sítrónuberki ef aðstaða er til þess í ferðalaginu.

## Barnabollur í ferðalagið

Litlar kaldar kjötbollur ganga vel í unga maga og geymast vel í lokuðu ílátið í kæli. Hægt er að borða þær beint úr dósinni eða dýfa í tómatsósu, sinnep og ýmsar góðar sósur.

**4 egg, hrærð lítillega saman með gaffli**
**⅔ bolli brauðrasp**
**½ bolli smátt rifinn parmesanostur**
**½ bolli fersk smátt söxuð steinselja**
**½ bolli mjög fínt saxaður laukur**
**2 tsk. salt**
**1 tsk. þurrkaðar chili flögur (eða svartur pipar eftir smekk)**
**2 hvítlauksrif, smátt söxuð**
**1,4 kg nautahakk (má gjarnan vera blanda af nauta- og svínahakki)**
**2 msk. ólívuolía**

Setjið allt hráefnið í skál, utan olíunnar, og blandið vel saman. Notið hendur til að móta litlar kjötbollur sem passa sem millimál. Hitið olíu á pönnu og steikið þar til vel brúnar og steiktar í gegn. Hægt er að bragðbæta kjötfarsið með ýmsu kryddi og ferskum og þurrkuðum kryddjurtum.



Bragðgott kjúklingasalat passar vel í samlokuna.



Friskandi grískt kartöflusalat passar með flestum grillmat.



Sígildar kjötbollur ganga vel í börnin og reyndar fullorðna líka.

## Kúrekasmjör

Þessi sósa slær alls staðar í gegn og gengur eiginlega með öllum grillmat; kjöti, fiski og grænmeti.

**250 g smjör**
**Safi úr hálfri sítrónu**
**2 hvítlauksrif, smátt söxuð**
**1 lítill skalottlaukur, smátt saxaður**
**2 msk. Dijon-sinnep**
**1 msk. piparrótarmauk**
**Smá cayenne-pipar**
**¼ tsk. paprikuduft**
**2 msk. söxuð steinselja**
**1 msk. saxaður graslaukur**
**2 tsk. saxað ferskt timían**
**Skvetta af sterkri sósu (e. hot sauce), má sleppa**
**Salt og svartur pipar**

Bræðið smjörið rólega í potti. Bætið næst út í sítrónusafa, hvítlauk, skalottlauk, sinnepi, piparrótarmaukinu, cayenne-pipar og papriku. Hrærið vel saman. Setjið næst steinseljuna, graslaukinn og timían. Smakkið til með salti og pipar. Hellið í skál og berið fram heitt eða volgt.



Kúrekasósan er geggjuð með flestum grillmat.




SUMAR MARKAÐUR
20–50% AFSLÁTTUR
20-40% AFSLÁTTUR
NIKE
30% AFSLÁTTUR
MOUNTAIN HARD WEAR
30% AFSLÁTTUR
MILLET
20% AFSLÁTTUR
HOUDINI
30% AFSLÁTTUR
Columbia
20% AFSLÁTTUR
DEVOLD
20% AFSLÁTTUR
Bergans OF NORWAY
20% AFSLÁTTUR
DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN
30% AFSLÁTTUR
Columbia
30% AFSLÁTTUR
zamberlan
20% AFSLÁTTUR
TRESPASS
20% AFSLÁTTUR
NIKE
30% AFSLÁTTUR
MERIDA
20% AFSLÁTTUR
Coleman Útileguvörur
20% AFSLÁTTUR
PRIMUS
20% AFSLÁTTUR
Coleman Útileguvörur
20% AFSLÁTTUR
Coleman Útileguvörur
Verð birt með fyrirvara um prentvillur
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS
WWW.ELLINGSEN.IS

# Brugðið á leik í bílnum

Bílferðir geta verið langar og leiðinlegar, einkum þegar lítið sést út um glugga. Þá er ekki verra að vera með nokkra góða bílaleiki uppi í erminni eða í hanskahólfinu.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is

Að fara í frí er góð skemmtun en oft getur það verið erfitt að fara í frí þegar um langan akstur er að ræða, leiði og óróleiki taka þá oft yfir og bæði börn og fullorðnir eiga lítið eftir af ferðagleði þegar komið er á áfangastað. Til að koma í veg fyrir að þetta gerist er ágætt að vera búinn að birgja sig upp af skemmtilegum leikjum sem hægt er að leika saman í bílnum og þannig stytta ferðina og varðveita góða skapið. Hér fylgja uppástungur að nokkrum bílaleikjum.

Númeraplötuleikurinn er alltaf sígild skemmtun. Hann fer þannig fram að farþegar í bílnum velja sér ýmist bókstaf eða tölustaf. Síðan þegar bíl er mætt þá er númeraplatan skoðuð og ef hún inniheldur bók- eða tölustaf sem einhver þátttakandi valdi sér þá fær viðkomandi stig. Sá eða sú vinnur sem er með flest stig þegar komið er á leiðarenda. Fyrir yngri farþega er einnig hægt að velja lit og þá nægir að skoða lit bílanna sem mætt er.


Öll fjölskyldan skemmtir sér í bílaleik sem bætir, hressir og kætir. MYND/GETTY

Búmm er skemmtilegur leikur fyrir þá sem kunna margföldunartöfluna. Hann felst í því að leikmenn velja einhverja margföldunartöflu, til dæmis sex sinnum töfluna. Sá eða sú sem byrjar segir einn, næsti tveir og þannig koll af kolli þangað til kemur að sex eða tölu sem gengur upp í sex en þá skal segja búmm. Um leið snýst hringurinn við. Ef einhver gerir villu er viðkomandi úr leik eða fær refsistig.

Orðakeðja fer þannig fram að einn byrjar og segir eitthvert orð og sá sem er næstur verður að finna orð sem byrjar á síðasta staf orðsins. Dæmi er til dæmis rós, sól, lás, snjór, róla og svo framvegis. Ef einhver getur ekki fundið orð er hann eða hún úr leik.

Hver er ég? er skemmtilegur leikur þar sem einn hugsar sér manneskju og hinir eiga að geta upp á því hver það er með því að spyrja spurninga sem aðeins má svara með já eða nei. Afbrigði af þessum leik er dýraríki, jurtaríki, steinaríki þar sem dýr, fjöll og náttúrufyrirbæri koma líka til greina en þá er byrjað á því að finna út hvort um dýraríki, jurtaríki eða steinaríki er að ræða.

Frúin í Hamborg er sígild skemmtun sem getur varað drjúga stund. Fyrir þá sem ekki þekkja fer leikurinn þannig fram að einn leikmaður spyr annan: Hvað gerðirðu við peningana sem Frúin í Hamborg gaf þér? Hinn á þá að svara en má ekki nota orðin já, nei, svart eða hvítt. Leikurinn gengur út á að spyrja og svara hratt og án þess að hugsa of mikið því annars getur leikurinn dregist á langinn.



Í bílnúmeraleiknum er hægt að velja númer eða tölustaf og telja sér svo stig af númeraplötum bíla sem fara í gagnstæða átt.



Bílnúmarleikinn er hægt að leika með öll möguleg bílnúmer.

Svo má ekki gleyma mikilvægi þess að stoppa stundum á löngum bílferðum og teygja úr sér og þá er tilvalið að fara í einn útileik, til dæmis Ungamömmu-leikinn. Hann fer þannig fram að einn er ungamamma, annar rebbinn og afgangurinn er ungar. Ungarnir eru á öðrum enda leikvallarins, mamman á hinum og rebbi fyrir miðju. Svo kallar mamman: Komiði litlu ungarnir mínir. Og ungarnir svara í kór: við þorum ekki! Ungamamma spyr þá: Hvers vegna ekki? Og þeir svara: Refurinn! Mamman spyr: Hvar býr hann? Og ungarnir svara: Í skóginum. Ungamamma segir að lokum: Komið þið bara! Þá taka ungarnir á rás og reyna að komast til mömmunnar en rebbi reynir að veiða þá. Þeir sem rebbi veiðir verða yrðlingar og honum til halds og trausts við veiðarnar. Þegar ungarnir eru komnir yfir, eða hafa breytt um eðli, fer mamman yfir á hinn enda vallarins og leikurinn endurtekur sig þangað til allir ungarnir hafa verið veiddir og allflestir þátttakendur hafa hlaupið úr sér kyrrsetuna í bílnum og eru tilbúnir til að halda áfram för.

Hugmyndir að leikjum eru fengnar úr bókinni 10x10 leikir eftir Sóleyju Ó. Elídóttur.



Langar bílferðir eru ekki endilega í uppáhaldi hjá yngstu kynslóðinni en bílaleikir geta gert kraftaverk.

**Morgundagurinn verður betri með After Party**

**Náttúruleg lausn við timburmönnum**




Amínósýrur, Rósepli, Cactus extract, öflug blanda af B-vítamínum og Magnesíum.

**Virkar vel gegn þynnku**

2 töflur fyrir fyrsta drykk
2 töflur fyrir svefn

**Fæst í apótekum og heilsuhillum verslana**

**www.artasan.is**


ÞÚ ERT
EKKI
ÞÚ ÞEGAR
ÞÚ ERT
SVANGUR
SNICKERS
ER MÁLIÐ!

# Fjölskyldufjör um allt land

## Ferðaglaðir eiga von á góðu næstu helgar og fram á haust en blásið er til bæjarhátíða víða um land. Fjölskylduvæn dagskrá, tónlist og góður matur einkennir hátíðahöldin.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is



Fram undan eru hátíðahöld víða um land og nóg um að vera þótt liðið sé á sumarið. Þær hátíðir sem hægt er að sækja í lok júlí eru helst á Norðurlandi en í ágúst lifnar Suðurlandið við. Hér eru nokkrar bæjarhátíðir tíndar til.

### Iðandi mannlíf við höfnina

Mærudagar á Húsavík fara fram helgina 27. til 29. júlí og hafa verið fastur liður í menningar- og skemmtanalífi bæjarbúa frá árinu 1994. Hátíðin hefur stækkað ár hvert með fjölbreyttri dagskrá og sífellt fleiri sækja Húsavík heim þessa helgi. Bærinn er skreyttur hátt og lágt. Svæðið við höfnina er hjarta hátíðarinnar og iðar af lífi. Dagskrá hátíðarinnar er ávallt fjölbreytt og skemmtileg. Í boði eru hvers kyns uppákomur og þá eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi á fjölmörgum tónlistarviðburðum.“

### Skemmtisiglingar og sjóstangveiði

Trilludagar á Siglufirði fara fram sömu helgi og Mærudagar. Fyrir ökuglaða mætti vel sækja báðar hátíðirnar en ekki er nema um tveggja tíma akstur á milli þessara bæjarfélaga. Á leiðinni mætti líka stoppa við náttúruperluna Goðafoss og koma við á Akureyri.

Á Trilludögum verður gestum boðið upp á sjóstöng og skemmtisiglingar út á Eyjafjörð. Það sem fiskast verður grillað á hafnarbakkanum. Síldargengið fer rúnt um bæinn, Sirkus Íslands kíkir í heimsókn og fjölskyldugrill verður á höfninni ásamt bryggjuballi þar sem Landabandið mun halda uppi fjörinu fram eftir kvöldi.



Fiskidagurinn mikli á Dalvík laðar til sín þúsundir gesta á hverju ári en boðið er upp á bæði tónlistar- og matarveislu. MYND/AUÐUNN



Mærudagar á Húsavavík fara fram dagana 27. til 29. júlí.

### Öllum landsmönnum boðið í mat

Helgina eftir verslunarmannahelgina, eða þann 11. ágúst, brestur Fiskidagurinn mikli á á Dalvík. Sú hátíð hefur fest sig rækilega í sessi í skemmtanalífi landsmanna en þar er bæði boðið upp á tónlistar- og matarveislu enda yfirlýst markmið hátíðarinnar að fólk komi saman, hafi gaman og borði fisk. Íbúar bjóða gestum og gangandi upp á fiskisúpu í heimahúsum og görðum og fiskverkendur bjóða öllum landsmönnum upp á fiskrétti. Þá er blásið til tónleika sem lýkur með flugeldasýningu.

### Sléttusöngur og flugeldasýning

Sumar á Selfossi er fjögurra daga bæjar- og fjölskylduhátíð sem fram fer dagana 9. til 12. ágúst. Íbúar skreyta hverfi bæjarins og boðið er upp á tónleika í Sigtúnsgarðinum og dagskrá fyrir alla fjölskylduna, sléttusöng og flugeldasýningu.

Eftir Sumar á Selfossi er hægt að stökkva aftur norður og sækja tónlistarhátíðina Berjadaga á Ólafsfirði en hún fer fram þann 15. ágúst.

Sömu helgi fara einnig fram Blómstrandi dagar í Hveragerði, þar sem hægt er að sækja áhugaverðar listsýningar og tónlistarviðburði.

Segja má að sunnanvert landið lifni við í hátíðahöldum í ágúst en meðal hátíða sem sækja má í ágúst er Steampunk Iceland á Akranesi dagana 17. til 19. ágúst.

Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli verður um mánaðamótin ágúst september og einnig Ljósanótt í Reykjanesbæ.

Upplýsingar um bæjarhátíðir um allt land er að finna á heimasíðu sambands íslenskra sveitarfélaga.






GIORGIO ARMANI DAGAR

Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI 19. - 25. JÚLÍ

Glæsilegt GIORGIO ARMANI handklæði er kaupaukinn þinn þegar þú kaupir GA vörur fyrir 8.500 kr. eða meira.

20% AFSLÁTTUR AF ARMANI Á KYNNINGUNNI

# Ariana nýtur lífsins á ný

Söngkonan Ariana Grande er komin á fullt aftur eftir að hafa dregið úr tónleikahaldi í kjölfar hryðjuverkaárásar í Manchester í fyrra. Þar féllu 23 ungmenni sem hlýddu á söngkonuna á risatónleikum.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is





Glæsilegir tónleikar Ariönu Grande voru haldnir í Brooklyn í New York þann 11. júlí sl. MYNDIR/NORDICPHOTOS

Ariana hefur greint frá því nýlega að hún hafi átt við áfallastreituröskun að stríða eftir harmleikinn. „Hún segist enn eiga erfitt með að ræða um árásina og vill helst ekki gera það opinberlega. Ég hef rætt við marga aðdáendur mína sem segja nákvæmlega það sama," segir hún. Ariana hefur verið með tónleika í Bandaríkjunum að undanförnu.

Ariana er bandarísk, fædd 26. júní 1993 og er því nýlega orðin 25 ára. Ferill hennar hófst árið 2008 þegar hún kom fram á söngleiknum 13 á Broadway, þá aðeins 15 ára. Eftir það fékk hún hlutverk í sjónvarpsþáttum og hefur léð ýmsum teiknimyndapersónum rödd sína. Árið 2011 sneri hún sér að tónlistinni en fyrsta platan kom úr árið 2013 og nefndist Yours Truly. Eitt lagið, The Way, komst strax á topplista um allan heim. Ariana Grande hefur síðan verið öflugur tónlistarmaður og á marga unga aðdáendur um allan heim. Tónleikar hennar þykja mikið sjónarspil þar sem sviðsetning spilar stórt hlutverk.

Flest lög Ariönu fara á vinsældalista en hún hefur boðað nýja plötu 17. ágúst sem margir bíða spenntir eftir. Tónlistarmyndbönd hennar hafa slegið öll met og hún hefur hlotið fjölda verðlauna, má þar nefna American Music Awards, MTV Europe Awards og Grammy. Hún er á lista Time yfir 100 áhrifaríkasta fólkið í heiminum.

Ariana Grande fæddist á Flórída. Foreldrar hennar fluttu frá New York þegar móðir hennar gekk með hana en þau skildu þegar hún var átta ára. Ariana stundaði nám í leiklistarskóla barna í Fort Lauderdale á Flórída og tók þátt í mörgum uppfærslum, má þar nefna Annie, Galdrakarlinn í Oz og Fríðu og dýrið. Þegar hún var átta ára kom hún fram um borð í skemmtiferðaskipi sem sigldi frá Flórída. Þar söng hún með hinum ýmsu sinfóníuhljómsveitum.

Nýjasta lag Ariönu heitir No tears left to cry og er það samið til að minnast hryðjuverkaárásarinnar í Manchester á síðasta ári. Það er meðal laga á nýju plötunni sem kemur út eftir mánuð. Ariana er með 121 milljón fylgjenda á Instagram og kemur hún þar á eftir Kim Kardashian og Beyoncé. Þær tvær síðarnefndu hafa undanfarið tekið upp hárstíl Ariönu en hún er þekkt fyrir að greiða hárið alltaf í hátt tagl. Ariana Grande verður á forsíðu tískutímaritsins ELLE í næsta mánuði.



Í Metropolitan-safninu á galakvöldverði og með stóra slaufu í taglinu.



Ariana Grande kom fram á iHeartRadio-tónleikum á Banc of California Stadium 2. júní þar sem hún vakti mikla athygli enda flott á sviðinu.



Ariana Grande á labbinu á Manhattan í New York í lok júní.





## Fatalína frá Eminem

Eminem, rapparinn heimsfrægi, og bandaríska tískumerkið Rag & Bone hafa sameinað krafta sína og sendu nýlega frá sér fatalínu í takmörkuðu upplagi undir heiti rapparans. Um er að ræða þrjár tegundir af bolum; The Kamikaze, Success og Graffiti, og inniheldur hver þeirra tilvitnun úr vinsælum textum hans. Auk þess inniheldur línan þrjár hettupeysur í hvítum, grænum og svörtum lit en Eminem sá um alla hönnun.

Flíkurnar fóru í sölu 13. júlí á sérstökum „pop-up“ viðburði á The Sun & 13 Cantons pub í London sem stóð einungis yfir í einn dag. Síðan hafa þær fengist í vefverslun Rag & Bone. Nú þegar eru tvær þeirra uppseldar, hvort tveggja bolir, en áhugasamir geta skráð sig á biðlista hjá Rag & Bone.

Bolirnir kosta rúmlega 10.000 kr. og hettupeysurnar kosta tæplega 27.000 kr. Kynna má sér úrvalið á rag-bone.com/eminem.



## Háhælaðir Crocs njóta vinsælda

Crocs kvennaskór með háum hæl, kallaðir „Crocs Women's Cyprus V Heel“, eru svo vinsælir að þeir hafa selst upp á vefsíðu framleiðandans og kosta nú rúmlega 20 þúsund krónur á Amazon.

Samkvæmt vefsíðu framleiðandans hefur þessi útgáfa glæsilega hannaða ól, hún hylur ristina betur en gamlar útgáfur og skórnir eru með fallegri málmskreytingu. Ólarnar eru með teygju svo þær þrengi síður að fætinum og það er þægilegur froðupúði í botninum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Crocs framleiðir skó með háum hæl, en hingað til hafa fæstir þeirra líkst frumgerðinni sérstaklega. Cyprus V eru öðruvísi, skórnir hafa hefðbundið Crocs-útlit, það er bara búið að bæta við háum hæl.

Það er mikil ánægja með skóna og viðskiptavinir hafa hælt þeim fyrir sanngjarnt verð, þægindi og fjölhæfni. Þeir kostuðu tæpar 6.000 krónur hjá Crocs en þeir sem vilja næla sér í par verða annaðhvort að bíða eftir nýju upplagi frá framleiðandanum eða sætta sig við hátt verð, því skórnir kosta nú rúmar 20 þúsund krónur á Amazon.



# Ný tjákn frá Apple

Emoji-dagurinn var í fyrradag, 17. júlí. Þessi skemmtilegu tjákn frá Apple verða mun fleiri á þessu ári því búist er við 70 nýjum gerðum. Fjölgað verður í hópi rauðhærðra og sköllóttra. Þá verða nýju tákn með krullað hár og jafnvel grátt hár. Einnig verður dýratáknum fjölgað; humar mun bætast við, páfugl og kengúra.

Jeremy Burge, einn af hönnuðum tjáknanna, segir við CNN að fólk geti síðar á árinu valið fleiri háraliti á tjáknin heldur en áður hefur verið unnt. Flestir snjallsímaeigendur senda einhvers konar tjákn þegar þeir skrifa inn á Facebook, senda sms eða spjalla á Messenger. Tjáknin sýna líðan sendandans. Tjáknin eru mjög góð hjálpartæki í skrifuðu máli því þau segja heilmargt en þau ætti samt ekki að nota í vinnunni. Þau eru til daglegrar notkunar í einkalífinu.



Aukin fjölbreytni verður í tjáknunum frá Apple á þessu ári.



# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Hobby excellent 540 UL árg 06.2018 tvö rúm, rafgeymir,hleðsla,sólarsella,fortjald skipti möguleg á fellihýsi raðn, 122643 verð 4.280 þús Erum með aðstöðu hjá Bílalind við breiðhöfða vantar allar gerðir ferðavagna á skrá og planið.

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfða,**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**






### Mótorhjól




### Viðgerðir




## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**GETUM BÆTT VIÐ OKKUR MÁLNINGARVINNU.**

Vönduð vinnubrögð og mikil reynsla.

**Löggildur málarameistari**
**Jón og Marteinn Málningarþj.**
**S: 8611242**

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is






### Önnur þjónusta



www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parketslípun, sólpallaslípun, korkslípun og parketlagnir. S:7728100 Erum á facebook Parket og málun.

## Keypt & Selt

### Til sölu




Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677




STIGA 4WD



Stiga Estate Pro 9122
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
B&S 8240 Intek mótor
Sérstyrktur sláttubúnaður
360 lítra grasuppsöfnunarkassi

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is


## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**FOR RENT**

**TIL LEIGU 2JA HERB. ÍBÚÐ**
For rent two bedroom apartment.

Til leigu góð 2ja herb. 70 fm íbúð með yfirbyggðum svölum í Krummahólum. Reglusemi áskilin.
**Uppl. sendist á antonben@simnet.is eða í síma: 895-9376**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

**KG HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna óskast

**STARFSFÓLK Í BOÐI**
Höfum í okkar röðum áreiðanlegt og reynslumikið starfsfólk í hin ýmsu verkefni. Meðal annars í smíðavinnu, flísalagnir og aðra múrvinnu, pípulagnir, vélavinnu og málningarvinnu ásamt allri almennri verkamannavinnu.
**Manngildi Starfsmannaþjónusta**

**s.780-1222**


Barnaheill Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd og umönnun







## Til sölu


FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S.773-4700 og 520-3500

**Veitingastaður á Laugavegi**

Til sölu rekstur vinsæls veitingataðar á Laugvegi sem tekur 50 gesti í sæti. Vínveitingaleyfi.

Geysivinsæll á Trip Advisor. Gott tækifæri.

Uppl. veitir Óskar Mikaelsson á netfanginu oskar@atveignir.is og 773-4700

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700





**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK**

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | Sími 419 9000 info@handafl.is | **handafl.is**


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


EYJALIND **Gúmmíbelti** - Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
*Verið hjartanlega velkomin.*
Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

HÖFÐABÓN
**BÓN OG ÞVOTTUR**
Hægt að panta tíma á hofdabon.is
Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is


Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

Skipulagsstofnun

## Mat á umhverfisáhrifum

**Athugun Skipulagsstofnunar**

### Stækkun kjúklingabús að Hurðarbaki, Hvalfjarðarsveit

Matfugl hefur tilkynnt til umfjöllunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um ofangreinda framkvæmd.

Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 19. júlí til 31. ágúst 2018 á eftirtöldum stöðum: Á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: **www. skipulag.is.**

Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **31. ágúst 2018** til Skipulagsstofnunar bréfleiðis eða með tölvupósti á **skipulag@skipulag.is.**

**Skipulagsstofnun**

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing
### um tillögu að deiliskipulagsbreytingu Ólafsvalla á Stokkseyri.

Samkvæmt 1.mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að breyttu deiliskipulagi Ólafsvalla á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Breytingin felst í að sex einbýlishúsalóðum við norðanverða götu er breytt yfir í par- og raðhúsalóðir en á síðustu misserum hefur eftirspurn eftir slíkum lóðum aukist á Stokkseyri. Gatan Ólafsvellir liggur til norðurs frá Hásteinsvegi og liggja tveir botnlangar út frá henni til vesturs. Syðri botnlanginn (lóðir 1-12) er nú fullbyggður. Breytingin nær til nyrðri hluta nyrðri botnlangans (lóðir 14-24) þar sem í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 6 einbýlishúsalóðum.
Í breytingu þessari er einbýlishúsalóðum nr. 14, 16, 18, 20, 22, 24, breytt þannig að þær verða gerðar að 2 parhúsalóðum og 2 raðhúsalóðum þar sem hver lóð er með 3 íbúðum.
Heildarútkoman er þannig að í stað 6 einbýlishúsalóða koma 10 íbúðir, 4 í parhúsum og 6 í raðhúsum.
Skilmálar fyrir svæðið breytast ekki að öðru leyti, og hefur breytingin ekki áhrif á núgildandi skipulag. Byggingar og staðarval þeirra skulu vera í samræmi við gildandi lög um mannvirki og byggingarreglugerð.

Teikningar ásamt greinargerð (skilmálum), vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags og- byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi frá og með 19. júlí 2018 til og með 30. ágúst 2018.
Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila athugasemdum rennur út 30. ágúst 2018 og skal þeim skilað skriflega til skipulags og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags og- byggingarfulltrúa í netfangið bardur@arborg.is.

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi*








Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is


PLUG & PLAY
HITAVEITUSKELJAR
USA 76 NL
STÆRÐ 193 X 193
3 LITIR Í BOÐI
BLÁR
PERLUSVARTUR
LJÓS GRÁR
CEDRUS
KLÆÐNING
USA 84 NL
STÆRÐ 210 X 210
3 LITIR Í BOÐI
BLÁR
PERLUSVARTUR
LJÓS GRÁR
3
ÞRÍR LITIR Í BOÐI Á VIÐHALDS-
FRÍUM KLÆÐNINGUM
Clearwater Spas
USA 93 NL
STÆRÐ 230X 230
3 LITIR Í BOÐI
BLÁR
PERLUSVARTUR
LJÓS GRÁR
HEITIRPOTTAR.IS
Heitirpottar / Höfðabakki 1 við Gullinbrú / 110 Reykjavík / Heitirpottar.is / sími: 777 2000

**100% ÍSLENSKT** ungnautakjöt




**498** kr. 2x120 g

**598** kr. 2x140 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x100 g, 2x120 g og 2x140 g

**ÍSLENSKT** Grísakjöt




**1.298** kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Kryddaðar

# FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS

**3,5kg**




**598** kr. 3,5 kg

**Royal Oak Grillkol**
3,5 kg




**259** kr. 600 g

**Heima Einnota Grill**
600 g




**89** kr. 90 g

**ES Súkkulaði**
4 teg., 90 g




**359** kr. 255 g

**Pik-Nik Kartöflustrá**
255 g

# KASSATILBOÐ

Aðeins **65kr.** dósin




**ÍSLENSK** framleiðsla

**1.560** kr./ks.

**Pepsi eða Pepsi Max kassi**
24x330 ml




**98** kr. 500 ml

**Egils Kristall**
Sítrónubragð, 500 ml

**ENGIN KOLVETNI**
80 mg koffein




**69** kr. 250 ml

**ES Orkudrykkur**
Sykurlaus, 250 ml

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




500ml

AÐEINS AÐ HITA

**498** kr. 500 ml

**ÍS Piparostarjómasósa,** 500 ml
**ÍS Rjómasveppasósa,** 500 ml




KJARNAFÆÐI

**1.298** kr. kg

**Kjarnafæði Lambalæri**
Argentína, kryddað, stutt læri
eða Heiðalamb, kryddað

ÍSLENSKT Lambakjöt

GÓÐAR með öllum mat




**259** kr. 270 ml

**Bónus Grillsósur**
270 ml, 2 teg.

## GRILLVEISLAN BYRJAR Í BÓNUS

ÍSLENSKT Lambakjöt



**2.798** kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddaðar

Miðlærissneiðar
ÍSLENSKT Lambakjöt




**2.598** kr. kg

**Íslandslamb Lærissneiðar**
1. flokkur, kryddaðar

ÍSLENSKT Lambakjöt




**1.398** kr. kg

**Kjarnafæði Lambasirloinsneiðar**
Kryddaðar

## BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00



ÞETTA GERÐIST: 18. JÚLÍ 1963

## Stórbruni við Rauðarárstíg

Gasverksmiðjan Ísaga við Rauðarárstíg brann þennan dag árið 1963. Miklar sprengingar urðu í fullum gasgeymum og húsið varð að eldhafi á svipstundu. Mikill þrýstingur fylgdi sprengingunum svo slökkviliðsmenn voru í bráðri hættu og féllu iðulega um koll. Töluverðar skemmdir urðu einnig á húsum í nágrenninu og flúði fólk íbúðir sínar.

Tveir menn voru inni í byggingunni þegar eldurinn kom upp en þeim tókst að leita skjóls í súrefnisbyggingu sem var það rammlega varin að þeir héldu lífi.



Valgarður Gunnarsson, Ásdís Spanó og Harpa Árnadóttir eru helmingur hópsins sem sýnir í Nesstofu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGRYGGUR ARI

# Þetta er kveðjugjörningur

**Sex myndlistarmenn, sem flutt hafa vinnustofur úr Bygggörðum á Seltjarnarnesi vegna framkvæmda þar, hafa sett upp sýningu í Nesstofu. Meðal þeirra er Harpa Árnadóttir.**

Mér fannst upplagt að hóa hópnum saman og setja upp samsýningu í Nesstofu á verkum sem við höfum búið til í Bygggörðum, hér í næsta nágrenni. Við höfðum þar vinnuaðstöðu mislengi en förum nú hvert í sína áttina því þar eru fyrirhugaðar svo miklar byggingarframkvæmdir. Þetta er kveðjugjörningur,“ segir Harpa Árnadóttir myndlistarmaður. Ásamt henni eru það Ásdís Spanó, Davíð Örn Halldórsson, Hanna Kristín Birgisdóttir, Kristín Reynisdóttir og Valgarður Gunnarsson sem eiga verk á sýningunni sem heitir einfaldlega Nesið kvatt. Hún er opin frá fimmtudögum til sunnudaga, að báðum dögum meðtöldum.

Nesstofa er friðuð, því má ekki reka nagla í vegg eða setja mark á húsið á annan hátt. Harpa segir það bara ögrandi. „Það er mikil saga í veggjum þessa húss,“ segir hún. „Við Valgarður sýndum hér fyrir fimm árum fyrst. Þá hafði ég verið að guða á gluggana hér þegar ég var í göngutúrum og fékk leyfi hjá Þjóðminjasafninu til að halda sýningu. Það er svo gjöfult að máta sig við svona rými og hugsa í leiðinni um fyrsta landlækninn, ljósmæðurnar, lyfsöluna og eldprestinn sem mér skilst að hafi eitthvað lært til lækninga hér. Svo er útsýnið vítt og að standa hér á túninu er svipuð tilfinning og að standa á hlaðinu við Skálholt. Náttúrufegurðin og sagan blandast saman.

gun@frettabladid.is















Ástkæri maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og vinur,

**Sigurður Júlíus Stefánsson**

lést á Landspítalanum þann 14. júlí síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju 24. júlí næstkomandi kl. 13.00.

**Kristín Benediktsdóttir**
**Ingólfur Sigurðsson** **Erna Þorsteinsdóttir**
**Kristjana Lind Sigurðardóttir**
**barnabörn og fjölskylda.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Áslaug María Þorsteinsdóttir**

frá Akureyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 14. júlí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 26. júlí kl. 13.30.

**Björn Olsen Jakobsson**
**Elva Björk Björnsdóttir**
**Sigrún Vala Björnsdóttir** **Fadhel Meddeb**
**Svala Ýrr Björnsdóttir** **Bragi Egilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Þökkum samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Helgu Valdimarsdóttur**

Innilegar þakkir til starfsfólks Fríðuhúss fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Haukur Schram, Ólafur Schram, Jórunn Hilmarsdóttir,**
**Linda Hauksdóttir Lidén, Anders Lidén,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Stefánsdóttir**

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 20. júlí klukkan 13.00.

**Ólafur W. Nielsen**
**Guðrún Nielsen** **Vilmundur Guðnason**
**Ólafur K. Nielsen** **Björg Þorleifsdóttir**
**Þorgerður Nielsen** **Ágúst Böðvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og kveðjur við andlát og útför okkar ástkæra

**Sturlu Þórðarsonar**

tannlæknis.

Minningar um góðan mann lifa.

**Unnur G. Kristjánsdóttir**
**Snorri Sturluson** **Guðrún Birna Finnsdóttir**
**Auður Sturludóttir** **Benjamin Bohn**
**María Birna Arnardóttir** **Arnar H. Jónsson**
**Guðmunda Arnardóttir** **Kim Back**
**og barnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jónas Grétar Sigurðsson**

lést laugardaginn 07.07.18. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju mánudaginn 23.07.18, kl. 13.00.

**Gróa Magnúsdóttir**
**Magnús Jónasson**
**Sigurður Jónasson** **Hlíf Garðarsdóttir**
**Ragnheiður Jónasdóttir** **Sigurður Einar Þorsteinsson**
**Ingigerður Jónasdóttir** **Róbert Árni Róbertsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Explore

## SKÓLATÖSKUR



eitt verð:

**12.990**







- **Létt og þægileg**
  Góð hólf, bæði lítil og stór.
- **Góður stuðningur við bak**
  Bringuól heldur töskunni stöðugri á baki barnsins.
- **Sniðin að þínum þörfum**
  Stillanlegar, bólstraðar og breiðar axlarólar.
- **Tvær töskur í einni**
  Auðvelt að renna af og á eftir þörfum.

**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

**SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Hæg norðlæg eða breytileg átt í dag, skýjað og líkur á stöku skúrum, en skýjað með köflum suðvestan til. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast á Suðausturlandi.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 9° | 13° |
| ↗2 | →3 | →3 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 13° | 11° | 8° |
| ↓2 | ←4 | ↑7 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 11° |
| ↖4 | ↖4 | ↓2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 14° | 11° | 9° |
| ↓5 | ←2 | ↑5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 2 | 9 | | | | 7 | 5 |
| 6 | | | | 7 | 5 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | 6 | | | |
| | | | | 9 | | | | 6 |
| 9 | 3 | 6 | | | | 2 | | |
| | 8 | 1 | 5 | | | 3 | | |
| | 5 | | | 2 | 9 | | | 7 |
| 8 | | | 6 | 4 | | | 2 | |
| | | | | | | 1 | 4 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | | 7 | | | | 2 |
| | | | 5 | | 2 | 6 | | 8 |
| | 4 | 5 | | | 1 | | | 3 |
| | | | | 6 | | | 8 | |
| | | | | 1 | 5 | | | |
| | | 7 | 2 | 9 | | | 3 | |
| | | | 9 | | 7 | | | |
| | | 4 | 3 | 5 | | 2 | 7 | |
| | 8 | | | 2 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | | | | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | 8 | | 3 | | | | 4 | |
| | 4 | 8 | 7 | | | | 6 | 3 |
| | | | 2 | | | | | 1 |
| | | | | | 6 | | 8 | |
| 2 | | 3 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | 7 | | | | 2 |
| | 1 | | 9 | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. helmings
5. árkvísla
6. tveir eins
8. síðri
10. í röð
11. að
12. tónlist
13. mjög
15. beituskel
17. snjóhrúga

**LÓÐRÉTT**
1. skyggni
2. kaupbætir
3. draup
4. lína
7. heimting
9. dugur
12. umrót
14. reiðubúinn
16. vafi



**LÁRÉTT: 1.** hálfs, **5.** ála, **6.** tt, **8.** lakari, **10.** fg, **11.** til, **12.** rokk, **13.** afar, **15.** kúskel, **17.** skafl.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálfþak, **2.** álag, **3.** lak, **4.** strik, **7.** tilkall, **9.** atorka, **12.** rask, **14.** fús, **16.** ef.

## Skák Gunnar Björnsson

Vitkovsli átti leik gegn Blaszak í Póllandi árið 1953.



**Hvítur á leik**

**1. Dxe5+!! Rxe5 2. Bf6+ Kh6 3. Bg7+ kh5 4. Hh6# 1-0.** Stefán Bergsson teflir á alþjóðlegu móti í Serbíu, Vignir Vatnar á Krít og Hannes Hlífar Stefánsson og Jóhann Hjartarson hefja brátt þátttöku á mótum í Tékklandi og Danmörku.

**www.skak.is:** Sumarmót við Selvatn í dag.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 8 | 5 | 6 | 1 | 9 | 7 | 4 |
| 9 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 2 | 8 |
| 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 5 | 2 | 8 | 3 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 5 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 8 | 6 | 4 | 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 8 | 9 | 5 | 4 | 6 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 8 | 9 | 4 | 3 | 6 | 2 | 5 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 |
| 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 9 | 3 | 6 |
| 8 | 6 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 6 | 5 | 7 | 4 | 2 | 9 | 1 | 8 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 4 |
| 4 | 8 | 2 | 7 | 3 | 1 | 5 | 6 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 5 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 5 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 5 | 6 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 1 | 7 | 3 |
| 5 | 7 | 1 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 |
| 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 1 |
| 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 7 | 3 | 9 | 6 | 4 | 1 | 5 | 8 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# FERÐALAGIÐ HEFST Í NETTÓ!




**LÚXUS GRÍSAGRILLPAKKI**
BÓGSNEIÐAR, HNAKKASNEIÐAR OG KÓTILETTUR
**949 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.898 KR/KG~~




**KALKÚNASNEIÐAR**
MARINERAÐAR
**1.679 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.798 KR/KG~~




**KJÚKLINGABRINGUR**
Í GRILLMARINERINGU
**1.889 KR/KG**
ÁÐUR: ~~2.698 KR/KG~~




**BLÁSKEL**
**1.199 KR/KG**
ÁÐUR: ~~1.598KR/KG~~

VÍNBERJATVENNA
50% AFSLÁTTUR!




ÓMÓTSTÆÐILEGIR OG MÁ SKELLA FROSNUM BEINT Á GRILLIÐ!




**HAMBORGARAR**
DRY AGED 8 X 120 G
**1.594 KR/PK** 8 STK
ÁÐUR: ~~1.898 KR/PK~~




**RISARÆKJA**
FROSIN
**3.044 KR/KG**
ÁÐUR: ~~4.058 KR/KG~~




**HÖRPUSKEL**
STÓR - FROSIN
**4.874 KR/KG**
ÁÐUR: ~~6.499 KR/KG~~

FRÁBÆRAR GRILLSÓSUR!




HOLLIR OG ÓDÝRIR GRAUTAR FRÁ ELLA'S!







**FRUIT SHOOT**
4 STYKKI - APPELSÍNUBRAGÐ
**262 KR/PK**
ÁÐUR: ~~349 KR/PK~~




**MARS SÚKKULAÐI**
4 STYKKI
**224 KR/PK**
ÁÐUR: ~~298 KR/PK~~




**KIT KAT**
4 STYKKI
**149 KR/PK**
ÁÐUR: ~~199 KR/PK~~

# ÆVINTÝRI Í PAPPÍRSFORMI!




**Afi sterki - Hættuför að Hlíðarvatni**
**TILBOÐSVERÐ: 1.999.-**
Verð áður: 2.499.-




**Af hverju ég?**
Verð: 3.299.-




**Hrúturinn Hreinn - Sögur frá Flóamýri**
Verð: 599.-




**Fimm vinir í leik og lestri - Lesbók**
Verð: 1.999.-




**Geitungurinn 1 - 2**
Verð: 1.244.- (stk.)




**Amma glæpon**
Verð: 2.999.-




**Hulduheimar 4 - Hafmeyjarif**
Verð: 1.699.-




**Ofurhetjuvíddin**
Verð áður: 3.899.-




**Ljósin í turninum**
Verð: 1.299.- (stk.)




**Lukka og hugmyndavélin í svakalegum sjávarháska**
Verð: 3.999.-




**Að velja Vask**
Verð: 1.799.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

2016 Framúrskarandi fyrirtæki

abcdefghijklmnopqrstuvwxyz




Fimm vinir í leik og lestri - Vinnubók
Verð: 1.999.-




Hrollur - Besti vinur minn er ósýnilegur
Verð: 2.499.-




Hrollur - Draugaskólinn
Verð: 2.499.-




Bætum okkar skólafærni
Verð: 3.163.-




Lína langsokkur (allar sögurnar)
Verð: 4.148.-




Nanna á fleygiferð
Verð: 1.555.-




Stafakarlarnir
Verð: 4.399.-




Skúli skelfir - 3 saman í pakka
Verð: 2.999.-




Vera til vandræða bækurnar
Verð: 1.999.- (stk.)




Binna B. Bjarna bækurnar
Verð: 1.499.- (stk.)




Tinna trítilmús - Vargur í Votadal
Verð: 2.899.-




Byrjum snemma að læra og leika
Verð: 2.799.-


Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Svanasöngur feðraveldisins á vissan hátt

**Tón- og leikverkið Monument, sem byggt er að hluta til á leikriti Shakespeares Lé konungi verður frumflutt á hátíðinni LungA á Seyðisfirði í kvöld af listafólki úr hópnum Source Material sem Samantha Shay stýrir.**



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Við ætlum að flytja Monument í hljóðskúlptúrnum Tvísöng sem er uppi í hlíðinni fyrir ofan Seyðisfjörð,“ segir listakonan Samantha Shay um þverfaglegt verk sem hún á stóran þátt í og verður heimsfrumflutt á listahátíðinni LungA í kvöld klukkan 20. Það er innblásið af leikritinu um Lé konung eftir William Shakespeare og Shay segir það vera svanasöng feðraveldisins á vissan hátt.

Verkið Monument bræðir saman tónlist, texta og leikræna tjáningu, að sögn Shay. Hún er við æfingar á Seyðisfirði og hrósar staðnum fyrir fegurð, orku og kyrrð sem ótvírætt skerpi einbeitinguna. Kveðst þó aldrei hafa leikstýrt verki úti við, svo hún sé virkilega að stíga út fyrir þægindarammann.

„En skúlptúrinn Tvísöngur magnar upp tóna og titring og það er áhugavert. Shakespeare sagði einmitt að titringur mannsraddarinnar réði hringlaga kerfum alheimsins þannig að það er mjög viðeigandi að sýna svona verk í hringlaga hljóðskúlptúr. Svo er það birtan. Í leikhúsinu er ég vön að vinna með myrkur en get hvergi falið mig þar sem bjart er allan sólarhringinn heldur verð að nýta náttúruna og umhverfið til að segja þessa sögu,“ segir Samantha.



„Verkið Monument bræðir saman tónlist, texta og leikræna tjáningu,“ segir Samantha Shay leikstjóri og meðhöfundur verksins. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Sýningin verður í Tvísöng, skúlptúr eftir Lukas Kühne sem er í Þófunum rétt fyrir ofan Seyðisfjarðarkaupstað. Myndin er í eigu Skaftfells. LJÓSMYND/GODDUR

Tónlistin í verkinu er frumsamin af Jófríði Ákadóttur, Áslaugu Magnúsdóttur, Paul Evans og dönsku leik- og tónlistarkonunni Nini Julia Bang. Öll tilheyra þau listahópnum Source Material sem áður hefur komið við sögu í íslensku menningarlífi og hlaut tvær tilnefningar til Grímuverðlauna í ár fyrir verkið A Thousand Tongues.

Samantha Shay er stofnandi og stjórnandi Source Material. Hún kveðst hafa kennt í vinnusmiðju á LungA í fyrra og verið beðin að sýna þar verk á síðustu stundu. „Við Jófríður og Áslaug Rún höfðum talað um að skapa verk saman, byggt á Lé konungi, þannig að úr varð að við frumfluttum verk í vinnslu, samruna tónleika og líkamlegrar tjáningar sem var að miklu leyti spunnið á staðnum. Það kom mjög vel út og því var ákveðið að koma aftur að ári með stærri og þróaðri sýningu.“

Shay kveðst hafa sterka tengingu við Shakespeare. „Ég var ung þegar ég fattaði að ég gæti sagt sannleikann á stórum skala með Shakespeare. Að ég hefði kraft í líkamanum og að ljóð gætu verið heiðarlegasti hlutur í heiminum. Ég vil ögra þeim viðteknu hugmyndum að verk Shakespeares séu gömul og akademísk. Mér finnst þau vera eins og galdraþula, goðsagnir og tónlist sem getur leikið með mannslíkamann eins og hljóðfæri. Mitt markmið með Monument er að deila eigin reynslu af Shakespeare með áhorfendum.

Aðeins tvær sýningar verða á Monument, í kvöld og annað kvöld. Báðar sýningarnar hefjast klukkan 20.

## Gestir koma fyrst inn í fjósið sem er með alveg gullfallegu steingólfi

Útihús við bæinn Kleifar í útjaðri Blönduóss hafa laðað að sér margan ferðalang undanfarið enda stendur þar yfir myndlistarsýning Sigurðar Guðjónssonar, Innljós, sem Listasafn ASÍ stendur fyrir.

„Við vorum að endurvinna sýninguna sem var í kapellunni í St. Jósefsspítala í Hafnarfirði í fyrra og setja hana upp í nýju rými, það er að segja í útihúsum,“ segir Sigurður og viðurkennir að aðstæðurnar séu ansi ólíkar.

„Þetta er náttúrlega allt annar staður, mun hrárra rými en þess vegna er útkoman líka önnur. Við erum að tala um aflagt fjós, hlöðu og vinnuskúr. Ég horfði á rýmið sem nokkurs konar skúlptúr og mótaði verkin inn í hann. Gestir koma fyrst inn í fjósið, sem er með alveg gullfallegu steingólfi. Þaðan er gengið í hlöðuna og þar er gólfverk, svo endar sýningin inni í skúrnum. Þetta er svona ferðalag.“



Við opnun sýningarinnar. Elísabet Gunnarsdóttir safnstjóri ASÍ, Sigurður Guðjónsson, Áslaug Thorlacius og Finnur Arnar Arnarson ábúendur á Kleifum.

**MÉR FINNST ÁHUGAVERT AÐ LÁTA REYNA Á VERKIN OG SJÁ HVERNIG ÞAU STANDA SIG Í NÝJUM AÐSTÆÐUM.**

Í kapellunni gat fólk séð gólfverkið frá mismunandi sjónarhornum, meðal annars ofan af svölum. Sigurður segir að í hlöðunni sé líka hægt að virða það fyrir sér ofan af palli. Gólfverkinu fylgir hljóð, Sigurður hælir hljómburðinum í hlöðunni á hvert reipi og segist heillandi hvernig hljóðið kastist í steinveggina.

Uppsetningin var skemmtilegt verkefni að kljást við, að sögn Sigurðar. „Mér finnst áhugavert að láta reyna á verkin og sjá hvernig þau standa sig í nýjum aðstæðum. Þau þurfa svolítið að hafa fyrir því,“ segir hann og bætir við: „Það er líka svo gaman að sýna úti á landi og það mér kemur skemmtilega á óvart hversu góð aðsóknin er. Auðvitað fara margir um þjóðveg eitt og þaðan er bara mínútu bíltúr að Kleifum, rétt vestan við Blöndubrúna, landmegin.

Sýningin er opin alla daga frá klukkan 10 til 22 fram á sunnudag, 22. júlí. gun@frettabladid.is

# SAMSUNG

# Gott úrval af gæðavörum

## Verið velkomin í Lágmúla 8



**Kæliskápur 202cm**
RB36J8035SR
Stál. Heildarrými: 357 lítrar. Kælirými: 247 lítrar. Frystirými: 110 lítrar. Mál B-H-D í mm: 595 x 2017 x 597
**Verð: 149.900,-**



**Tvöfaldur Kæliskápur**
RS7567THCSR
Stál. Heildarrými: 532 lítrar. Kælirými: 361 lítrar. Frystirými: 171 lítrar. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 912 x 1789 x 754.
**Verð: 189.900,-**



**Tvöfaldur Kæliskápur**
RH56J6917SL
Stál. Heildarrými: 555 lítrar. Kælirými: 376 lítrar. Frystirými: 179 lítrar. Klakavél. Twin Cooling, aðskilin kælikerfi.
Mál B-H-D í mm: 912 x 1794 x 732.
**Verð: 279.900,-**



**Tvöfaldur Kæliskápur**
RFG23UERS1
Stál. Heildarrými: 520 lítrar. Kælirými: 396 lítrar. Frystirými: 124 lítrar.Twin Cooling, aðskilin kælikerfi. Klakavél. Mál B-H-D í mm: 908 x 1774 x 774.
**Verð: 289.900,-**



ecobubble TECHNOLOGY

**WF70 Þvottavél**
7 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
**Verð 64.900,-**



**DV70 Þurrkari**
7 KG. barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
**Verð 89.900,-**

Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð

ecobubble TECHNOLOGY

**HVAÐ ER ECO BUBBLE?**
Leysir upp þvottaduft undir þrýstingi og myndar kvoðu, svo duftið leysist upp á um það bil 15 mín, í stað 30-40 ella.



ecobubble TECHNOLOGY

**WW80 Þvottavél**
8 KG. 1400 SN.
Eco Bubble
**Verð 69.900,-**



**DV80 Þurrkari**
8 kg barkarlaus þurrkari.
Varmadæla í stað elements.
**Verð 109.900,-**

**SAMSUNG**
DW60M6051UW

*Uppþvottavél*



Framhlið er hvít • Tekur 14 manna stell • 7 þvottakerfi. - 60 mín. hraðkerfi • Starttímaseinkun • Orkunýtni A++ • Orkunotkun á ári (kWst) : 266 • 44db • Stillanleg efrigrind • Grind efst fyrir hnífapör • 3 þvottaarmar
**kr. 84.900,-**

**SAMSUNG**
DW60M6051US

*Uppþvottavél*



Framhlið úr burstuðu stáli • Tekur 14 manna stell • 7 þvottakerfi • Starttímaseinkun • Orkunýtni A++ • Orkunotkun á ári (kWst) : 266 • 44db • Stillanleg efrigrind • Grind efst fyrir hnífapör • 2 þvottaarmar
**kr. 89.900,-**

## Örbylgjuofnar af betri gerðinni

**SAMSUNG** MS23-F301EAS



800w

**Örbylgjuofn**
Keramik-emeleraður að innan
**Verð kr. 18.900,-**

**SAMSUNG** MS28J5255UB



1000w

**Örbylgjuofn**
Keramik-emeleraður að innan
**Verð kr. 27.900,-**

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

**LOKAÐ LAUGARDAGA Í SUMAR**

**SAMSUNG SETRIÐ**

NÚ TIL HÚSA Í LÁGMÚLA 8

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON** | **ORMSSON** | **KS** | **SR BYGG** | **ORMSSON** | **PENNINN** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **ORMSSON** | **GEISLI** | **TÆKNIBORG** | **OMNIS** | **BLÓMSTURVELLIR** |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |



Webasto Air Top olíumiðstöðvar í húsbíla, 2 - 5,5kW
Verð frá kr. 166.000,-
BÍLASMIÐURINN HF
BÍLDSHÖFÐA 16
SÍMI: 567-2330
www.bilasmidurinn.is • bilasmidurinn@bilasmidurinn.is
Webasto
Feel the Drive

evapolar

Þín eigin skrifborðskæling!
Kæli-, raka- og lofthreinsitæki, allt í einu tæki.
Kynningarverð aðeins kr. 37.227 m.vsk.
Kælitækni

Njóttu þess að fara í sund / sjósund
Verndaðu eyrun með Ear Band-It Ultra eyrnaböndum og eyrnatöppum
Hannað af háls- nef- og eyrnalæknum

Fyrirbyggjandi vörn gegn eyrnabólgu og nauðsynlegt fyrir þá sem eru með rör í eyrum eða viðkvæm eyru.
Til í þremur stærðum.
S - frá 1. til 3. ára
M - frá 4. til 9 ára
L - frá 10 ára og eldri (fullorðnir)
Pakkinn inniheldur bæði eyrnatappa og eyrnaband.
Fæst í apótekum, Sundlaug Kópavogs, Útilíf, Heimkaup og barnavöruverslunum.

FÁNAR
LÍMMIÐAR
AUGLÝSINGASKILTI
Þú hannar og pantar á vefnum hjá okkur.
Við gefum hugmyndum þínum vængi sem sjást.
FjölPrent
Gefur hugmyndum vængi
Fjölprent
Norðlingabraut 14
fjolprent.is
S. 581 4141




Vindurinn laumaði sér undir svuntur sumra stúlknanna í Hamrahlíðarkórnum í myndatökunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Fyrst Gljúfrasteinn, svo Tallinn

## Stofutónleikar Hamrahlíðarkórsins á Gljúfrasteini á sunnudag verða upptaktur að tónleikaferð til Tallinn á stærstu kórahátíð Evrópu, Europa Cantat. Þorgerður Ingólfsdóttir stjórnar.

Hamrahlíðarkórinn, undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur, fyllir Gljúfrastein af æsku og söng þegar hann kemur fram í fyrsta sinn í stofunni í húsi skáldsins nú á sunnudaginn, 22. júlí. Á efnisskránni eru meðal annars lög eftir Jóhann G. Jóhannsson, Jón Þórarinsson, Gunnar Reyni Sveinsson og Atla Heimi Sveinsson við ljóð Halldórs Laxness.

Kórinn undirbýr nú ferð til Tallinn í Eistlandi á virtustu og stærstu kórahátíð Evrópu, Europa Cantat. „Þessi hátíð er haldin á þriggja ára fresti, á ólíkum stöðum í álfunni. Hamrahlíðarkórinn hefur verið þar fulltrúi Íslands frá árinu 1976 og kynnt íslenska tónlist fyrir heiminum. Þetta verður í þrettánda sinn,“ segir Þorgerður kórstjóri og heldur áfram: „Við förum annan föstudag. Flestir kórfélagar eru að fara í fyrsta sinn á hátíðina en nokkrir voru með okkur fyrir þremur árum í Ungverjalandi. Við vorum valin þá í stórt sameiginlegt verkefni sem var h-moll messa Bachs. Nú verðum við með í verki eftir Arvo Pärt, auk þess að syngja íslensk lög á hverjum degi alla hátíðina.“ gun@frettabladid.is

# Konur á föstudeginum þrettánda

**TÓNLIST**

**Söngtónleikar**

★★★★☆

**Sönghópurinn Olga (Jonathan Ploeg, Arjan Lienaerts, Matthew Lawrence Smith, Philip Barkhudarov og Pétur Oddbergur Heimisson) flutti blandaða dagskrá helgaða konum.**

**Hafnarborg**
**föstudagurinn 13. júlí**

Nöfn á tónlistarhópum hér á landi voru lengi afar formleg, svo sem Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Tríó Reykjavíkur og þar fram eftir götunum. Nú er öldin önnur. Einn fremsti strengjakvartett landsins heitir bara Siggi. Einnig er til Sönghópurinn Olga, sem samanstendur eingöngu af karlmönnum, fimm talsins. Hann tróð upp á tónleikum á Sönghátíð í Hafnarborg á föstudagskvöldið. Tónleikarnir báru yfirskriftina „It's a Woman's World“. Dagskráin var í takt við nafnið, helguð konum og femínisma.

Þetta var föstudagurinn þrettándi. Ekkert óhapp átti sér stað á tónleikunum en sviðsmyndin var engu að síður óheppileg. Á meðan sungin voru lög eftir hvert kventónskáldið á fætur öðru, gláptu á mann gamlir karlar í jakkafötum. Hafnarborg er fyrst og fremst gallerí og á veggnum fyrir ofan sviðið var samansafn af stífum og litlausum portettmyndum. Það var eins og karlarnir þar væru að segja: Syngið bara eins og þið getið um einhverjar kerlingar, en það erum við sem drottnum!

Burtséð frá sviðsmyndinni þá voru tónleikarnir skemmtilegir. Þeir hófust á laginu O Frondens Virga eftir Hildegard af Bingen, sem var uppi á 12. öld. Hún var snillingur og tónlistin hennar er í senn upphafin og full af dulúð. Yfirleitt heyrir maður lagið sungið af konum en Olga var með allt á hreinu, söngurinn var vandaður og túlkunin þrungin andakt.




Næsta lag var af allt öðru sauðahúsi, Feelin' Good, eftir Anthony Newley, eins og Nina Simone söng það. Takturinn var líflegur, söngurinn kröftugur og yfirbragðið kímið.

Húmorinn sveif yfir vötnum megnið af dagskránni, sem var skemmtilega fjölbreytt og á köflum tilraunakennd. Eitt af fáum lögum eftir karla var Madamina úr Don Giovanni eftir Mozart. Þar eru sigrar hins samviskulausa flagara tíundaðir, til að sýna hvað konur hafa þurft að þola í gegnum tíðina. Venjulega er arían sungin af einum söngvara. Hér skiptu liðsmenn Olgu rullunni á milli sín og rödduðu undirspilið í leiðinni. Fyrir vikið var arían nánast óþekkjanleg. Kannski sneri Mozart sér við í gröfinni, en hverjum er ekki sama? Túlkunin var glettin og kom sífellt á óvart; greinilegt var að tónleikagestir skemmtu sér konunglega.

Hér er ekki pláss til að telja upp allt á dagskránni, en söngurinn var ætíð fallega mótaður. Smæstu blæbrigði voru oftast prýðilega útfærð. Ég hef fylgst með Olgu síðan hópurinn kom fyrst fram á sjónarsviðið fyrir nokkrum árum, og auðheyrt er að hann er í sókn. Fyrir skemmstu var skipt um tvo söngvara; þeir Arjan Lienaerts og Matthew Lawrence Smith eru nýir liðsmenn. Þeir eru báðir afar sterkir og flottir söngvarar. Breytingin er góð, tónleikarnir nú voru þeir bestu sem ég hef heyrt hjá Olgu. Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Eldfjörug dagskrá, fjölbreytt lagaval, flottur söngur.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 19. JÚLÍ 2018

### Tónlist

**Hvað?** KÍTÓN sumar í Hannesarholti
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
KÍTÓN kynnir með stolti sumartónleikaröð í Hljóðbergi Hannesarholts í samstarfi við Hannesarholt í sumar á fimmtudögum kl. 20 í júlí og ágúst. Það er tónlistarkonan Birta Rós Sigurjónsdóttir sem ríður á vaðið í dag.

**Hvað?** The Metropolitan Flute Orchestra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Skálholt
Í hljómsveitinni eru rúmlega þrjátíu flautuleikarar og leika þeir á sjö mismunandi gerðir af þverflautum, allt frá piccolo niður í kontrabassaflautu og spannar hvorki meira né minna en 6 áttunda raddsvið. Óhætt er að búast við einstökum hljómi og afar vönduðum tónlistarflutningi frá þessum glæsilega hópi.

**Hvað?** Mókrókar í Hörpuhorni
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Harpa
Mókrókar bregða á leik í fjórða og síðasta sinn í sumartónleikaröð sinni í miðbæ Reykjavíkur. Spiluð verður sú tónlist sem sveitin hefur unnið að í sumarstörfum í listhópum Hins hússins. Glöggir tónlistarunnendur þekkja Mókróka úr Músíktilraunum frá því í vor.

**Hvað?** Dillon Funk
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Hljómsveitin Mókrókar mun steikja allra heitustu og sveittustu fönk-lummurnar í matreiðslubókinni á fimmtudögum á Dillon. Aðgangur er ókeypis!

**Hvað?** GÓSS tónleikar – Gamla Kaupfélagið
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gamla Kaupfélagið, Akranesi
Tveir af ástsælustu söngvurum landsins, þau Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson, ætla annað sumarið í röð að leggja land undir fót og koma fram á nokkrum vel völdum tónleikum víðs vegar um land undir nafninu GÓSS. Með í för verður Guðmundur Óskar, bróðir Sigurðar og meðleikari Sigríðar úr Hjaltalín.

**Hvað?** Ásgeir Trausti - Hringsól
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Skyrgerðin, Hveragerði
Ásgeir heldur í fyrsta skipti í tónleikaferðalag um Ísland þar sem hann kemur fram á alls 14 tónleikum dagana 17. júlí til 1. ágúst. Á tónleikunum frumflytur hann m.a. glænýtt efni sem mun prýða hans þriðju plötu sem væntanleg er í upphafi næsta árs. Forsala er hafin á tónleikana á Miði.is. Miðaverð er krónur 4.500.

**Hvað?** Kimi í Mengi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Kimi er nýstofnað tríó búsett í Kaupmannahöfn sem hyggst einblína á flutning nútíma- og samtímatónlistar.

**Hvað?** Söngtónleikar Blærinn söng í björkunum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Stykkishólmskirkja
Söngkonurnar Kristín Einarsdóttir



Ásgeir Trausti stoppar við í Hveragerði í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mäntylä mezzosópran og Sigrún Björk Sævarsdóttir sópran munu koma fram ásamt píanóleikaranum Elenu Postumi en þær stunda allar nám við tónlistarháskólann í Leipzig.

### Viðburðir

**Hvað?** Kvöldganga: Gróska á Grandanum að fornu og nýju
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Grandagarði 8
Gróska á Grandanum að fornu og nýju er yfirskrift kvöldgöngu sem Sólveig Ólafsdóttir sagnfræðingur mun leiða um Grandann í kvöld. Þátttakendur eiga í vændum áhugaverða upplifun þar sem lykt og bragð verða í öndvegi. Ferðast verður fram og aftur um síðustu öld með viðkomu í almenningsböðum sem japönskum kaffihúsum, matthöllum og netageymslum. Lagt verður af stað frá Sjóminjasafninu í Reykjavík, Grandagarði 8, kl. 20. Gangan tekur um það bil eina og hálfa klukkustund og hentar öllum. Leiðsögnin fer fram á íslensku.

### Sýningar

**Hvað?** Einskismannsland: Leiðsögn listamanna
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið og Kjarvalsstaðir
Leiðsögn með Önnu Líndal og Unnari Erni J. Auðarsyni sem eiga verk á sýningunni Einskismannsland: Ríkir þar fegurðin ein? Aðgöngumiði á safnið gildir. Frítt fyrir handhafa Árskorts Listasafns Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.




# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur



**MASTERCHEF USA**
KL. 19:50
Gordon Ramsey og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þátttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.





**Frábær fimmtudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**


**NCIS**
KL. 20:35
Stórgóðir og léttir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.




**LETHAL WEAPON**
KL. 21:15
Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.





**ANIMAL KINGDOM**
KL. 22:00
Þau eru ekki öll þar sem þau eru séð og láta ekkert stoppa sig þegar gróðavonin er annarsvegar. Glæný og meinfyndin þáttaröð með Ellen Barkin í aðalhlutverki.

**THE HUNTSMAN: WINTER´S WAR**
KL. 22:00
Frábær ævintýramynd með Chris Hemsworth og Charlize Theron um hina illu Ravennu sem á í stríði við systur sína, Freyju.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr. **stod2.is**

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.45** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Sumar og grillréttir Eyþórs
**10.40** Hönnun og lífsstíll með Völu Matt
**11.05** The Heart Guy
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Gold
**14.55** Hanging Up Grátbrosleg kvikmynd frá 2000 með þeim Meg Ryan, Diane Keaton og Lisu Kudrow. Myndin fjallar um systurnar Eve, Georgiu og Maddy og pabba þeirra, hinn elliæra Lou. Samskipti þeirra gegnum árin hafa verið heldur snubbótt og einkum í gegnum símann. Dæturnar eru allar uppteknar af eigin lífi og það er helst Eve sem heyrir hljóðið í gamla manninum annað slagið. En ástandið kallar á umbætur og nú verða systurnar í fyrsta skipti að vera samstíga í lífinu.
**16.30** Enlightened
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Sportpakkinn
**19.00** Fréttayfirlit og veður
**19.05** Modern Family
**19.25** The Big Bang Theory
**19.50** Masterchef USA
**20.35** NCIS
**21.20** Lethal Weapon
**22.05** Animal Kingdom
**22.50** All Def Comedy
**23.20** The Tunnel. Vengeance Þriðja syrpa þessarra vönduðu bresku/frönsku spennuþátta sem byggðir eru á dönsku/sænsku þáttaröðinni Brúnni. Breski lögreglumaðurinn Karl Roebuck og franska lögreglukonan Elise Wassermann rannsaka snúin sakamál sem berast á borð til þeirra.
**00.15** Killing Eve
**01.05** Vice
**01.35** Girls
**02.05** Morgan
**03.35** Insecure
**04.05** Gold Skemmtileg spennumynd frá 2016 með Matthew McConaughey í hlutverki Kenny Wells, misheppnaðs kaupahéðins sem í leit að fljótfengnum auði fór ásamt jarðfræðingnum Michael Acosta til Indónesíu í gullleit. Eftir mikla erfiðleika og mótvind fundu þeir æð sem var á þeim tíma talin einn mesti gullfundur aldarinnar. En þá er sagan svo sannarlega ekki öll sögð ... Sagan í Gold er byggð á sönnum atburðum sem tengjast svonefndu Bre-X-máli, en það skók fjármálaheiminn hressilega á árunum 1995 til 1997.

### STÖÐ 2 SPORT

**08.30** Sumarmessan
**09.20** Fyrir Ísland
**09.55** Inkasso deildin
**11.35** Pepsí deild karla
**13.15** Pepsímörkin
**14.35** Goðsagnir efstu deildar
**15.25** Sumarmótin
**16.10** Mjólkurbikar karla
**17.50** Fyrir Ísland
**18.30** Premier League World
**19.00** UEFA - Forkeppni Evrópudeildarinnar
**21.15** Pepsímörk kvenna
**22.15** Pepsímörkin
**23.35** Sumarmessan
**00.25** Goðsagnir efstu deildar

### STÖÐ 3

**19.10** The New Girl
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Famous In Love
**21.35** The Detour
**22.00** Boardwalk Empire
**22.50** The Simpsons
**23.15** American Dad
**23.40** Bob's Burgers
**00.05** The New Girl
**00.30** Seinfeld
**00.55** Friends
**01.20** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Stóri og Litli
**07.13** K3
**07.24** Tindur
**07.34** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**07.48** Mæja býfluga
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Rasmus Klumpur
**09.55** Pingu
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Hvellur keppnisbíll
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** K3
**11.24** Tindur
**11.34** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**11.48** Mæja býfluga
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Rasmus Klumpur
**13.55** Pingu
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Hvellur keppnisbíll
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** K3
**15.24** Tindur
**15.34** Óskastund með Skoppu og Skítlu
**15.48** Mæja býfluga
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Rasmus Klumpur
**17.55** Pingu
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Hvellur keppnisbíll
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Lína Langsokkur



Mörgæsirnar frá Madagaskar kl. 08.24, 12.24 og 16.24

### GOLFSTÖÐIN

**18.55** PGA Special. This is Mackenzie Tour
**19.20** Golfing World
**20.10** Inside the PGA Tour
**20.35** PGA Special. This is Mackenzie Tour
**21.00** Barbasol Championship
**05.30** The Open Championship

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.40** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**14.15** Emma's Chance
**15.50** Along Came Polly Rómantísk gamanmynd frá 2004 með Ben Stiller og Jennifer Aniston. Ráðgjafinn Reuben Feffer vill alltaf hafa hlutina á hreinu. Allt fer því skiljanlega í rúst þegar eiginkonan heldur fram hjá honum í brúðkaupsferðinni.
**17.20** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**18.55** Emma's Chance
**20.30** Along Came Polly
**22.00** The Huntsman. Winter's War
**23.55** The Lobster
**01.55** Big Eyes
**03.40** The Huntsman. Winter's War

### RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
**13.50** Landakort
**13.55** 360 gráður
**14.25** Átök í uppeldinu
**15.05** Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur
**16.00** Orðbragð
**16.30** Grillað
**17.00** Þingvellir - þjóðgarður á heimsminjaskrá
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Begga og Fress
**18.13** Lundaklettur
**18.20** Ronja ræningjadóttir
**18.44** Flink
**18.47** Tulipop
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Hinseginleikinn
**19.55** Myndavélar
**20.05** Heimavöllur
**21.05** Fangar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Gullkálfar
**00.05** Veiðikofinn
**00.25** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**00.45** Touch
**01.30** 9-1-1
**02.15** Instinct
**03.05** How To Get Away With Murder
**03.50** Zoo
**04.40** Síminn + Spotify
**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.40** The Tonight Show
**09.20** The Late Late Show
**10.00** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.25** King of Queens
**12.50** How I Met Your Mother
**13.10** Dr. Phil
**13.50** American Housewife
**14.15** Kevin (Probably) Saves the World
**15.00** America's Funniest Home Videos
**15.25** The Millers
**15.50** Solsidan
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** Solsidan
**20.10** LA to Vegas
**20.35** Flökkulíf
**21.00** Instinct
**21.50** How To Get Away With Murder
**22.35** Zoo
**23.25** The Tonight Show

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 96,3 FM Suðurland | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,9 Lindin |
| FM 89,5 Retro | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 99,4 Útvarp Saga | |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 95,7 FM957 | FM 97,7 X-ið | FM 100,5 K100 | |






**Útsöluverð**

**Girðingaeining**
SALVIA ESPALE 1800x1800 mm.
**10.497**
0291412
Almennt verð: 14.995
**30% afsláttur**



**Útsöluverð**

**Blómakassi**
LILI 1 34x34x32 mm
**2.998**
0291835
Almennt verð: 5.995
**50% afsláttur**



**Útsöluverð**

**Sandkassi**
með sæti, 1500x1500 mm.
**10.397**
0291468
Almennt verð: 15.995
**35% afsláttur**



**40% afsláttur**

**Útsöluverð**

**Sláttuvél**
OY460P fjórgengismótor, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, 5 hæðastillingar, 60 lítra safnpoki.
**20.995**
53323130
Almennt verð: 34.995

OUYAO



**Útsöluverð**

**Garðhúsgögn**
Sófasett 4 stk. svart eða kremlitað.
**51.995**
41625113/9041
Almennt verð: 79.995
**35% afsláttur**

KENT A century of cycling



**Útsöluverð**

**Reiðhjól**
TRAIL BLASTER reiðhjól 24", 21 gíra, grænt, Shimano gírar.
**24.995**
49620076
Almennt verð: 39.995
**34% afsláttur**

barbecook



**Útsöluverð**

**Gasgrill**
SPRING 300 3B 11,4KW
**29.995**
50686930/1
Almennt verð: 49.995
**40% afsláttur**
kílóvött 11,4
brennarar 3

GRILLPRO



**Útsöluverð**

**Gasgrill**
Hefðbundið tveggja brennara gasgrill með hliðarborðum og efri hillu.
**18.995**
50657522
Almennt verð: 29.995
**37% afsláttur**
kílóvött 7,3
brennarar 2

**BYKO**
GERUM ÞETTA SAMAN

**Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land**

# Listaverk við listaverk


MIMRA er nýkomin úr tónleikaferðalagi og gefur brátt út nýtt lag. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

Tónlistarkonan **MIMRA** ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur þegar kemur að myndbandagerð við lögin sín en hún gaf á dögunum út „stop motion“ myndband og dvaldi í marga tíma í köldu vatni við tökur þess.




Tónlistarkonan María Magnúsdóttir, MIMRA, gaf út í vikunni myndband við lag sitt Sinking Island. Myndbandið er tekið upp í „stop motion“ sem þýðir að það er í raun unnið úr ljósmyndum – þetta eru 10 rammar á sekúndu, 3.000 ljósmyndir í þessu fimm mínútna myndbandi. Þetta er annað lagið af plötuna Sinking Island sem fær myndbandsmeðferð en MIMRA gaf líka út myndband við lagið Play with fire og vann þá með sama fólkinu og nú en þær eru Guðný Rós Þórhallsdóttir og Birta Rán Björgvinsdóttir, sem saman kalla sig Andvara.

„Mér finnst þetta eiginlega bara meistaraverk. Það er auðvitað fáránlega hæfileikaríkt kvikmyndagerðarfólk á bak við þetta. Ég kynntist þessum stelpum í raun þannig að ég sá myndband sem mér leist ótrúlega vel á og athugaði hver hefði gert það – það voru þær og ég hafði samband. Ég gaf þá út myndband við lagið Play with fire með þeim, það var singúll áður en ég gaf út plötuna mína. Þar vorum við líka að vinna með óhefðbundna kvikmyndagerð; myndbandið er ein taka þar sem ég geng aftur á bak og syng lagið líka aftur á bak. Það var mjög spennandi að vinna það þannig að ég ákvað að eftir að ég gæfi út plötuna myndi ég gera annað myndband með þeim og þá aftur svona annars konar hugmynd og úr varð „stop motion“ myndband.“

María segir að hún hafi valið þetta lag til að gera myndband við vegna þess að þetta er lagið sem henni þykir vænst um á plötunni – það er þó kannski ekki hefðbundið lag til að setja í myndband enda nokkuð langt og í alternative-stíl, ekkert hresst grípandi popp.

„Það var svolítið hugmyndin okkar við þetta myndband – þetta er ekki þetta standard popplag, þetta er svolítið „art“ popp og lagið er rúmar 5 mínútur að lengd. Mig langaði til að skapa listaverk við listaverk. Þetta er svo titillagið á plötunni og lagið sem mér þykir vænst um, mig langaði að fylgja plötunni almennilega eftir með svona listaverki.“

**ÞETTA ER SVOLÍTIÐ „ART“ POPP OG LAGIÐ ER RÚMAR 5 MÍNÚTUR. MIG LANGAÐI AÐ SKAPA LISTAVERK VIÐ LISTAVERK.**

Með Maríu í myndbandinu leikur hin 10 ára Embla Steinvör Stefánsdóttir og gerir listavel. Það var þó ekki auðvelt verk að koma myndbandinu saman – „stop motion“ kvikmyndagerð er nákvæmnis- og þolinmæðisvinna auk þess sem María þurfi að dúsa ofan í köldu vatni lengi vel.

„Þetta var ekki bara „rec“ heldur var verið að taka ljósmyndir allan tímann og mishratt eftir því hvað kameran leyfði. Þetta er ekkert lítið þolinmæðisverk – það er til að mynda atriði þar sem Embla gengur upp hlíð á eftir bolta og bara það atriði tók fjóra tíma. Við þurfum að hlaupa til og færa boltann stanslaust og hún að taka eitt lítið skref í einu. Þetta er nákvæmnisvinna. Ég var svo ofan í ísköldu vatni þarna við Rauðhóla alveg í hálfan dag og frekar vönkuð eftir það. Þetta var rosa „challenge“ en mjög skemmtilegt.“

María segist hafa fengið góð viðbrögð – fólk nefnir það sérstaklega við hana að myndbandið minni á eitthvað eftir leikstjórann David Lynch, enda stemmingin þarna nokkuð hörð og súrrealísk.

María segist vera farin að huga að næstu plötu.

„Ég er farin að hugsa – það er svo fyndið hvernig manni líður eins og maður þróist eftir hvert verkefni og ég ætla því að leyfa mér að flæða með það. Ég er svolítið hnitmiðaðri í næstu verkefnum, kannski meira popp. Það kemur líka nýtt lag frá mér í ágúst sem er popplag.“

María fékk styrk frá hljóðritasjóði STEF til að taka meira upp og einnig var hún valin bæjarlistamaður Garðabæjar á dögunum.

**stefanthor@frettabladid.is**

# Opnaðu á lægra eldsneytisverð!






**af hverjum lítra**
**í fyrsta sinn sem þú dælir**




**af hverjum lítra**
**á afmælisdaginn þinn**




**Allt að 11 kr. af hverjum lítra**
**með afsláttarþrepum Orkunnar**

Með því að nota Orkulykilinn tryggirðu þér lægra eldsneytisverð í hvert skipti sem þú dælir. Það er einfalt og fljótlegt að sækja um og virkja lykilinn. Nældu þér í Orkulykilinn og byrjaðu að spara.

**Sæktu um Orkulykil á orkan.is**

ORKAN



Úlfur Úlfur vakti mikla lukku meðal gesta hátíðarinnar. MYND/G!

# Fjör í fjörunni í Færeyjum



Aðalsvæðið er í flæðarmálinu þar sem fólk baðar sig í sjónum og hoppar svo í heitapottinn. MYND/G!

Tónlistarhátíðin G! Festival fór fram í bænum Götu í Færeyjum um helgina. Útsendari Lífsins var á svæðinu og staðfestir að þarna var mikið fjör á ægifallegum stað. Úlfur Úlfur, Eivör, Faithless og margir fleiri komu fram.



Eivør fór hamförum á sviðinu og sýndi hvers vegna hún er svona vinsæl. MYND/G!



Hamferð er Skálmöld í jakkafötum frá Færeyjum. MYND/G!




# ÚTSALA

ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVÖRUM

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM






FRÁBÆRT SUMARTILBOÐ!
2 FYRIR 1 AF VÖLDUM ÚTISTÓLUM










PIER

Skoðið úrvalið á
**www.pier.is**

Gildir 19. júlí -25. júlí. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Það myndast oft þægileg og jafnvel heimilisleg stemming á tónleikum á Kexi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Úr portinu í pakkann

Vegna framkvæmda við Kex hostel verður hin árlega KEXPort hátíð ekki á dagskrá í ár. Þess í stað verður hrundið af stað tónleikaröðinni Kexpakk sem mun fara fram innandyra og vonast aðstandendur til að um mánaðarlegt kvöld verði að ræða.

Kex Hostel mun fara af stað með glænýja tónleikaröð núna um helgina sem nefnist Kexpakk. Venjulega fer fram tónlistarhátíðin KEXPort akkúrat þessa helgi en vegna framkvæmda í og við portið er ekki unnt að halda þá hátíð að svo stöddu.

„Af því að það verður ekkert KEXPort þá fannst okkur alveg ómögulegt að vera ekki með neina tónleika í sumar, þannig að þá ákváðum við að halda þetta, búa til eitthvert konsept sem mig langar að sé sirka mánaðarlegt og fólk geti í raun bara gengið að því sem gefnu að mánaðarlega verði tónleikar. Þetta er geggjuð tónleikasería enda er mikil hefð fyrir góðum tónleikum hérna á Kexi og alltaf gaman að standa fyrir slíku. Það eru vikuleg djasskvöld hérna og mig langar líka að fá eitthvað mánaðarlegt – þetta er svona grunnurinn að því,“ segir Arnar Freyr Frostason hjá Kexi.

Á þessu fyrsta kvöldi verður poppið í fyrirrúmi og þá dugir ekkert minna en að kalla til rjómans í þeim geira – Herra Hnetusmjör, Bríet og Daði Freyr stíga á svið og leika dansvæna músík. Tónleikarnir munu fara fram inni á hostelinu og verður yfirbragðið svipað því þegar tónleikar eru haldnir þarna yfir Airwaves-hátíðina til að mynda.



Herra Hnetusmjör er einn vinsælasti poppari landsins um þessar mundir.



Bríet hefur upp sína fögru rödd. MYND/ANNA MAGGÝ GRÍMSDÓTTIR



Daði tekur sveiflu á orgelinu.

> ÞARNA VERÐUM VIÐ MEÐ STÓRA OG SMÁA TÓNLISTARMENN. KEXIÐ ER EINMITT SVONA STAÐUR ÞAR SEM MARGIR SEM NÚ ERU STÓRIR TÓKU SÍN FYRSTU SKREF.

„Þarna verðum við með stóra og smáa tónlistarmenn. Kexið er einmitt svona staður þar sem margir sem nú eru stórir tóku sín fyrstu skref. Það gæti óhjákvæmilega orðið þannig hjá okkur að hvert kvöld hafi sitt þema – þegar það er búið að bóka einn ákveðinn tónlistarmann þá mundi auðvitað liggja beint við að fá annan úr sömu stefnu.“

Tónleikar hefjast klukkan 20 á laugardagskvöldið, frítt inn og allir velkomnir. stefanthor@frettabladid.is





Varmadælur & loftkæling



Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44) f. íbúð ca 60m2.

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á VEFSÍÐUNNI OKKAR www.skornirthinir.is

ÖRUGG SKREF ÚT Í LÍFIÐ

í fyrstu skónum frá Biomecanics



Biomecanics-skórnir auðvelda börnum að taka fyrstu skrefin. Aukinn stuðningur frá hliðunum bætir jafnvægi og eykur stöðugleika. Börnin komast auðveldar áfram og af meira öryggi þökk sé sveigjanlegum sóla og sérstyrktri tá.

biomecanics

Stærðir: 18–24
Verð: **7.995**
Margir litir

skórnir þínir SMÁRALIND • 2 HÆÐ

GARÐS APÓTEK - í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - *í leiðinni*

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - *um land allt*

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is


F&F
FÆST EINGÖNGU Í
HAGKAUP
ÚTSALA
60-80%
afsláttur
af völdum vörum

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800
Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Helga Vífils Júlíussonar



# Lottóvinningur

Stundum rignir óverðskuldað skattpeningum árum saman. Við það ættu viðvörunarljós að kvikna. Enginn vinnur í lottói fimm ár í röð. Sveitarstjórnarmenn á höfuðborgarsvæðinu sýna því lítinn skilning.

Hvað er um að vera? Ekki voru skattar hækkaðir með tilheyrandi orðaskaki. Ekki má rekja lottóvinninginn til aukinna tekna hjá skattgreiðendum. Nei. Fasteignamat atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hækkaði hröðum skrefum á fáeinum árum eftir að reikniformúlu var breytt samhliða hækkunum á fasteignaverði, eins óspennandi og það hljómar. Þess vegna er auðvelt að hreyfa ekki við málinu. Hækkunin nemur ríflega 65 prósentum frá árinu 2014 til 2019.

Fasteignagjöld sveitarfélaga byggja á síhækkandi fasteignamati. Það er með ólíkindum að þegar fasteignagjöld hækka skarpt hafi sveitarstjórnarmenn ekki talið æskilegt að draga verulega úr álögum. Þeir hafa þó blessunarlega lækkað fasteignagjöld heimila í kjölfar hækkandi fasteignamats.

Rekstrarkostnaður fasteignafélaga er að stórum hluta fasteignagjöld. Arðsemi af rekstri þeirra þykir ekki mikil og því munu stjórnendur fyrirtækjanna reyna að velta auknum kostnaði út í leiguverð. Margir viðskiptavinir þeirra geta átt erfitt með að takast á við aukinn kostnað um þessar mundir. Forsvarsmönnum fyrirtækjanna þykir nóg um launaskriðið. Í ofanálag getur hærra leiguverð leitt til aukinnar verðbólgu því vitaskuld reyna leigutakar að velta auknum kostnaði út í verðlagið.

En að hækka leiguverð mun reynast skammgóður vermir fyrir fasteignafélög. Hærra leiguverð mun nefnilega leiða til hærra fasteignamats sem aftur mun skrúfa upp fasteignagjöldin. Og þá þarf að hækka leiguna enn á ný. Þetta er vítahringur sem leysa þarf með lægri álögum.








